

Ef ég stoppa – stoppar allt



Anita Briem er búsett í Los Angeles þar sem hún lifir og hrærist í heimi stórleikara. Hún segir ólíkt fyrir konur og karla að eldast í bransanum og hafði áhyggjur af hvernig hlutverk hún fengi eftir barnsburð.

➔30



Litríkur fatastill
ráðherra ➔64



Óheiðarleiki
á sumarkjól ➔24



Berst fyrir
embættinu ➔34

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • ATVINNA • FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlökönnum Gallup apríl-júní 2015

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Ertu í réttri stærð?

**KOMDU Í FRÍA
BRJÓSTAMÆLINGU**

VIÐ HJÁLPUM ÞÉR AÐ FINNA
BRJÓSTAHALDARA SEM HENTAR ÞÉR

20%

AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM UNDIRFÖTUM

Gildir út sunnudag

DEBENHAMS



DEBENHAMS SMÁRALIND

Triumph

COLLECTION


gorgeous

spirit

FEMILET

Regent

Veður



Í dag verða suðvestan 5 til 10 metrar á sekúndu og eitthvað mun rigna um allt land, en rigningin verður hvorki samfelld né í miklu magni. Hiti 4 til 8 stig. **SJÁ SÍÐU 50**

Undirbúið í langan tíma

SAKAMÁL Embætti héraðssaksóknara var um langa hríð með aðgerðir í undirbúningi vegna stórfelldra brota tveggja verktaka á höfuðborgarsvæðinu.

Níu manns voru handteknir í umfangsmiklum aðgerðum héraðssaksóknara og lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og Vesturlandi á þriðjudag vegna málsins. Farið var fram á gæsluvarðhald yfir sex hinna handteknun og féllst héraðsdómur á kröfuna yfir fimm þeirra.

Þetta var stóraðgerð. 40 lögreglumenn tóku þátt í henni.

Ólafur Þór Hauksson héraðssaksóknari

Ákveðið var að kalla til mannsteymi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu til að taka þátt í aðgerðum og kanna hvort um mannsal gæti verið að ræða.

„Það var vitað eitt og annað áður en farið var af stað. Það sem var vitað gaf tilefni til þess að kalla þá til og þær aðgerðir voru ekki hluti af aðgerðum okkar sem varða brot á skattalögum og bókhaldsbrot. Síðan er spurning um fjárdrátt, peningabætti og skjalafals. Rannsókn á eftir að leiða í ljós hversu mörg brot hafa verið framin,“ segir Ólafur Þór Hauksson héraðssaksóknari.

Ólafur segir of snemmt að setja fram kenningar um skipulagða glæpastarfsemi. „Það er ekki rétt að vera með fullyrðingar á þessu stigi og of snemmt að setja fram slíkar kenningar.“

Ólafur segir aðgerðir lögreglunnar hafa verið gerðar á sama tíma. „Þetta var stóraðgerð, fjörutíu lögreglumenn tóku þátt í henni auk sérfræðinga skatttrannsóknarstjóra og sérfræðinga í mansali. – kbg

Sundahöfn yfirfull af nýjum bílum



Á hafnarbakkanum Mikill munur er að horfa yfir hafnarbakkann við Sundahöfn núna (neðri mynd), frá því sem var árið 2010 (efri mynd). Sala nýrra fólkubíla tók mikinn kipp í fyrra, þegar riflega 14 þúsund nýir bílar seldust samanborið við um 9.500 árið áður. Þetta ár hefur farið vel af stað í bilasölu og voru 73 prósent fleiri bílar seldir á fyrstu tveimur mánuðum þessa árs en á sama tíma í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ríkið styrkir sveitarfélög á Austurlandi

STJÓRNSÝSLA Ríkisstjórnin ákvað í gær að veita fjórum sveitarfélögum á Austurlandi fjárstyrki, til að mæta útgjöldum vegna flóða og óveðurs í lok síðasta árs. Þar að auki fá þrjár ríkisstofnanir styrk af sömu ástæðu og einnig vegna afleiðinga Skaftárhlaups. Styrkirnir nema samtals tæplega 320 milljónum króna.

„Ljóst er að fjárhagslegt tjón sveitarfélaga var þó nokkurt og erfitt fyrir þau að takast á við það án stuðnings,“ segir Sigurður Ingi Jóhannsson forsætisráðherra.

Þau sveitarfélög sem fá styrk eru Fjarðabyggð sem fær rúmar 43 milljónir króna, Breiðdalshreppur fær 14 milljónir, Borgarfjörður eystri fær 1,5 milljónir og Djúpavogshreppur fær 1,7 milljónir. – þv

Sauðfjárþændur ósáttir við lyfjaskort í landinu

Nauðsynleg lyf fyrir sauðfé er ekki að finna í landinu, eða svo lítið til af þeim að það nægir ekki öllum. Sauðburður er á næsta leiti og mikilvægt að staðan lagist að mati sauðfjárþænda. Sjö hundruð þúsund lömb fæðast á hverju vori.

LANDBÚNAÐUR Grafalvarleg staða er komin upp í sauðfjarrækt. Þrígilt bóluferni sem þændur nota við að bóluferni fé fyrir sauðburð er ekki til í landinu.


Hörgull er á ormalyfjum fyrir fullorðin fé og sýklalyf við slefu í lömbum svo gott sem uppurið. Charlotta Oddsdóttir, formaður Dýralæknafélags Íslands, segir stöðuna erfiða.

„Tribovax er þrígilt bóluferni sem sauðfjárþændur nota fyrir sauðburð við að bóluferni gemlinga. Það þarf að bóluferni tvisvar með tveggja vikna millibili og ef seinni skammturinn er ekki til er vinnan unnin fyrir gýg,“ segir Charlotta. „Þessi lyfjaskortur er svo sem ekki nýr af nálinni en kemur nú á mjög slæmum tíma,“ segir hún jafnframt.

Stutt er í sauðburð hér á landi. Á hverju vori fæðast um 700 þúsund lömb og því í mörg horn að líta fyrir sauðfjárþændur, sem eru víðast hvar orðnir ugðandi yfir því að lyf verði ekki til staðar þegar sauðburður hefst af alvöru.

Þórarinn Ingi Pétursson, formaður Landssambands sauðfjárþænda, hefur ekki síður áhyggjur af stöðunni. „Þetta er auðvitað skandall, að innflytjendur þessara lyfja skuli ekki átta sig á dagatalinu og að það sé að koma vor,“ segir Þórarinn Ingi.

„Nú fer í hönd mikill annatími fyrir okkur sauðfjárþændur og þá skiptir gríðarlega miklu máli að í landinu skuli vera nauðsynleg lyf fyrir sauðburð.“



Stutt er í sauðburð en nauðsynleg lyf ófánleg. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Þetta er auðvitað skandall, að innflytjendur þessara lyfja skuli ekki átta sig á dagatalinu.

Þórarinn Ingi Pétursson, formaður LS



Þessi lyfjaskortur er svo sem ekki nýr af nálinni en kemur nú á mjög slæmum tíma.

Charlotta Oddsdóttir, formaður dýralæknafélags Íslands



Charlotta segir Ísland einfaldlega of lítið markaðssvæði fyrir markaðsleyfislyf og þetta ástand einkorðist ekki einungis við dýralyf.

„Það væri best ef við værum á sama markaðssvæði og hin Norðurlöndin. Við erum of lítið markaðssvæði fyrir þessa stóru aðila úti í heimi og við því verður að bregðast. Markaðsleyfislyf hér á landi eru mun færri en annars staðar á Norðurlöndunum,“ segir hún.

„Þetta er síðan einnig vandamál með önnur lyf og hefur maður heyrt lækna einnig tala um skort á lyfjum á sumum sviðum og það er miður,“ segir Charlotta Oddsdóttir að lokum við Fréttablaðið.

sveinn@frettabladid.is

Betri ferð fyrir betra verð - vita.is

Vorið á **Alicante** Verð frá: **14.900 kr.**
Á mann m.v. flugsæti aðra leið.
valdar dagsetningar í apríl og maí.

VITA | Skógarhlíð 12 | Sími 570 4444 | VITA.IS



HÚSASMÍÐJAN
HLUTI AF BYGMA

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ



Ókeypis ís í Skútuvoði
kl. 13-16 laugardag



60 ÁRA
1956 - 2016

Húsasmiðjan fagnar
60 ára afmæli



EVROPSKT GÆÐAMERKI
REIÐHJÓL FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA
MIKIÐ ÚRVAL FRÁBÆRT VERÐ!



34.900 kr

AUTHOR BELLO 16"
Reiðhjól 16" ál 6061 grind.
Tektro bremsur 855. 16"x1,50 dekk.
3901304

37.900 kr

AUTHOR ENERGY 20"
Reiðhjól 20" Energy 10"Hi-ten grind.
6 girá Shimano Revoshift skipting,
3901310/11

SÚPERTILBOÐ BLÓMAVALS

10 flottar rósir

1.999 kr
~~3.490 kr~~

Sýpris
1.499 kr
~~2.490 kr~~

BLACK & DECKER

14.995 kr

Rafmagnshekkklippa
450W, 50 cm blað,
klippir allt að 18 mm
5083686

25% afsláttur

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ

2.759 kr
~~3.679 kr~~

Hekklippur
22 cm
5084742

25% afsláttur af öllum
Jumbo, 3-8 þrepa
átröppum
5078885

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ

Verð frá
3.937 kr
~~5.249 kr~~

Álþrappa
3 þrepa, 150 kg
5078885

Gasgrill Weber Q1200, án vagns

39.990 kr

Vagn fyrir Weber Q1200

15.900 kr

Gasgrill
Weber Q1200, meðfæringlegt gasgrill,
frábært heima eða í ferðalagið. ,
Grillflötur: 32 x 42 cm, ryðfrír brennari
2,64 kW/h. Vagn seldur sér.
3000376

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ

55.900 kr
~~69.900~~

Broil King Monarch 320
8.8Kw- 3 Ryðfrír "Dual Tube" brennarar,
grill grind úr pottjárnri,
3000603

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ

49.990 kr
~~59.990~~

Broil King Royal 320
3 ryðfrír brennarar: 8,8 kW/h
Grillgrind úr pottjárnri
Grillflötur: 38 x 67 cm
3000604

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ

19.120 kr
~~23.900~~

Gasgrill Outback
Outback gasgrill,
2ja brennara. með hliðaborði. Grillflötur:
50x36 cm með tvískiptum brennara
3000225



Byggjum á betra verði

www.husa.is

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentavilur og myndavæðing. Úrval gætur verðs misgæft milli verslana

TÖLUR VIKUNNAR 10.04.2016 – 16.04.2016



4 konur
eru í 20 manna
stjórn Samtaka
atvinnulífsins.



222. sæti
skipar Háskóli
Íslands á lista Times
Higher Education
yfir bestu háskóla
heims.



25,3
sinum
kaupa konur sér fót og fylgihluti
á ári, en karlar 12,8 sinnum.



23%
landsmanna
eru fylgjandi lögleiðingu kanna-
bisefna, samkvæmt könnun MMR.

2,5% hagvexti

spáir AGS á Íslandi
á næstu árum.



14 tonn
vegur ný ofur-
tölva í húsnæði
Veðurstofunnar.



25
flugfélög
munu fljúga
til Íslands á
þessu ári.

Þrjú í fréttum Kynjahlutfall, síðareglur og utangarðsmenn

Kristín Ástgeirsdóttir

framkvæmdastýra Jafnréttisstofu
sagði það dapurlega ásynnd að
konur væru einungis fimmtungur
nýrtrar stjórnar
Samtaka
atvinnulífsins.
Samtökin væru
mjög valda-
mikið afl í
samfélaginu og
greinilegt væri að
karlar gæfu ekki svo glatt eftir.



Tryggvi Gunnarsson

umboðsmaður Alþingis

sagði á fundi með stjórnskipunar-
og eftirlitsnefnd, að brotalóm væri
á síðareglum ráðherra og að það
væri Alþingis að ganga eftir því að
þær yrðu lagaðar.



Hann ætlar ekki
að hafa frum-
kvæði að því
að kanna hæfi
fyrirverandi
forsætisráðherra
og tengsl hans við
aflandsfélag nema verulega mikið
nýtt komi í ljós í máli hans.

Sveinn Allan Morthens

forstöðumaður gistiskýlis

vill að utangarðsmenn borgi lítill-
ræði fyrir matinn og gistinguna
sem hingað til hefur verið ókeypis.
Þannig geti þeir haldið meiri reisn.
Hann segir þjónustuna við utan-
garðsmenn almennt
góða en ekki
nægilega mark-
vissa. Valdefling
sé ekki fólgin
í því að setja
menn í bómull
og tryggja að
þeir verði ekki fyrir
hnjaski í sinni neyslu.



Lífsnauðsynleg viðbrögð eru flokkuð sem lýtaaðgerðir

Leiti konur ekki á Landspítala fá þær brjóstnám ekki niðurgreitt. Formaður samtaka BRCA-arfbera segir ekki um lýtaaðgerð að ræða heldur leiðréttingu á erfðagalla. Aðgerðirnar eru niðurgreiddar víða erlendis.

HEILBRIGÐISMÁL Aðgerðir sem fyrir-
byggja krabbamein í brjóstvef eru
flokkaðar af Sjúkratryggingum
Íslands sem lýtaaðgerðir og fást ekki
niðurgreiddar. Talið er að einstak-
lingar með BRCA-stökkbreytingu
sú með um 80% líkur á að fá brjóst-
krabbamein. Sérhæfð brjóstamiðstöð
Kristjáns Skúla Ásgeirssonar brjóst-
skurðlæknis býður upp á fyrirbyggj-
andi aðgerðir en þjónusta þar er ekki
niðurgreidd af Sjúkratryggingum
Íslands. Umsækjendur fá höfnun á
grunni þess að ekki sé heimild fyrir
niðurgreiðslu í reglugerð um lýta-
lækningar. Leikkonan Angelina Jolie
vakti athygli á BRCA-stökkbreytingu
þegar hún gekkst undir fyrirbyggj-
andi brjóstnám árið 2013.

Inga Lilly Brynjólfssdóttir, formaður
BRAKKA, samtaka BRCA-arfbera á
Íslandi, segir að í flestum tilfellum fari
konur í fyrirbyggjandi aðgerðir. Eftir
að Kristján Skúli stofnaði brjóstamið-
stöð í Klínikinni í Ármúla fékk hún
símtal frá Landspítalanum og henni
var boðið að koma í aðgerð. Hún hafði
þó þekkt Kristján og treyst honum
sem lækni og ákveðið að fara til hans.
„Í raun er fremsti sérfræðingur lands-
ins ekki starfandi á Landspítalanum.
Ef konur vilja fara til hans þurfa þær
að borga fullt verð.“

Inga Lilly segir konu úr samtök-
unum hafa óskað eftir greiðsluþátt-
töku frá Sjúkratryggingum Íslands
fyrir aðgerð hjá Kristjáni. Svarið
hafði verið svohljóðandi að ekki væri
heimild í reglugerð um lýtalækningar
til að greiða slíkar aðgerðir. „Krefjist
þjónustan innlagnar á sjúkrahús skal
sjúkrahúsið þó ákveða hvort veita
skuli undanþágu,“ segir í reglugerð-
inni. Ýmsar aðgerðir sem flokkaðar

**Greiðslan virðist
fylgja húsinu sem
aðgerðin fer fram í, ekki
þeim sem ber genið.**


Inga Lilly Brynjólfss-
dóttir formaður
Brakka



eru til lýtalækninga eru þó niður-
greiddar, til dæmis brjóstaminnkun
vegna ofvaxtar.

Inga Lilly segir fyrirbyggjandi
aðgerðir settar undir vitlausan hatt.
Ekki sé um lýtalækningar að ræða
heldur leiðréttingu á erfðagalla.
„Greiðslan virðist fylgja húsinu sem
aðgerðin fer fram í, ekki þeim sem
ber genið. Þetta er stórunderlegt
vegna þess að þó að þetta kosti ein-
hvern pening er verið að spara ríkinu
margar milljónir í krabbameins-
meðferð. Í mínu tilfalli var sagt að
um 75-80% líkur væru á að ég fengi
brjóstakrabbamein,“ segir Inga Lilly.

Sigríður Snæbjörnsdóttir, fram-
kvæmdastjóri á Klínikinni Ármúla,
segir að ekki séu til heildstæðir sam-
ningar um aðgerðir á BRCA-konum
nema að litlum hluta. „Aðgerðir
sem gerðar eru utan stofnana, eins
og til dæmis Landspítalans, þurfa
að byggja á samningum við Sjúkra-
tryggingar til þess að aðgerð sjúk-
lings sé niðurgreidd. Víða erlendis eru
gerðar aðgerðir á BRCA-konum utan
stofnana en ekki hefur náðst sam-
ingur um það hérlandis, þrátt fyrir
að umræður hafi staðið um nokkurt
skeið,“ segir Sigríður. – hh



Fyrirbyggjandi skurðaðgerð getur minnkað líkur á brjóstakrabbameini um 97%.
NORDICPHOTOS/GETTY

Staðreyndir um BRCA

- Um 5% til 10% brjóstakrabba-
meina eru ættgeng og því veldur
stökkbreytt gen sem erfist frá for-
eldri til barns.
- Fyrirbyggjandi skurðaðgerð getur
minnkað líkur á brjóstakrabba-
meini um 97%.
- Konur með BRCA-stökkbreytingu

geta minnkað líkurnar á brjóstak-
krabbameini um 50% ef þær láta
fjarlægja eggjastokkana á barn-
eignaraldri.

- Samkvæmt erfðagreiningardeild
LSH hafa rúmlega 260 konur verið
greindar með breytingu í BRCA2.

12 milljarðar vinnudaga tapast

HEILBRIGÐISMÁL Verði meðferð
vegna þunglyndis og kvíða ekki
bætt getur það haft alvarlegar efna-
hagslegar afleiðingar á heimsvísu.
Þetta kemur fram í nýrri skýrslu
Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar-
innar, WHO, um afleiðingar þess að
taka ekki andleg veikindi alvarlega.

Þeim sem glíma við andleg veik-
indi hefur fjölgað verulega á undan-
förnum árum. Árið 1990 voru þeir
416 milljónir en árið 2013 var fjöld-
inn 615 milljónir.

Í viðtali við breska blaðið The
Guardian er haft eftir aðalfram-
kvæmdastjóra WHO, Margaret
Chan, að sjá verði til þess að allir
karlar, konur og börn fái aðgengi
að heilbrigðisþjónustu vegna and-
legra veikinda.

Nær tíu prósent jarðarbúa glíma
við andleg veikindi. Reiknað hefur
verið út að tólf milljarðar vinnudaga
tapist á hverju ári fram til ársins
2030 verði ekki brugðist við.

Höfundar skýrslunnar, sem birt
er í Lancet Psychiatry, hafa reiknað



Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin segir að séu andleg veikindi ekki tekin alvarlega
muni það hafa alvarlegar efnahagslegar afleiðingar. NORDICPHOTOS/GETTY

út að fyrir hvern dollara sem varið
er í betri meðferð við þunglyndi og
kvíða fást fjórir dollarar til baka
þar sem batinn verði skjótari og
viðkomandi komist fyrr til starfa.
Rannsóknin er meðal annars byggð
á kostnaði vegna heilbrigðismála í
36 löndum. Skýrsluhöfundar leggja

áherslu á að þótt vandamálið sé
ekki alls staðar jafnmikið þurfi öll
lönd að gefa því gaum.

Skýrslan var birt fyrir fund
Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í Wash-
ington núna um helgina. Meðal
fundarefna á dagskrá er hvernig
bæta má andlega heilsu. – ibs

UNDRAGÓÐ BLANDA

við BÓLGUM og
MEIÐSLUM!

PRÓFADU

Notað í árpúsundir
í kínverskum og
indverskum
náttúrulækningum

Gott við bólgum,
íþróttameiðslum og
slæmu blóðflæði



www.gengurvel.is

Fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum verslana

Reynsluaktu
nújum Hyundai

VIP PAKKI
FYRIR TVO Á EM

Vinnur þú ferð?



Aktu Hyundai til sigurs!

Þú gætir unnið VIP ferð á EM

Landsliðið er á fullu að undirbúa sig fyrir EM og þú átt möguleika á að fara þangað með þeim. Komdu og reynsluaktu nújum Hyundai og þá ferðu í pott og gætir unnið sannkallaða þjóðhátíðarferð með öllu á leik Íslands og Ungverjalands í Marseille þann 18. júní. Þann 31. maí verða dregnir út tveir vinningshafar sem hljóta hvor um sig ferð fyrir tvo til Marseille. Innifalið er flug, gisting, miðar á leikinn og ferðir með fararstjórn til og frá leikvanginum.

Hyundai er einn af aðalstyrktaraðilum UEFA EURO 2016



Hyundai i20. Bensín 1,1 lítrar, 75 hestöfl, eldsneytisnotkun 3,6 l/100 km*. Fleiri vélasterðir í boði. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

Hyundai / Kaupþúni 1 / Sími 575 1200 / www.hyundai.is

ENNEM / SIA / NM74335

EM 2016 / SIA / NM7234

*Váðmáunartölur framleiðanda um eidsneytisnotkun í blönduðum akstri.



Aðalfundur

DC 3 Þristavinafélagsins verður haldinn þriðjudaginn 3. maí 2016 kl. 17:30 í Víkingasal Hótel Natura í Reykjavík. Venjuleg aðalfundarstörf. Félagsmenn eru hvattir til að mæta. Stjórnin



Aðalfundur Vinnuvistfræðifélagsins

Verður haldinn þriðjudaginn 19. apríl n.k. í húsakynnum VÍS, Ármúla 3, 108 Reykjavík frá kl.17:00-18:30

Sagt verður frá öruggara vinnuumhverfi með rafrænni atvikaskráningu og breytingum á vinnuaðstöðu starfsmanna VÍS, en þar var lögð rík áhersla líðan starfsmanna og viðskiptavina.

Í framhaldi af kynningunni verður aðalfundur Vinnís haldinn. Boðið verður uppá léttar veitingar. **Skráning á Facebook Vinnís**

Allir áhugasamir velkomnir

Sjáum ykkur á aðalfundi Vinnís

Harðasti skjálfti í fimm ár



Hús datt Harður jarðskjálfti reið yfir suðvesturhluta Japans í gær, skammt frá borginni Kumamoto á eyjunni Kyushu. Verulegt tjón varð, meðal annars í bænum Mashiki þar sem þessi mynd er tekin. Skjálftinn mældist 7,1 stig og er sá harðasti frá árinu 2011 þegar skjálfti af stærðinni 9 varð í norðausturhluta landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Baráttan milli Clinton og Sanders harðnar

Nú fer að síga á seinni hluta forkosningatímabilsins í Bandaríkjunum. Bernie Sanders hefur verið á mikilli siglingu undanfarið en á þungan róður eftir. Næst er kosið í New York á þriðjudaginn. Demókratar eiga eftir að kjósa í 20 ríkjum.

BANDARÍKIN Forkosningarnar í New York á þriðjudaginn gætu skipt sköpum í kosningabaráttu Demókrataflokksins, þar sem nú sigur á seinni hluta hennar.

Þau Hillary Clinton og Bernie Sanders þóttu óvenju hranaleg og óvæginn í kappæðum á fimmtudagskvöldið. Sanders var gagnrýndur fyrir að vera of reiður en Clinton þótti ekki síður harðsnúin í gagnrýni sinni á Sanders.

Sanders sagðist meðal annars ekki efast um að Clinton væri hæf til þess að gegna embætti forseta Bandaríkjanna. Hins vegar efaðist hann um dómgreind hennar og tindi til ýmsar umdeildar ákvarðanir hennar.

Sanders krafðist meðal annars svara frá Clinton um hernað Ísraela á Gasasvæðinu árið 2014. Hann sagðist sjálfur styðja Ísraelsríki af heilum hug en vera engu að síður þeirrar skoðunar að Ísraelar hefðu beitt óhóflega miklu ofbeldi, og spurði beint hvort Clinton væri sömu skoðunar.

Hún kom sér hjá því að svara þeirri spurningu beint, en sagðist ætla að halda ótraud áfram að vinna að lausn á deilu Ísraela og Palestínuranna yrði hún forseti.

Enn eiga demókratar eftir að halda forkosningar í tuttugu ríkjum Bandaríkjanna, en repúblíkanar í sextán.

Mestu munar þar um New York, þar sem gengið verður til atkvæða á þriðjudaginn kemur, og Kaliforníu þar sem kosið verður 7. júní. Þann dag verða síðustu forkosningar flokkanna tveggja, og alls ekki víst að úrslitin ráðist fyrr en þá – eða jafnvel ekki fyrr en á landsþingum flokkanna í júlí.

Sanders hefur unnið sjö af síðustu átta forkosningum, en virðist eiga þungan róður fram undan samkvæmt skoðanakönnunum.

Fyrirfram virðist Sanders eiga litla möguleika gegn Clinton í New York á þriðjudaginn. Clinton mælist þar með vel yfir 50 prósentu stuðning

2.383

er fjöldi þeirra fulltrúa á landsþingi demókrata sem þarf til að ná kjöri sem forsetaefni flokksins. Enn á eftir að kjósa um 1.959 þeirra. Clinton þarf að tryggja sér stuðning 607 þeirra til að ná meirihluta en Sanders vantar 1.265.

en Sanders með um og innan við fjörtíu prósent.

Af repúblíkönum er það að fréttu að Donald Trump mjakast áfram nær sigrinum, þótt enn vanti töluvert upp á að hann sé búinn að tryggja sér meirihluta á landsþinginu. gudsteinn@frettabladid.is

ÚRVAL ÚTSÝN

OPIÐ Í DAG
LAUGARDAG, KL. 11-15

ÁFRAM SAMA LÁGA VERÐIÐ Í SÓLINA
FLUG, GISTING, ÍSL.FARARSTJÓRN OG TASKA

SUMARFRÍ VERÐ FRÁ **59.900 KR.**

Úrval Útsýn | Hlíðasmára 19 | 585 4000 | uu.is

NÝTT OG BETRA APP

FBL Smelltu þér á Fréttablaðsappið og lestu blaðið í símanum eða spjaldtölvunni hvar og hvenær sem er.

FRÉTTABLAÐIÐ

F&F



Buxur
2.650



Bolur
1.570



Samfestingur
2.950



VORIÐ ER KOMIÐ Í F&F

 Finndu okkur á
Facebook

Kringlan, Skeifan, Spöng, Garðabær, Smáralind,
Borgarnes, Njarðvík, Selfoss og Akureyri.

ATH! Allt vöruúrval fæst í Kringlunni, minna úrval í öðrum verslunum.

Eru allir eins í þínu fyrirtæki?



Morgunverðarfundur um fjölbreytni og rekstur fyrirtækja, þriðjudaginn 19. apríl kl. 9:00–11:00 á Grand Hótel Reykjavík

Rannsóknir sýna að fjölbreytileiki hefur góð áhrif á rekstur fyrirtækja, eykur starfsánægju og getur veitt samkeppnisforskot.

8:30 Skráning og morgunverður
9:00 Fundur settur

Hvers vegna fjölbreytni?

Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR

Fjölbreytileiki á vinnumarkaði

Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, dósent við Háskóla Íslands

Fjölmenning til framfara

Bára Mjöll Ágústsdóttir, forstöðumaður mannauðsdeildar Samskipa

Er fjölbreytni forréttindi?

Hlíf Böðvarsdóttir, fræðslustjóri Securitas

Hvað hefur íslenskur vinnumarkaður kennt okkur?

Reynslusögur starfsmanna IKEA

Hvað geta forstjórar gert?

Jón Ólafur Halldórsson, forstjóri Olís

Fundarstjóri er Ingrid Kuhlman, framkvæmdastjóri Þekkingarmiðlunar.

Skráning á vr.is eða í síma 510 1700.



Aflstöð Kárahnjúkavirkjunar í Fljótsdal var komin í fullan rekstur árið 2007 – uppsett afl er 690 MW. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Álverin hefðu tekið 90% meiri orku

Álver í Helguvík og á Bakka hefðu útheimt mun meiri orku en kísilverin sem eiga að rísa munu fá.

ORKUMÁL Hefðu áform um byggingu álvera í Helguvík og á Bakka gengið eftir hefði það útheimt tæplega þúsund megavött af orku, en orkuþörf tveggja kísilvera sem eru að taka þar til starfa á næstu misserum er aðeins tíundi hluti þess sem rekstur álveranna tveggja hefði útheimt.

Þetta kom fram í máli Harðar Arnarsonar, forstjóra Landsvirkjunar, á ársfundi fyrirtækisins á fimmtudag, sem gerði grein fyrir rekstri fyrirtækisins og þeim breytingum sem eru staðreynd í viðskiptaumhverfi fyrirtækisins.

Þar vísaði hann til áforna um uppbyggingu orkufreks iðnaðar í Helguvík og á Bakka sem hefur um árabil verið á teikniborðinu. Í stað álveranna hafa komið kísilver PCC á Bakka þar sem aflþörfin er 58 megavött (MW) fyrir fyrsta áfanga og hins vegar kísilvers United Silicon með aflþörf upp á 35 MW. Þetta eru tveir nýjustu viðskiptavinir Landsvirkjunar sem hefja rekstur á þessu og næsta ári.

Hörður lýsti því að eftirspurn eftir raforku fyrirtækisins væri meiri en hægt er að anna – og það eru ekki aðeins stóriðjufyrirtæki sem berja að dyrum. Það eru gagnaver sem hafa tekið til sín 30 MW frá árinu 2012 til dagsins í dag. Það er líka grænn iðnaður, aukin notkun rafmagns á almennum markaði, í ferðaþjónustu og rafvæðing í sjávarútvegi. Orkuskipti í samgöngum, nefndi hann einnig.

Þeirri spurningu var beint til Harðar á fundinum hvaða skilaboð stjórnendur Landsvirkjunar hefðu tekið til sín úr nýrri skoðanakönnun sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði fyrir verkefnisstjórn rammaáætlunar, og sýndi að sextíu prósent landsmanna væru andvíg því að virkja til að auka stóriðju á Íslandi en aðeins fimmtán prósent væru því fylgjandi.

Hörður sagði að niðurstaðan „mótaðist kannski af góðu efna-

Þyrfti Kárahnjúka og Neðri-Þjórsá til að brúa bilið

Sé orkunotkun álveranna tveggja sem byggja átti í Helguvík og á Bakka við Húsavík sett í samhengi við kísilverin sem þar rísa þá munar um 900 MW á orkuþörf þeirra.

- Uppsett afl Kárahnjúkavirkjunar er 690 MW.
- Uppsett afl þriggja virkjana í neðri hluta Þjórsár – Hvammsvirkjunar, Holtavirkjunar og Urriðafossvirkjunar – sem að óbreyttu verða í nýtingarflokki rammaáætlunar þegar hún verður samþykkt, er 220 MW.

Þannig að það fer mjög mikið eftir því í hvað orkan er notuð hver stuðningurinn er, og ég held að það sé hlutur sem við þurfum að taka tillit til.

Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar



hagsástandi“ en það væri áhugavert að í sömu könnun hefði komið fram að 75 prósent svarenda væru því fylgjandi að virkja fyrir fjölbreyttan iðnað, sem mikið eftirspurn væri eftir, og rúmlega 80 prósent fylgjandi því að virkja fyrir orkuskipti.

„Þannig að það fer mjög mikið eftir því í hvað orkan er notuð hver stuðningurinn er, og ég held að það sé hlutur sem við þurfum að taka tillit til,“ sagði Hörður í svari sínu. svavar@frettabladid.is

OPEL BÍLL ÁRSINS FRUMSÝNDUR Í DAG!



1975 | Bílabúð Benna | 2015



Sigurvegari frumsýndur milli kl. 12 og 16



Opel hefur varla haft undan að taka við verðlaunum og viðurkenningum, frá bílasérfræðinum jafnt sem neytendum, fyrir Opel Astra. Þar ber fyrst að nefna titilinn Bíll ársins 2016 í Evrópu.

Þessi margfaldi sigurvegari verður frumsýndur í Opel salnum, Tangarhöfða 8, Reykjavík og í sal Bílabúðar Benna, Njarðarbraut 9, Reykjanesbæ, í dag laugardaginn 16. apríl, á milli kl. 12 og 16.

Íþróttamaður ársins, Eygló Ósk Gústafsdóttir, mun afhjúpa bíl ársins hjá Bílabúð Benna í Reykjavík.

Ný Opel Astra.

Meira en þú átt að venjast.



Kæra sig ekki um meira sýndarsamráð

ÖBÍ er misboðið vegna þess hve lítið mark hefur verið tekið á innleggi bandalagsins við endurskoðun almannatryggingakerfisins. Nýtt kerfi festi fátækasta hópinn í fátæktargildru. Afþakka þátttöku í gerð frumvarps sem byggir á niðurstöðu meirihluta nefndarinnar.

STJÓRNSÝSLA Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) tekur ekki þátt í vinnu við gerð nýs frumvarps um endurskoðun almannatryggingakerfisins þrátt fyrir boð ráðherra þar um. „Það hvarflar ekki að okkur að taka þátt í frumvarpsvinnu sem við getum ekki skrifað undir mannréttinda vegna. Við getum ekki boðið fólki upp á svona kerfi,“ segir Ellen Calmon, formaður ÖBÍ.

Meirihluti nefndar um endurskoðun almannatryggingakerfisins skilaði skýrslu sinni til Eyglóar Harðardóttur, félags- og húsnæðismálaráðherra, 1. mars síðastliðinn. Fulltrúar minnihlutans og ÖBÍ skilðu séráliti.

Ellen segir vinnu hafna við gerð frumvarps sem byggir á niðurstöðum meirihlutans og ÖBÍ hafi verið boðið að taka þátt. „Við eigum að sitja þarna með sama fólkinu og við höfum setið með í nefnd í tvö og hálf ár.“ Allan þann tíma hafi ÖBÍ ekki komið neinni af sínum tillögum fram þrátt fyrir að hafa lagt til ítarlega skýrslu þar um. Skýrslan ber heitið „Virkt samfélag“ og var kynnt fyrir um ári en þar koma fram helstu breytingar sem gera þyrfti á almannatryggingakerfinu samhliða því að horfið yrði frá örorkumatskerfi yfir í kerfi sem byggði á starfsgetumati.

„Nú á sama fólk og sat í nefndinni að skrifa frumvarpið, nema nú er stjórnarandstöðunni ekki boðið að taka þátt,“ segir Ellen. ÖBÍ

Þetta er sýndarsamráð. Það er ekki hægt að sjá eða finna á félagsmálaráðherra að hún hafi nokkurn tímann ætlað að hlusta á okkar tillögur.

Ellen Calmon, formaður Öryrkjabandalags Íslands



er boðið upp á að sitja í hópi sem lokað hafi eyrunum fyrir tillögum samtakanna í tvö og hálf ár. Þeim hjá ÖBÍ misbjóði að ekkert mark hafi verið tekið á faglega unnum tillögum heildarsamtaka fatlaðs fólks og örorkulífeyrisþega, með 41 aðildarfélag og 30 þúsund manns undir. „Þetta er sýndarsamráð. Það er ekki hægt að sjá eða finna á félagsmálaráðherra að hún hafi nokkurn tímann ætlað að hlusta á okkar tillögur.“

ÖBÍ gerir fjölda athugasemda við tillögur meirihlutans. Þar á meðal eru gagnrýndar auknar skerðingar á þann hóp fólks sem hafi minnsta starfsgetu. „Við getum ekki sætt okkur við að festa eigi fátækasta fólkið í fátæktargildru og ekki veita því neina möguleika á að afla sér aukatekna.“

Þá verði, samkvæmt tillögum



Núna er kerfið þannig að þeir sem ekki geta unnið fulla vinnu sökum skertrar starfsgetu geta sótt um örorkulífeyri hjá Tryggingastofnun. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

meirihluta nefndarinnar, ekkert þak sett á þær tekjur sem fólk með 50 prósentu starfsgetumat megi vinna sér inn. „Þú getur verið með 800 þúsund krónur á mánuði og færð samt borguð 50 prósent frá Tryggingastofnun. Þetta er algjörlega galin hugmynd,“ segir Ellen. Í fyrsta lagi eigi almannatryggingar ekki að þurfa að greiða til fólks með rifandi tekjur og í öðru lagi sé vandseð hvernig haga eigi eftirliti með þessum málum. „Það er algjörlega órátt.“ ollikr@frettabladid.is

Óttast fjölgun bótaþega


Kallað er eftir fleiri þrepum en tveimur í starfsgetumati í umsögnum bæði Sambands íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar við skýrslu nefndar um endurskoðun almannatryggingakerfisins. Án viðbótarþreps sé viðbúið að fjölgi í þeim hópi sem óski eftir fjárhagsaðstoð frá sínu sveitarfélagi, enda liggja fyrir að framboð og aðgengi að

hlutastörfum sé misjafnt. Kallað er eftir að áhrif nýs starfsgetumats á fjárhag og stjórnsýslu sveitarfélaga verði greind með formlegum hætti. „Óeðlilegt er að annað stjórnsýslustigið skerði einstaklingsbundin réttindi til þess eins að auka útgjöld hins stjórnsýslustigsins,“ segir í umsögnum bæði sveitarfélaganna og borgarinnar.



Landsbankinn greiðir arð til samfélagsins

Arðgreiðslur Landsbankans í milljörðum króna.



og greiðir á fjórum árum samtals 82 milljarða í arð, þar af rúmlega 98% til ríkissjóðs.

Landsbankinn.is



NÝR VOLVO XC90 T8

Við kynnum Volvo XC90 með T8 tvinnvél sem er 407 hestöfl en eyðir einungis 2,1 l/100 km. Verð frá 12.690.000 kr.

**Komdu í Brimborg
Reynsluaktu bíl ársins 2016**

Vertu í fararbroddi með framúrskarandi öryggi, umhverfisvitund og sparneytni.

**MADE BY SWEDEN
VOLVOCARS.IS**



Volvo XC90 T8 býður upp á samsetningu af afli, eyðslu og losun sem ekki hefur verið í boði áður. Aflíð er geysimikið eða 407 hestöfl og fæst með rafmótor og bensinvél. Hröðunin er 5,6 sekúndur frá 0-100 km/klst og tugið er 640 Nm. Eldsneytiseyðsla T8 tvinnvélarinnar í blönduðum akstri er aðeins 2,1 l/100 km og CO₂ losunin er einungis 49 g/km. Frá því að Volvo XC90 var frumsýndur hefur hann fengið yfir 100 verðlaun um heim allan, þar á meðal titilinn bíl ársins 2016 á Íslandi. Volvo XC90 er fjórhjóladrifinn, 7 manna lúxusjeppi með mikla veghæð eða 23,7 cm undir lágsta punkt. Hann býr jafnframt yfir fullkomnasta öryggis-staðalbúnaðinum á markaðnum. Það kemur því ekki á óvart að hann var valinn öruggasti jeppinn í sínum flokki árið 2015 af umferðar- og öryggisstofnuninni Euro NCAP. Komdu í Brimborg og reynsluaktu bíl ársins 2016 á Íslandi. Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



8 LIÐA ÚRSLIT KARLA

| | | |
|--------------------------|---------------------------|-----------|
| AKUREYRI - HAUKAR 0-1 | 16. apríl KA-heimilið | kl. 16.00 |
| GRÓTTA - ÍBV | 17. apríl Hertz-höllin | kl. 16.00 |
| FRAM - VALUR 0-1 | 17. apríl Framhús | kl. 16.00 |
| FH - AFTURELDING 0-1 | 17. apríl Kaplakriki | kl. 19.30 |

2. UMFERÐ

#olisdeildin



Mansalshringur upprættur

MANSAL Bresk og rúmensk lögreglu-yfirvöld ásamt Europol og Eurojust hafa upprætt rúmenskan kynlífs-mansalshring í Skotlandi. Aðgerðir lögreglunnar fóru fram þann 8. apríl í Skotlandi og fólu í sér fjórar húsleitir, einn var handtekinn og enn á eftir að handtaka fleiri grunaða. – kbg

Skortur á bjór á Kúbu

KÚBA Kúbverjar hafa ekki undan við að brynna þyrstum ferðamönnum. Vegna aukins fjölda þeirra ríkir nú bjórskortur á eyjunni. Ferðamönnum á Kúbu fjölgaði um sautján prósent milli 2014 og 2015. Í maí hefst ferjusiglingar milli Flórída í Bandaríkjunum og Havana á Kúbu samtímis því sem bandarísk flugfélög keppa um hvert þeirra hefji fyrst flug þangað.

Kúbverjar sjá fram á að þurfa að reisa nýja bruggverksmiðju vegna aukinnar eftirspurnar. – ibs

Neitun læknis ekki mismunur

SVÍPJÓÐ Karlkyns læknir í Svíþjóð neitaði konu um læknisskoðun þar sem hún vildi ekki heilsa honum með handabandi af trúarlegum ástæðum. Læknirinn vísaði þá konunni til kvenkyns læknis.

Konan kærði hann fyrir mismunur. Héraðsdómur úrskurðaði að um mismunur hefði verið að ræða en nú hefur millidómstigi úrskurðað svo hafi ekki verið. – ibs

Próun á verði á Brent-hráolíu frá áramótum



Heimilin hafa notið góðs af lækkunum

Helstu oliuframleiðendur heims funda á morgun um möguleika á samstilltu átaki til að sporna gegn offramboði á olíu. Niðurstaða fundarins gæti hækkað eða lækkað oliuverð. Oliuverð náði hæstu hæðum í vikunni meðal annars vegna væntinga um fundinn.

EFNAHAGSMÁL Íslensk heimili hafi notið góðs af lækkun á verði á hráolíu. Ef oliuverð hækkar á ný mun bensínverð hækka og verðbólga einnig sem myndi hafa áhrif á húsnæðislán. Þetta segir Erna Björg Sværisdóttir, sérfræðingur hjá greiningardeild Arion banka.

Oliuverð varð í vikunni það hæsta sem það hefur verið á árinu eftir að hafa farið stíglækkandi frá því í ágúst 2014. Í mars sögðu forsvarsmenn Alþjóðaorkumálastofnunarinnar að vísendingar væru um að hrávöruverð á olíu væri að verða stöðugt á ný og kæmi jafnvel til með að hækka.

Allir helstu hagsmunaaðilar í olíuframleiðslu funda saman á sunnudaginn. Miklar væntingar eru gerðar til fundarins þar sem ræddur verður möguleikinn á samstilltu átaki til að sporna gegn offramboði. Það gæti komið til með að hækka oliuverð á ný.

Erna Björg segir að oliuverð hafi bæði bein og óbein áhrif á íslensk heimili. „Hið almenna íslenska heimili hefur notið góðs af lækkunum. En ef einhverjir hafa hag af því að oliuverð sé hærra þá getur þetta haft neikvæð áhrif á þá,“ segir hún.

„Beinu áhrifin á íslensk heimili eru í gegnum rekstur bifreiða. Greiningardeildin fjallaði um það í febrúar að rekstur bifreiða teljist ellefu prósent af neyslu heimila og áætlað að af þessu sé helmingurinn bensínverð. Áætla má þá að heimilin hafi sparað sjö milljarða króna í fyrra á oliuverðlækkun,“ segir Erna.

„Það má líka gera ráð fyrir því að oliuverðslækkun, lækkun á hrávöru og styrking krónunnar hafi gefið fyrirtækjum landsins ákveðið svigrúm til að takast á við launahækkunarir. Þetta hefur haldið aftur af verðbólguþrýstingi sem hefur áhrif á heimilin í gegnum verðtryggð lán. Mörg heimili eru með slík lán. Ef oliuverð stendur í stað eða hækkar gæti því verðbólga stigið upp á við sem hefur áhrif á húsnæðislán,“ segir Erna. „Bensínverð er nú þegar aðeins farið að þökast upp.“

Hún telur að oliuverð í framtíðinni velti mikið á fundinum á



Oliuverð náði í vikunni hæstu hæðum á árinu eftir að hafa farið stíglækkandi frá því í ágúst 2014. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Það má líka gera ráð fyrir því að oliuverðslækkun, lækkun á hrávöru og styrking krónunnar hafi gefið fyrirtækjum landsins ákveðið svigrúm til að takast á við launahækkunarir.

Erna Björg Sværisdóttir, sérfræðingur í greiningardeild Arion



7 milljarða króna spöruðu íslensk heimili í fyrra vegna lægra oliuverðs.

sunnudaginn. „Ég gæti trúað því að ef ekki verður komist að samkomulagi muni oliuverð eitthvað lækka í kjölfarið,“ segir Erna Björg Sværisdóttir. saeunn@frettabladid.is



MORGUNMÁLÞING VINNUMÁLASTOFNUNAR

Miðvikudaginn 20. apríl klukkan 9-12 í Gamla bíó

Þörf vinnumarkaðarins fyrir erlent starfsfólk – áskoranir og ávinningur

Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, setur fundinn. Stjórnandi málþings: Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar.



Erindi:

Þörf vinnumarkaðarins fyrir erlent starfsfólk
Karl Sigurðsson, sérfræðingur hjá Vinnumálastofnun

Félagsleg undirboð á vinnumarkaði
Dr. Hallfríður Þórarinsdóttir, forstöðumaður Mirra

Birtingarmynd vinnmansals á Íslandi
Alda Hrönn Jóhannsdóttir, aðallögfr., Lögreglustj. á höfuðborgarsvæðinu

Sjónarmið stéttarféлага
Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ

Friðs för og þjónustuviðskipti - áhrif þess á samkeppnisstöðu atvinnulífsins
Ragnar Árnason, forstöðum. Vinnumarkaðssviðs SA


Að loknum erindum verða pallborðsumræður frummælenda.

Skráning á www.vnmst.is

Fyrirmyndarþjónusta

Virðing

Áreiðanleiki



Nº30
2016

Listahátíð
í Reykjavík



Hátindar á ferli Helga San Francisco ballettinn í fyrsta sinn í Eldborg



Tryggðu þér sæti tímanlega
Miðasala er hafin á harpa.is & tix.is

San Francisco ballettinn, undir stjórn Helga Tómassonar, sýnir valda kafla úr nokkrum af dádustu verkum flokksins ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands á Listahátíð vorið 2016.

Sýningar verða 28. – 30. maí
í Eldborgarsal Hörpu.

Stofnaðilar og bakhjarlar Listahátíðar



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

TVG-ZIMSEN
FLU THINGSSÍÐLUN

ICELANDAIR

Arion banki

CENTER
HOTELS

LEXUS



GARDHEIMAR

KRAKKAR!
KOMIÐ OG SÁIÐ FYRIR YKKAR
EIGIN SUMARBLÓMUM

Vorgleði Garðheima

Frábærir gestir, fróðleikur og tilboð

15 - 30% afsláttur

KRYDDPLÖNTUR ★ GARÐHÚSGÖGN ★ GRILL ★ KLIPPUR
SLÁTTUVÉLAR ★ VERMIREITIR ★ VERKFÆRI ★ VORLAUKAR
HORNUM BLÓMANÆRING ★ BELCANDO GÆLUDÝRAFÓÐUR

TILBOÐ

- ★ RÓSABÚNT 980KR
- ★ BEGONÍA 1.280KR
- ★ BLÓMSTRANDI MUSCARI 490KR
- ★ HIMALAJA EINIR 2.280KR
- ★ BLÁKORN 10KG 2.330KR
- ★ TÚRBÓKALK 25KG 2950KR
- ★ GRÓÐURMOLD 70L 2.380KR

LAUGARDAG OG SUNNUDAG 13-16

GRILLAÐAR PYLSUR Í BOÐI 

ÍSPINNAR Í BOÐI 

BLÖÐRUR FYRIR BÖRNIN

DAGSKRÁ VORGLEÐI

LAUGARDAGUR

- › 12:00 VILMUNDUR HANSEN GARÐYRKJUFRAEÐINGUR
HELDUR FYRIRLESTUR UM RÆKTUN GRÆNMETIS OG MATJURTA
VILMUNDUR ER ÁFRAM TIL SKRAFS OG RÁÐGERÐAR TIL KL 16
- › 13 TIL 16 MARTA MARÍA JÓNSDÓTTIR LANDSLAGSARKITEKT
VEITIR RÁÐLEGGINGAR VARÐANDI SKIPULAGNINGU Á GÖRÐUM
- › 13 TIL 16 LEIKNIR OG TINNA GARÐVERKTAKAR FRÁ DRAUMAGÖRÐUM
VEITTA RÁÐGJÖF UM KLIPPINGAR OG ÝMIS VORVERK Í GARÐINUM
- › 14 TIL 16 AUÐUR RAFNSDÓTTIR
KYNIR NÝÚTKOMNA BÓK SÍNA UM KRYDDJURTARÆKT

SUNNUDAGUR

- › 13 TIL 16 ELÍSBET FRÁ EFNAGREININGU
VEITIR RÁÐGJÖF VARÐANDI EFNAGREININGU Á JARÐVEGI
- › 13 TIL 16 VILMUNDUR HANSEN GARÐYRKJUFRAEÐINGUR
VEITIR RÁÐGJÖF UM GARÐYRKJU
- › 13 TIL 16 KRISTINN ÞORSTEINSSON
KYNIR STARFSEMI GARÐYRKJUFÉLAGS ÍSLANDS



GARÐHEIMAR

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

Betra líf



Kristin Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Maður og vél hafa lengi markað átakalínur í pólitík. Verkalýðsbarátta snýst gjarnan um tilvik þar sem vinnuveitendur hafa sagt upp starfsfólki vegna þess að vélar hafa leyst mannshöndina af hólmi.

Gott dæmi frá Bretlandi á níunda áratug síðustu aldar var þegar Rupert Murdoch, eigandi News International, nú Sky, sem á þeim tíma rak meðal annars dagblöðin Times og The Sun, flutti prentun blaðanna í skjóli nætur í nýja verksmiðju í Austur-Lundúnum. Þar með fækkaði starfsmönnum sem unnu við prentun blaðanna í einni svipan. Einn maður kom í stað fjögurra.

Aðgerðin var umdeild og breskt samfélag stóð í ljósum logum. Það jafnaði sig með tímanum – nú heldur varla nokkur málsmetandi manneskja því fram að í prentið skuli horfið til fyrri vinnubragða.

Leigubílstjórum dagsins í dag stendur ekki einungis ógn af snjallforritinu Uber, heldur einnig ökumannslausum bifreiðum, sem koma á markað innan tíðar. Óumdeilt er að Uber hafi umbylt bæði upplifun farþega og snarminnkað kostnað við leigubílaferðir. Því er erfitt að sjá rök fyrir því að leigubílarekstur eigi að njóta sérstakrar ríkisverndar eða fá vernd fyrir tækninýjungum.

Nýjustu fiskiskip afkasta margfalt miðað við það sem áður var. Þeim má líkja við fljótandi tækniundur. Burðargeta fullkornustu loðnuskipa er fjórföld á við það sem hún var fyrir aldarfjórðungi. Þegar vel veðið eru þau jafnfljót að fylla sig. Mun færri eru í áhöfninni. Afköstin á hvern fiskimann hafa í sumum tilfellum tífaldast.

Sama þróun á sér stað á botnfiskveiðum. Afköst togaranna eru miklu meiri en áður var og skipverjar færri. Á síðutogara voru 30 kallar um borð en á nýjustu glæsifleyjunum, sem eru margfalt stærri, er gjarnan sex til átta manna áhöfn, karlar og konur. Afinn er stundum fullunninn úti á sjó. Fyrir vikið fækkar störfum við vinnslu í landi.

Fiskveiðar eru orðnar hátæknigrein sem æ færri hendur koma að.

Alþjóðlega endurskoðunarfyrtækið Deloitte hefur rannsakað áhrif tækninýjunga á vinnumarkaðinn. Niðurstaðan var afgerandi. Tækninýjungar verða ekki til þess að störfum fækki, heldur skapast ný störf sem vega upp á móti þeim sem úreldast. Stórkostlega hefur dregið úr hefðbundinni erfiðisvinnu, en í staðinn hafa skapast störf við þjónustu, umönnun, menntun og listir.

Svokölluðum afþreyingarstörfum fjölga mest. Þau tengjast gjarnan skemmtistöðum, veitingahúsum eða knæpum. Skýrsluhöfundar, sem hafa verið tilnefndir til fjölda alþjóðlegra verðlauna, skýra þróunina með því að fólk hafi meiri frítíma en áður og meira laust fé til að eyða í þjónustu sem ef til vill telst ekki lífsnauðsynleg.

Með öðrum orðum, eftir því sem tækninni fleygir fram hafa lífsgæði batnað stórkostlega. Störfin eru manneskjulegri en áður og fólk finnur sér farveg þótt breytingar til skamms tíma geti verið sárar.

Í grófum dráttum fer daglegt líf batnandi, þótt vissulega geti stundum verið erfitt að skynja það í umræðu hversdagsins.



Aðgerðin var umdeild og breskt samfélag stóð í ljósum logum. Það jafnaði sig með tímanum.

Gunnar



Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir

Íslendingar eru dónalegir, óhófsamir, þjófóttir villimenn



Það var bjartur, kaldur apríldagur og klukkan var að slá þrettán. “Svo hefst skáldsagan Nitján hundruð áttatíu og fjögur eftir George Orwell. Svo margt er líkt með dystopíu Orwells og viðbrögðum íslenskra stjórnvalda við Panama-skjölunum, sem leiddu í ljós að nokkrir ráðamenn okkar luma á leynilegum aflandsreikningum, að meira að segja upphafsorð bókarinnar gætu verið byrjunin á opinberri sögu Framsóknarflokksins á atburðunum. Í stað þess að bregðast við staðreyndum reyndu stjórnvöld að heilapvo liðið og fullyrða að tveir plús tveir væru fimm: Tortóla er ekki skattaskjól, RÚV er að leggja forsætisráðherra í einelti, það er flókið að eiga peninga á Íslandi, hvítt er svart og svart er fjólublátt.

En þótt Sigmundur Davíð hafi að endingu hrökklast úr embætti forsætisráðherra virðist Framsókn enn leita í smiðju drottandi dávalds í anda Stóra bróður til að stýra almenningsálitinu.

Ásjóna bananalýðveldis

Okkur Íslendingum hefur löngum verið annt um imynd okkar út á við. Við viljum vera vönd að virðingu okkar og það skiptir okkur máli hvað fólk úti í hinum stóra heimi finnst um okkur. Mörgum sveið því sárt hvernig hlegið var að okkur í erlendum fjölmiðlum síðustu vikur.

Fyrsta verk nýs utanríkisráðherra, Lilju Alfreðsdóttur, var hins vegar að ítreka að tveir plús tveir væru enn þá fimm. Þótt aðeins nokkrir dagar væru liðnir frá því að Panama-leikinn varð heimsbyggðinni ljós virtist ráðuneyti hennar ekki eiga í minnstu erfiðleikum með að fullyrða að málið hefði á engan hátt skaðað íslenska imynd erlendis.

Tíminn mun leiða í ljós langtímaáhrif þeirrar pólitísku krísu sem ríkir hér á landi. Þar til liggur fyrir hvort Íslandi takist að hrista af sér ásjónu bananalýðveldis getum við hins vegar yljað okkur við þá staðreynd að imynd landsins hefur verið verri.

Op niður til helvítis

Þótt í eldgamla daga hafi Ísland verið afskekkt og einangrað land slysaðist hingað annað slagíð fólk frá útlöndum. Það sem blasti við fannst ferðalöngunum flestum alveg störfuðulegt. Nokkrir gestanna skrifuðu ferðabækur um upplifun sína af Íslandi. Voru lýsingar á landi og þjóð stundum eins og klipptar út úr ævintýri. Oftar voru þær þó svo neikvæðar að Íslendingar urðu sármóðgaðir.

Svona kom Ísland útlendingum fyrir sjónir á 17., 18. og 19. öld samkvæmt helstu ferðabókum erlendra gesta:

- Á Íslandi má finna op ofan í jörðina sem nær alla leið niður til helvítis
- Íslendingar eru dónalegir og villimannlegir
- Þeir eru líka lúsugir
- Allir eru þeir göldróttir og margir dýrka djöfulinn
- Íslendingar eru svikulir og þjófóttir, deilugarnir, illviljaðir og hefnigjarnir
- Óhófsamir, lostafullir og saurlífir búa þeir í moldarkofum ofan í jörðinni
- Já, eða hellum í klettunum
- Frítt konuandlit er sjaldséd á Íslandi
- Konur og karlar klæða sig auk þess alveg eins
- Íslendingar eru drykkfelldir og þegar þeir eru komnir í glas syngja þeir rammfalskt hver með sinu nefi
- Og verst af öllu: Íslendingar eru hræðilegir dansarar. Það sem þeir kalla dans er þegar karl og kona standa andspænis hvort öðru og hoppa upp og niður án þess að hreyfast úr stað

Það er rétt hjá utanríkisráðuneytinu, við gætum verið þekkt fyrir eitthvað miklu verra en að vera bananalýðveldi. Og munum: Tveir plús tveir eru fimm, stríð er friður, frelsi er ánauð og fáfræði er máttur.

XPRENT

- hönnun og merkingar





Allt á einum stað:

Prentun, merkingar og frágangur.
Inni- og útimerkingar.
Segl- og límmiðaprentun.
Ljósmynda og strigaprentun.
Segulmerki, textaskraut og sandblástursfilmur.
Banner-up standar og harðspjöld.
GSM hulstur og margt fleira...

PRENTUN
HÖNNUN
MERKINGAR
xprent.is

Xprent ehf - Sundaborg 1 - 104 Reykjavík - Sími 777-2700 - email: konni@xprent.is

Ný stjórnarskrá efnahagslífsins



Árni Páll Árnason
formaður
Samfylkingarinnar

Áttundir síðustu vikna hafa sýnt okkur að brýn þörf er nú á að gera grundvallar-breytingar á leikreglum íslensks efnahagslífs. Við getum ekki lengur blekkt okkur með því að framganga nokkurra einstaklinga í viðskiptalífnum í aðdraganda hruns hafi verið orsök efnahagslegs skipbrots og að með því einu að taka þá úr umferð og skipta um menn í æðstu stöðum væri hægt að gera fullnægjandi úrbætur. Við þurfum að setja efnahagslífinu mörk með alveg nýjum hætti.

Vafningar og snúningar

Um áratugaskeið höfum við séð vel tengda viðskiptamenn auðgast vegna þess að stjórnmalamenn hafa tryggt þeim aðgang að takmarkaðri aðstöðu eða ríkiseignum. Í skjóli þessa hefur vaxið og dafnað hér á landi sérstök tegund kapítalista – þeirra sem nærast á annarra manna fé og leggja meiri áherslu á taumlausan arð í eigin vasa en raunverulega sköpun verðmæta sem nýtast samfélaginu öllu. Það er þessi tegund sem flykktist í skattaskjól til að forðast að leggja af mörkum eftir efnum. Það er líka í þessum anda sem bankar bjuggu til vafninga og snúninga til að skapa sér og vildarvinum sínum arð, en sköpuðu engin verðmæti með því. Þvert á móti: Vafningarnir sugu verðmæti úr hinu verðmætaskapandi efnahagslífi.

Bankar fyrir heimili

Á síðustu misserum hafa Borgunarnhneykslið og óheftar arðgreiðslur tryggingafélaga á kostnað almennings sýnt að ekkert hefur breyst í grundvallaratriðum. Við verðum að laga bankakerfið að þörfum almennings, heimilanna og verðmætaskapandi fyrirtækja. Setja aukna framleiðni, en ekki bólu-gróða, í forgang atvinnu- og efnahagsmálastefnunnar.

Á níunda áratug síðustu aldar létu jafnaðarmenn í Svíþjóð og Danmörku sig dreyma um áhrif almennings á efnahagslíf gegnum sjóði launamanna sem hefðu stjórnunaráhrif í efnahagslífinu. Þetta var á þeim tíma talið óraunhæft með öllu. Uppbygging lífeyrissjóðanna á Íslandi hefur hins vegar gert það að verkum að við erum óvart komin í þá stöðu að hér eru orðnar forsendur fyrir öflugum félagslegu eignarhaldi.

Nýtum völd almennings

Í gegnum lífeyrissjóðina á íslensk-ur almenningur miklar eignir í atvinnulífnum. Við eigum að þróa það eignarhald og knýja fram ábyrga hegðun í atvinnulífnum og tryggja framlag fyrirtækja til samfélagslegrar ábyrgðar. Lífeyrissjóðir þurfa að setja sér viðmið um stjórnarhætti, eðlilegan launamun og jöfn laun óháð kyni í þeim fyrirtækjum sem sjóðirnir fjárfesta í. Jafnframt eiga lífeyrissjóðirnir, sem glíma við kostnað af sífellt vaxandi örorkubyrði, að setja skilyrði um að fyrirtæki sem sjóðirnir fjárfesta í bjóði fólki með skerta starfsgetu störf og styðji við starfsendurhæfingu af öllum toga. Og við getum ekki sætt okkur við að virkir fjárfestar dragi lífeyrissjóðina með sér

í fjárfestingar og nýti fé almennings til að skammta sjálfum sér auð og völd.

Það þarf líka að tryggja almenningsi í landinu arð af sameiginlegum auðlindum og arð af ríkiseignum og gefa ófrávikjanleg fyrirmæli um samkeppni um sölu þeirra.

Við þurfum líka að innleiða fyrningarleidd í sjávarútvegi, sem allir hljóta nú að sjá að er besta leiðin til að tryggja nýliðun, samkeppni og fullnægjandi arð af auðlindinni til almennings.

Other people's money

Við þurfum að nýta það tækifæri sem nú er að opnast með umsvifum ríkisvaldsins á fjármála-markaði og brjóta bankana upp og raða upp á nýtt. Þess vegna hefur Samfylkingin boðið hinum heimsfræga hagfræðingi, John Kay, til landsins 24. apríl nk. Kay hefur nýlega skrifað merka bók sem ber nafnið „Other people's money“ og fjallar um það öngstræti sem fjármálakerfi Vesturlanda er komið í. Gamla tuggan

um aðskilnað fjárfestingarbanka og viðskiptabanka nær ekki utan um það flækjustig sem nú er við að eiga. Það þarf róttækari breytingar. Eignastýring á ekki heima í bönkum, enda eiga bankar ekkert með að fjárfesta fyrir annarra manna fé. Það ætti að banna beinar fjárfestingar banka í fyrirtækjum. Svo þarf að verja sérstaklega innstæður almennings og skilja frá annarri starfsemi banka.

Það er fullt ógert. Nú er veður til að skapa.



Það ætti að banna beinar fjárfestingar banka í fyrirtækjum. Svo þarf að verja sérstaklega innstæður almennings og skilja frá annarri starfsemi banka.

Ársfundur Orkuveitu Reykjavíkur og dótturfélaga

OR og dótturfyrirtækin Veitur, Orka náttúrunnar og Gagnaveita Reykjavíkur kynna starfsemina, stöðu og horfur á **opnum ársfundi í lönnó mánudaginn 18. apríl kl. 14–16.**


Við höfum tekið til í rekstrinum, bætt fjárhaginn og breytt skipulaginu. Nú eru þau þáttaskil að 2016 er fyrsta heila árið sem við störfum undir nýjum merkjum og breytingar eru að verða í stjórn fyrirtækisins.

Á fundinum mun:

- Haraldur Flosi Tryggvason kveðja sem stjórnarformaður OR eftir sex ára setu.
- Brynhildur Davíðsdóttir taka við af Haraldi Flosa.
- Staðan hjá OR og dótturfélögum verða rakin af stjórnendum þeirra.
- Hljómsveitin Sjálfsvorkunn skemmta gestum. Sjálfsvorkunn skipa þeir Haraldur Flosi, S. Björn Blöndal, Sigurjón Kjartansson, Hörður Bragason og Jón Gnarr.

Nánari upplýsingar um fundinn er að finna á www.or.is

Allir eru velkomnir



OR Orkuveita Reykjavíkur

KR hafði betur í oddaleik gegn Njarðvík annað árið í röð

Á sama tíma að ári Líkt og í fyrra vann KR sigur á Njarðvík í oddaleik í undanúrslitum Domino's-deildar karla í körfubolta. Í fyrra var boðið upp á tvöfalda framlengingu en að þessu sinni vann KR stórsigur. Pavel Ermolinskij spilaði þrjú fyrir smá meiðsli og átti góðan leik. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Rússíþani sem endar í oddaleik

Baráttan um Íslandsmeistararitil kvenna í körfubolta hefst á Ásvöllum í dag þegar deildarmeistarar Hauka taka á móti Íslands- og bikarmeisturum Snæfells. Daniel Guðni Guðmundsson spáir í úrslitaeinvígið.

KÖRFUBOLTI Snæfell hefur aldrei tapað í lokaúrslitum kvenna og Haukakonan Pálinu Gunnlaugsdóttir á fimm gullpeninga úr þeim fimm úrslitaeinvígum sem hún hefur tekið þátt á ferlinum. Snæfellið hefur unnið 3-0 sigra á Haukum (2014) og Keflavík (2015) í lokaúrslitum síðustu tveggja ára en ólíkt þessum einvígum er Snæfellið ekki með heimavallarréttinn í úrslitaeinvíginu í ár sem hefst með fyrsta leik klukkan 17.00 í dag á heimavelli Hauka á Ásvöllum.

„Þetta verður einhver rússíþani,“ segir Daniel Guðni Guðmundsson, þjálfari Grindavíkur, sem var svo nálægt því að slá Hauka út í undanúrslitunum. Grindavík komst í 2-0 en Haukar unnu þrjú síðustu leikina. Daniel hefur þrisvar fagnað sigri á móti Haukum á tímabilinu en lið hans tapaði aftur á móti öllum fimm leikjum sínum á móti Snæfelli, þar á meðal bikarúrslitaleiknum í febrúar.

„Bæði liðin eru með gríðarlega sterkan heimavöll og ég er alveg sannfærður um að þetta fari í oddaleik og endi því í úrslitaleik á Ásvöllum,“ segir Daniel og það má heyra á honum að það er ekkert auðvelt að spá fyrir um næstu Íslandsmeistara.

„Ég giska á það að Snæfell hafi þetta í oddaleik,“ segir Daniel.

„Haukar eru með gríðarlega sterkt lið en Snæfell er líka með frábært lið. Snæfell er líka með frábæran erlendan leikmann sem getur klárað leiki upp á sitt eindæmi. Þetta verður baráttan milli Haiden og Helenu,“ segir Daniel. Haiden Palmer hjá Snæfelli og Helena Sverrisdóttir hjá Haukum

voru framlagshæstar í undanúrslitunum og í þeim innbyrðisleikjum liðanna sem þær hafa byrjað vel hafa þeirra lið verið í mjög góðum málum.

„Þetta getur dottið báðum megin en í þessu einvigi, sem verður stál í stál, þá tel ég að Snæfell hafi yfirhöndina. Þær eru líka með gríðarlega sterkan leiðtoga í Gunnhildi og eru ríkjandi meistarar sem hjálpar þeim líka,“ segir Daniel.

Haukarnir unnu 19 stíga sigur í síðasta leik liðanna þar sem Haukalið var komið í 27-12 eftir fyrsta leikhlutann. Þá voru 49 dagar og einn bikarmeistararitill hjá Snæfelli frá því að liðin mættust í Stykkishólmi þar sem Snæfell komst í 29-11 eftir fyrsta leikhlutann og vann 84-70.

„Í seríunni okkar á móti Haukum var varnarleikurinn í fyrirrúmi hjá báðum liðum. Það er það sem Haukarnir ætla að byggja á en Snæfell er með öðruvísi lið en við og hefur innanborðs leikstjórnanda sem er að skora mikið,“ segir Daniel.

„Þetta verður gríðarlega skemmtilegt einvigi,“ segir Daniel að lokum.

ooj@frettabladid.is

Eitthvað verður undan að láta

Það er stórglæsileg tölfræði undir í úrslitaeinvígi Domino's deildar kvenna í körfubolta í ár. Snæfell hefur aldrei tapað í lokaúrslitum og í liði Hauka eru tveir lykilmenn sem hafa unnið öll sín úrslitaeinvígi líka.

6-1

Sigurhlutfall Helenu Sverrisdóttur og Pálinu með Haukum í lokaúrslitum.

15-2

Sigurhlutfall Pálinu Gunnlaugsdóttur í lokaúrslitum.

Sigurhlutfall Snæfells í lokaúrslitum.

6-0**Nýjast****Domino's-deild karla****KR - Njarðvík 92-64**

KR: Michael Craion 20/4 fráköst, Brynjar Þór Björnsson 16/7 fráköst, Darri Hilmarsson 13/8 fráköst, Helgi Már Magnússon 12/7 fráköst, Snorri Hrafnkelsson 8, Þórir Guðmundur Þorbjarnarsson 7, Björn Kristjánsson 6/6 fráköst, Pavel Ermolinskij 6/5 fráköst/8 stoðsendingar, Vilhjálmur Kári Jenson 3, Jón Hrafn Baldvinsson 1.

Njarðvík: Jeremy Martez Atkinson 22/14 fráköst, Haukur Helgi Pálsson 13/7 fráköst, Ólafur Helgi Jónsson 10, Logi Gunnarsson 8, Oddur Rúnar Kristjánsson 5/4 fráköst/5 stoðsendingar, Snjólfur Marel Stefánsson 2, Maciej Stanislaw Baginski 2, Adam Eiður Ásgeirsson 2.

Íslandsmeistarar KR skoruðu 16 þriggja stiga körfur og völtuðu yfir Njarðvík í oddaleik liðanna í undanúrslitum Domino's-deildarinnar í gærkvöldi. KR mætir Haukum í úrslitarímmunni en hún hefst á þriðjudaginn.

KR Í ÚRSLIT Í LENGJUNNI

KR vann Keflavík, 4-0, í fyrri undanúrslitaleik Lengjubikars karla í fótbolta í gærkvöldi. Morten Beck Andersen skoraði tvö mörk og þeir Hólmber Aron Friðjónsson og Indriði Sigurðsson sitt markið hvor.

ÍSLANDSMÓTIÐ Í JÚDÓ Í DAG

Allt besta júðófolk landsins tekur þátt í Íslandsmóti fullorðinna í júdo sem fer fram í Laugardalshöll í dag. Þormóður Jónsson, Sveinbjörn Iura og Anna Soffía Víkingsdóttir verða öll meðal keppenda á mótinu sem hefst klukkan 10.00 í dag. Ókeypiss aðgangur er að mótinu fyrir áhorfendur.

Laugardagur

| | |
|--------------------------------------|------------|
| 06.50 F1 Kína - Timataka | Sport |
| 11.35 Norwich - Sunderland | Sport |
| 13.25 Augsburg - Stuttgart | Sport 5 |
| 13.50 Man. Utd. - Aston Villa | Sport |
| 13.50 Newcastle - Swansea | Sport 2 |
| 13.50 Everton - S'ton | Sport 4 |
| 13.50 WBA - Watford | Sport 6 |
| 13.55 Getafe - Real Madrid | Sport 3 |
| 16.20 Chelsea - Man. City | Sport |
| 16.25 Bayern - Schalke | Sport 2 |
| 16.45 Haukar - Snæfell | Sport 3 |
| 17.00 RBC Heritage | Golfstöðin |
| 18.40 Inter - Napoli | Sport 2 |
| 19.30 Golden State - Houston | Sport |
| 00.00 UFC: Teixeira - Evans | Sport |

Domino's-deild kvenna, lokaúrslit

17.00 Haukar - Snæfell Ásvellir

Olisdeild karla, úrslitakeppni

16.00 Akureyri - Haukar KA-heimili

Olisdeild kvenna, úrslitakeppni

16.00 Selfoss - Grótta Selfoss

16.00 Valur - Stjarnan Valshöllin

16.00 ÍBV - Fram Vestmannaeyjar

Sunnudagur

05.30 Formúla 1: Kína Sport

12.20 B'mouth - Liverpool Sport

12.20 Leicester - West Ham Sport 2

12.55 Juventus - Palermo Sport 3

12.55 Udinese - Chievo Sport 4

14.50 Arsenal - C. Palace Sport

17.00 RBC Heritage Golfstöðin

18.25 Barcelona - Valencia Sport

18.40 Sampdoria - AC Milan Sport 2

Olisdeild karla, úrslitakeppni

16.00 Fram - Valur Framhús

16.00 Grótta - ÍBV Hertz-höllin

19.30 FH - Afturelding Kaplakriki

VORDAGAR CITROËN

Ráðgjafar okkar eru í sérstöku samningsstuði í dag
– nýttu tækifærið



C1
Verð frá 1.849.000 kr.



C3
Verð frá 2.290.000 kr.



C4 Cactus
Verð frá 2.690.000 kr.



C4
Verð frá 2.990.000 kr.



C4 Picasso
Verð frá 3.740.000 kr.



Grand C4 Picasso
Verð frá 4.090.000 kr.



#VertuCactus!

Taktu þátt
í leiknum

Kaktusar eru harðgerðir, lífa á nánast engu og verja sig á snjallan hátt. Það sama má segja um Citroën C4 Cactus.

Taktu mynd af þér með Citroën C4 Cactus og þú gætir unnið gjafabréf frá Icelandair að verðmæti 200.000 kr.

Settu #VertuCactus við myndina þína og birtu á Facebook, Instagram eða Twitter og þú ert með í leiknum. Heppinn þátttakandi verður dreginn út 6. maí.

ÚRVAL GLÆSILEGRA CITROËN BÍLA

Komdu og skoðaðu úrval glæsilegra Citroën bíla. Ýmis vortilboð í gangi – nú er tækifærið. Citroën bílar eru þekktir fyrir hagnýta hönnun, sparneyni og lágan rekstrarkostnað. Þar að auki eru þeir sérstaklega glæsilegir og nýstárlegir.

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

citroen.is

Nýir og notaðir bílar: Sölueldir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

brimborg

Öruggur staður til að vera á



CLEVELAND

Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Dökk- eða ljósgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 231 x 140 x 81 cm

96.766 kr. ~~119.990 kr.~~

IDdesign



TWIST

2,5 sæta sófi. Orange, ljósblár eða grár. Viðarfætur. Stærð: 157 x 92 x 95 cm

88.702 kr.
~~109.990 kr.~~



AVELLINO

Svefnsófi. Slitsterkt áklæði. Ljós- og dökkgrár og blár. Góð rúmfataskúffa. Stærð: 214 x 89 x 90 cm

72.573 kr.
~~89.990 kr.~~



IDdesign

CLEVELAND

Hornsófi með tungu. Hægri eða vinstri tunga. Dökk- eða ljósgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 308 x 140/203 x 81 cm

153.218 kr.
~~189.990 kr.~~



Tveggja sæta sófi. 162 x 90 x 78 cm

72.573 kr. ~~89.990 kr.~~

KIRUNA

Dökkgrátt slitsterkt áklæði.

Þriggja sæta sófi. 227 x 90 x 78 cm

80.637 kr. ~~99.990 kr.~~



FRIDAY

Hornsófi með hvíld. Dökkgrátt eða brúnt áklæði. Stærð: 370 x 187 x 90 cm

145.153 kr.
~~179.990 kr.~~



FRIDAY

Tungusófi, hægri eða vinstri tunga. Dökkgrátt eða brúnt áklæði. Stærð: 260 x 170 x 87 cm.

258.056 kr.
~~319.990 kr.~~



PINTO

Hornsófi. 2H3 eða 3H2. Slitsterkt áklæði, grátt eða svart. Hátt bak og situr vel. Stærð: 260 x 210 x 88 cm.

161.282 kr. ~~199.990 kr.~~



COSTA

Tungusófi, hægri eða vinstri tunga. Vandað slitsterkt áklæði. Stærð: 305 x 215 x 84 cm Aukahlutir á mynd: Hnakkapúðar

322.573 kr.
~~399.990 kr.~~

Reykjavík 10 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.

SÓFAR TAXFREE

Allir sófar á taxfree tilboði*



KIRUNA

U-sófi. Hægri eða vinstri tunga. Dökkgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 301 x 200 x 78 cm

193.540 kr. ~~239.990 kr.~~

furninova

VESTA

Tungusófi, hægri og vinstri tunga. Divine antrazit eða grár. Stærð: 295 x 94/160 x 74 cm



241.927 kr.

~~299.990 kr.~~



Þú finnur SÓFA-TAXFREE-blaðið á husgagnahollin.is



furninova

PASO DOBLE

Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Grátt eða brúnt slitsterkt áklæði. Stærð: 300 x 100/150 x 95 cm

298.379 kr.

~~369.990 kr.~~

* Taxfree tilboðið gildir bara á sófum og jafngildir 19,35% afslætti.

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar og gildir til 29. apríl 2016

 HÚSGAGNA
HÖLLIN



Major Pink gefur út sína fyrstu plötu í dag. Hér má sjá þá Gunnar Inga Valgeirsson og Daniel Guðnason, meðlimi í sveitinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Landsvirkjun

Landsvirkjun auglýsir eftir samstarfsaðilum að verkefninu **Margar hendur vinna létt verk** sumarið 2016.

Landsvirkjun hefur um áratugaskeið starfrækt sumarvinnuflokka ungs fólks. Hóparnir sinna viðhaldi, uppbyggingu og fegrun starfsstöðva Landsvirkjunar og vinna jafnframt að ýmsum samstarfsverkefnum víða um land. Samvinna sumarvinnuflokka Landsvirkjunar og félagasamtaka, sveitarfélaga og stofnana hefur skilað sér í auknum umhverfisgæðum og betri aðstöðu til útivistar og ferðamennsku.

Í boði er vinnuframlag sumarvinnuflokka og flokksstjórn yfir þeim. Verkefnið lúta að ræktun, hreinsun, viðhaldi og öðrum umhverfisbótum ásamt ýmsum samfélagsverkefnum.

Óskað er eftir að samstarfsaðilar leggi fram vel skilgreind verkefni. Umsóknareyðublað með nánari upplýsingum er að finna á vef Landsvirkjunar, www.landsvirkjun.is.

Nánari upplýsingar veitir Þóra María Guðjónsdóttir í síma 515 9000 og á netfanginu lettverk@landsvirkjun.is.

Umsóknarfrestur rennur út 8. maí. Umsóknareyðublað er að finna á landsvirkjun.is.

Loksins kemur út plata!

Útgáfutónleikar **Major Pink** verða í Lucky Records við Rauðarárstíg í dag klukkan fjögur. Nýja platan heitir **Take The Abuse** og inniheldur fimm ný lög sveitarinnar.

Við erum loksins að gefa út okkar fyrstu plötu," segir Gunnar Ingi Valgeirsson, stofnmeðlimur í hljómsveitinni Major Pink.

Hljómsveitin er sennilega þekktust fyrir lag sitt **It's Gonna be Alright**, sem kom út í október 2014. Lagið var samið og útsett í samstarfi við Barða Jóhannsson, oftast kenndan við hljómsveitirnar **Bang Gang** og **Starwalker**.

Hin nýja plata sveitarinnar heitir **Take the Abuse**. Útgáfutónleikar verða haldnir í Lucky Records við Rauðarárstíg í dag klukkan fjögur.

Tíðar nafnabreytingar

Sveitin á sér langa sögu, en hún var fyrst stofnuð árið 2007. „Við vorum nokkrir fjórtán ára krakkar úr Grafarvoginum sem langaði til að stofna hljómsveit. Við skirðum hana Major Pink Disaster. Sú sveit spilaði einu sinni," segir Gunnar Ingi og hlær.

Fimm árum seinna, árið 2012, hittust tveir fyrrverandi meðlimir sveitarinnar, Gunnar Ingi og Daniel Guðnason, og ræddu um að endurverkja hljómsveitina.

„Hún hét þá Major Pink and the Disasters. Við sömdum nokkur



VIÐ VORUM NOKKRIR

FJÓRTÁN ÁRA KRAKKAR

ÚR GRAFARVOGI SEM

LANGAÐI TIL AÐ STOFNA

HLJÓMSVEIT. VIÐ

SKIRÐUM HANA MAJOR

PINK DISASTER. SÚ SVEIT

SPILAÐI EINU SINNI.

lög áður en við skiptum um nafn í þriðja sinn og svo fjórða sinn. Nafnabreytingarnar voru tíðar!"

Í dag heitir sveitin einfaldlega Major Pink og vinnur enn náið með Barða Jóhannssyni, auk þess sem Hrafnhildur Magnea bættist í hópinn og er nú hljómborðsleikari sveitarinnar.

„Við hvetjum sem flesta til að láta sjá sig í Lucky Records í dag í stuði!" segir Gunnar Ingi að lokum.

Hefur farið sigurför um heiminn!



Bókin sem hugmyndafræðin um miminalískan lífsstíl er byggð á

ERTU AÐ DRUKKNA Í DÓTI?

Þá gæti verið tímabært að grisja. Fara skipulega í gegnum allar eigur þínar, losa þig við það sem þú þarfnast ekki og veitir þér enga gleði, og raða því sem eftir er af skynsemi í hirslurnar.





Tyrfingur Tyrfingsson leikskáld á Nýja sviði Borgarleikhússins þar sem Auglýsing ársins verður frumsýnd í kvöld eftir langa og dramatiska meðgöngu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Maður þarf að vera soldið vondur

Tyrfingur Tyrfingsson er ungt leikskáld sem hefur vakið mikla athygli og í kvöld verður frumsýnt eftir hann gamanleikritið Auglýsing ársins í Borgarleikhúsinu. Þar hitta áhorfendur fyrir friðlausar og grimmar persónur sem reyndu talsvert á sálarlíf skáldsins sem elskar sviðsetningar, þolir ekki væmni og segist eiga það til að vera dramatískur.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Auðvitað saknar fólk aðeins þess tíma þegar mátti leggja stund á smá einelti. Það er svo rosalega skapandi og skemmtilegt að búa til uppnefni og svoleiðis," segir Tyrfingur Tyrfingsson leikskáld og glottir grallaralega enda skín af honum góðmennska og viðkunnaðlegheit. „Við erum bara spendýr sem þurfa að læra að veiða sér til matar og ef það er eitthvert frik í hópnum þá verður að láta það vita. Það er bara kurteisi því það verður að vera einhver framgangur.“

Skodum rótina

Tyrfingur er á meðal eftirtektarverðari leikskáldum yngri kynslóðarinnar en hann vakti fyrst athygli með verkinu Skúrinn á sléttunni og í framhaldinu Bláskjá sem var hans fyrsta verk í fullri lengd. Framundan er nú frumsýning í Borgarleikhúsinu, þar sem fyrri verk Tyrfingsson voru einnig frumsýnd, á leik-

ritinu Auglýsing ársins í leikstjórn Bergs Þórs Ingólfssonar. Tyrfingur segir að óneitanlega sé hann aðeins á þessum slóðum spendýrana í nýja verkinu. „Ég var einmitt að horfa á rennsli í gær og þá hugsaði ég: Já, þetta eru spendýr. Það er nokkuð ljóst.“

Tyrfingur segist þó ekki vera þannig höfundur sem leggur til atlögu við nýtt verk með það að markmiði að skrifa um eitthvert sérstakt málefni. „Nei, eiginlega mjög langt í frá. Svona eftir á að hyggja þá velti ég því frekar fyrir mér hvort ég hafi verið að skrifa um þetta allan tímann án þess að gera mér grein fyrir því. En það kemur í rauninni langsíðast um hvað þetta er. Þetta er meira þannig að maður er að reyna að skoða eitthvað og skilja sem maður skilur ekki. Í Auglýsingu ársins er ég t.d. að skoða manneskjuna og af hverju hún hagar sér eins og hún gerir. Persónurnar í verkinu eru allar mjög friðlausar. Friðlausar og grimmar en þetta gamanleikrit er þannig að þær eru soldið myndnar en rötin í þeim öllum er það sem við erum að reyna að skoða.“



**VÆMNINGIN ER PASSÍV-
AGRESSÍV Í EÐLI SÍNU,
HÚN ER ÓHEIDARLEIKI
Á SUMARKJÓL, ALDREI
SÖNN. HANA ER EKKI
HELDUR AÐ FINNA Í
NÁTTÚRUNNI ÞANNIG AÐ
HÚN ER BÚIN TIL.**

Finum til okkar

Sem leikskáld er Tyrfingur stöðugt að rannsaka persónueinkenni og hann segir að eitt helsta persónueinkenni Íslendinga sé að finna til sín af minnsta tilefni. „Ég þekkti mann sem var að vinna á bensínstöð þegar vaktstjórinn fór í aðgerð á mjóðm. Þá var þessi maður gerður að vaktstjóra rétt á meðan og hann bara skildi við konuna sína. Framinn og valdið bara fóru með hann og við erum soldið svona. Þetta er eins og með nemandur Vigdísar Finnbogadóttur sem er svona hofmódukt fólk sem skrifar passív-agressívar greinar um kærleikann og er alltaf að messa yfir manni. Það felst í því ákveðið friðleysi að reyna stöðugt að búa til frið í öðrum – halda öðrum í skefjum. Það er mikið fjallað um markaleysi annarra, mikið talað um gerendur og ljóta kallinn.“

Það er þessi sami galli í pólitík og leikhúsi. Í leikhúsi er til fólk sem hefur í rauninni engan áhuga á leikhúsi heldur áhuga á sér í leikhúsinu. Það sama gildir um stjórn málin. Það er fólk sem hefur engan áhuga á því að gera samfélagið betra heldur hefur áhuga á sér í stjórn máli. Þess

vegna er svo gaman að vera að frumsýna í svona sviðsetningarástandi í samfélaginu. Það er bara hver sviðsetningin sem rekur aðra. Þá fara líka að rokseljast miðar í leikhúsið og mér finnst það soldið flott að fólk skuli tengja og leita til okkar.“

Manngerð rómantik

Tyrfingur segir að það sé nóg gert af því að predika yfir fólk í samfélaginu og því eigi slíkt ekkert erindi í leikhúsið. „Það er alltaf verið að þvinga upp á okkur væmni og tilfinningasemi. Reyna að stýra fólk með væmni og að koma fyrir í því samviskubiti og það er eins og heilu miðlarnir snúist um það. Kannski er það af því að mamma gerði svo mikið af því við mig að ég kann mjög illa við þetta. Væmningin er passív-agressív í eðli sínu, hún er óheidarleiki á sumarkjól, aldrei sönn. Hana er ekki heldur að finna í náttúrunni þannig að hún er búin til. Manngerð rómantik. Hugmynd sem við þurfum að fara að vara okkur á.“

Þessi yfirborðsmennska er eitt af því sem við erum að takast á við í þessu verki sem gerist á auglýsingastofu en ég vann einmitt á slíkri stofu. Í verkinu kemur kúnni inn á þessa

auglýsingastofu, sem er búin að vera úr tísku mjög lengi þótt þar sé allt nýtt og flott, og biður fólkið um að gera fyrir sig auglýsingu. Það grípur um sig slík órvænting og friðleysi að þau stökkva á verkefnið án þess að vita hvað þau eiga að auglýsa. Svo spyr einhver að því hvað eigi að auglýsa og fær bara svarið: Hvaða dónaskapur er þetta? Þetta snýst ekkert um hvað við erum að auglýsa heldur hvernig við auglýsum það. Það er svona soldið farsinn í þessu. En ég held að fólk geti lesið þetta verk mikið til út frá því sem er í gangi í samfélaginu núna og það finnst mér mjög skemmtilegt án þess að hafa ætlað mér slíkt.“



ÉG VAR ÞVÍ ROSLEGA

ÞEGINN ÞEGAR ÉG VAR

BÚINN AÐ SKILA

SKÖMMINNI OG AUMINGJA

LEIKARARNIR SÁTU UPPÍ

MEÐ HANA.

Heima að tröstepísa

Tyrfingur segir að það sé óneitanlega búið að vera undarlegt að horfa á atganginn í stjórnmálunum að undanförmu og sem leikskáld hefur hann þetta að segja: „Þetta er soldið eins og að horfa á Ibsen-leikrit en maður skilur ekki neitt. Ibsen á óskiljanlegu tungumáli. Endalaust plott og vesen og bitrar persónur. En ég verð að jata að mér finnst þetta gaman því ég hef alltaf gaman af sviðsetningu sama hvar hún er og þó að fólk sviðsetji sjálft sig þá þýðir það ekki endilega að það sé að ljúga, því fólk setur sig alltaf í karakter. En eins og ég horfi á þetta þá finnst mér reyndar að margir mættu kynna sér klassíkina betur og þá gætu þeir orðið aðeins betri í þessu. Það er eiginlega pínlegast hvað þetta er vond sviðsetning og mikið melódráma. Við óttuðumst aðeins að Auglýsing ársins væri aðeins of mikil sýra en eftir að hafa séð fréttir um fyrirhugaðar geimferðir þessara snillinga þarna þá hurfu þær áhyggjur eins og dögg fyrir sólu.“

Þrátt fyrir velgengni Bláskjás, síðasta verks Tyrfings, sem gekk afskaplega vel þá segist hann ekki finna fyrir mikilli pressu. „Kannski bara vantar eitthvað í mig. Málið er að það kemur enginn eins brjálæðislega illa fram við mig og ég sjálfur. En það er líka vel haldið utan um mig í Borgarleikhúsinu og þar er skilningur á því að leikskáld þurfa á ritstjórn að halda eins og önnur skáld. En af því að ferlið er erfitt þá brotna ég saman oft á leiðinni, er bara heima að tröstepísa og á rosalega ágæt, því þarna er ég svakalega dramatískur. En annars er ég mjög góður í að fela það enda loka ég mig bara af.“

Þarf að vera soldið vondur

En þegar maður er búinn að fara í gegnum langt átakaferli við að skrifa þá gerir það líka að verkum að maður er með leikrit í höndunum þegar kemur að æfingamabilinu. Þá þarf ekki að vera að ráðast í einhverjar björgunaraðgerðir. Ég er hræddur um að í íslensku leikhúsi þyrftum við oft að gefa okkur meiri tíma. Vegna þess að þegar maður er að eiga við eitthvað sem er svona gamalt í forminu þá eru reglurnar margar og ef maður ætlar að brjóta þessar reglur þá þarf maður að vita hvað það er sem maður er að brjóta. Átta sig á því á móti hverju maður er að vinna. Ef þú ætlar ekki að setja klæmax þá þarftu að setja anti-klæmax.

Á Íslandi erum við leikhúslega svo föst í klisjunni um að þetta snúist um það að segja sögu. Þessi sögu-dýrkun stendur okkur aðeins fyrir þrifum. Það er kannski ljótt að segja þetta en amatörar elska epík og það er oft að þvælast fyrir fólki og þess

vegna set ég fyrirvara við þá sem rumpa hlutunum af. Þú þarft frekar að þræða þig í gegnum hlutina því að jafnvel í aðeins einni senu þar sem tvær manneskjur eru að tala saman en fleiri í rýminu þá þarf líka að skrifa og skilja hvað hinir eru að hugsa. Að mörgu leyti er þetta því bara handavinna eða eins og Bergur leikstjóri hefur sagt þá er þetta níutíu prósent handverk. Að skrifa leikrit er að skrifa marglaga texta en þá þarf maður að gæta sín á því að fólk er ekkert rosalega interessant fyrr en það er komið upp að vegg. Sem höfundur þarf maður því að vera soldið vondur við sínar persónur og ýta

þeim stöðugt nær brúninni, koma þeim í klandur og gefa sér tíma til þess að vinna sig til baka.


Æðislegt að ljúga

Ég verð að jata að ég mynda persónulegt samband við mínar persónur. Ég var t.d. einn í Póllandi með þeim í þrjár vikur og þetta er ekki góður félagsskapur. Þannig að ég gerði talsvert af því að hringja í mömmu, hún vinnur á geðsviðinu, því þetta er hættulegt fólk. Ég var því rosalega feginn þegar ég var búinn að skila skömminni og aumingja leikararnir sátu uppi með hana. Þá breyttust líka sumar persónurnar, t.d. kom ein út

úr skápnum og ég var auðvitað alveg miður mín eins og allir feður, en það var samt ekki mitt vandamál lengur. Fyrsta rennslið reyndist svo auðvitað vera alveg hræðilegt. Ég hugsaði bara um að þetta væri sem sagt jarðarförin á mínum ferli. Svona lýkur þessu, allt í góðu, þetta er búið að vera frá-bært. En svo kom næsta rennsli og þá byrjaði þetta að smella.

En ég valdi mér þetta hlutskipti að skrifa leikrit svo ég get ekkert kvartað. Ég held reyndar að það hafi gerst eitthvað í uppeldi mínu sem orsakar þetta. Mamma, sem hefur alltaf gert mikið af því að lesa og svona, var svo áhugasöm um manneskjur. Hún er

geðhjúkka og hefur alltaf spáð í það hvernig fólk talar og annað slíkt þannig að það var alltaf mikil umræða um mannlega hegðun inni á heimilinu. Ein af mínum fyrstu minningum er frá því ég var svona fimm ára og mamma spurði mig hvar ég hefði verið. Þá horfði ég framan í hana og sagði: „Ég var í sjoppunni.“ Ég var að ljúga og hún leyfði mér það. Það var æðisleg tilfinning. Rússið að ljúga einhverju og komast upp með það er svo geggjáð. Ætli það hafi ekki verið rötin að þessu, að finna hvað það er æðislegt að búa til veruleika sem hefur aldrei átt sér stað. Það er dásamleg tilfinning.“



Stofnaður 1952
farsæl starfsemi í yfir 60 ár

Skólaárið 2016–2017

Inntökupróf

Þekking
Reynsla

Fagmennska
Gæði

Úrvalskennarar í klassískum
og nútíma listdansi



Myndirnar eru teknar á sýningum skólans
Ljósmyndari: Steve Lorenz

Listdansskóli Íslands



Inntökupróf fara fram
laugardaginn 23. apríl 2016
Rafræn skráning á
www.listdans.is

Grunndeild, árgangar
2005–2007 klukkan 11:30,
árgangur 2004 og eldri fá
boð í profutíma

Framhaldsdeild, árgangur
2000 og eldri koma í
inntökupróf klukkan 14

Tekið verður inná bæði
nútíma listdansbraut og
klassíska listdansbraut

Nám við Listdansskóla
Íslands er góður undirbún-
ingur fyrir frekara nám
og/eða atvinnumennsku.
Nemendur fá fjölmörg
tækifæri til að sýna á sýn-
ingum skólans sem og við
önnur tækifæri eins og með
Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Staður
Engjateigur 1
105 Reykjavík

Nánari upplýsingar
www.listdans.is
588 91 88

NÝR RENAULT MEGANE FRUMSÝNING Í DAG

NÝR RENAULT MEGANE DÍSIL, ELDSNEYTISNOTKUN FRÁ 3,7 L/100 KM*

Renault Megane hefur aldrei verið glæsilegri en í þessari nýju útgáfu sem hönnuð er af verðlaunahönnuðinum Laurens van den Acher. Nýr Renault Megane er ekki einungis glæsilegur útlits heldur er hann hlaðinn tækninýjungum og staðalbúnaði sem setur ný viðmið í þessum stærðarflokki bíla. Sjón er sögu ríkari.

VERÐ FRÁ: 3.390.000 KR.

ESP stöðugleikastýring, ASR spólvörn, ABS hemlakerfi með hjálparátaki í neyðarhemlun, 6 öryggispúðar (5 stjörnur í EuroNCAP), brekkuaðstoð (Hill Start assist), LED dagljós, þokuljós að framan (króm), LED 3D afturljós, hraðastillir (Cruise control), breytilegt rafstýri, leðurklætt stýri með aðgerðahnöppum, Bluetooth símabúnaður með raddstýringu, 2ja svæða tölvustýrð loftkæling, upphituð framsæti, hæðarstillanlegt ökumannssæti, rafdrifnir upphitaðir útispeglar, fjarlægðarvarar að aftan og framan, 16" álfelgur, regnskynjari fyrir rúðupurrkur, sjálfvirk há/lág ljós (High beam assist), akreinavari (Lane departure warning), vegaskiltisnemi (Roadsign recognition), rafdrifin handbremsa.

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516



RENAULT
Passion for life

ANE FRÁ 12-16



„ÞÚ TANKAR SJALDNAR
Á RENAULT“

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



FRUMSÝNING NISSAN Í DAG FRÁ 12-16



**GORMAFJÖÐRUN AÐ AFTAN / BAKKMYNDAVÉL
DRÁTTARGETA 3,5 TONN / LÚXUSINNRETTING**



Nýr Nissan Navara uppfyllir væntingar viðskiptavina um ríkulegan staðalbúnað og spennandi tæknilegar nýjungar. Navara er fyrsti bíllinn í sínum flokki með gormafjöðrun á afturás og innréttingu sem svipar meira til lúxusjeppa en hefðbundinna pallbíla.

| Tegund | Vél | Eldsneyti | Hö. | Skipting | Eyðsla/bl.* | CO ₂ | Verð kr. |
|--------------------|-------|-----------|-----|----------|--------------|-----------------|-----------|
| Navara VISIA 4WD | 2,3 l | Dísil | 160 | Beinsk. | 6,4 l/100 km | 169 | 5.790.000 |
| Navara ACENTA+ 4WD | 2,3 l | Dísil | 160 | Beinsk. | 6,4 l/100 km | 169 | 6.790.000 |
| Navara ACENTA+ 4WD | 2,3 l | Dísil | 190 | Sjálfsk. | 7,0 l/100 km | 183 | 7.190.000 |
| Navara TEKNA 4WD | 2,3 l | Dísil | 190 | Sjálfsk. | 7,0 l/100 km | 183 | 7.690.000 |

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

NAVARA



Innovation
that excites



FIMM ÁRA VERKSMIÐJUÁBYRGÐ NISSAN

Nissan býður nú 5 ára verksmiðjuábyrgð á öllum sínum pall- og sendibílum. Ábyrgðin er meiri en hefðbundin verksmiðjuábyrgð því hún innifelur meðal annars:

- 5 ára verksmiðjuábyrgð eða 160.000 km
- 5 ára ábyrgð á lakki á yfirbyggingu
- 5 ára ábyrgð á Nissan vara- og aukahlutum
- 5 ára vegaaðstoð
- 12 ára ryðvarnarábyrgð
- Ábyrgðin er að fullu færanleg milli eigenda yfir ábyrgðartímann



NAVARA — PALLBÍLL ÁRSINS 2016

Bílablaðamenn útnefndu á dögnum nýjan Nissan Navara pallbíll ársins. Ætla má að aukið rými og nýtt útlit hafi haft sitt að segja um niðurstöðuna en það sem þeir tiltóku sérstaklega voru atriði eins og ný glæsileg innrétting með 360° myndavélatækni, bakkmyndavél og radarstýrð árekstrarvörn, 3,5 tonna dráttargeta, 1000 kg burðargeta og einstakir fjórhjóladrifseiginleikar með nýrri fjólarma gormafjöðrun á afturási. Niðurstaðan var að þeirra mati þessi: „Nýr Navara býður kaupendum upp á einstakan búnað á verði sem kemur þægilega á óvart.“

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is





Anita fluttist til London þegar hún hóf nám í leiklistarskóla og átti ekki von á öðru en að skjóta þar rótum. Hollywood var sannarlega ekki á stefnuskránni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ætlaði aldrei að verða leikkona

Anita Briem flutti sextán ára til London þar sem hún sá fyrir sér að skjóta rótum. Strax eftir leiklistarnámið fór ferillinn hratt af stað og hún endaði í Los Angeles, hringiðu kvikmyndanna. Hún segir lífið sífellt koma sér á óvart.

Guðrún
Ansnes
gudrun@frettabladid.is



Leikkonan Anita Briem datt óvart inn á leiksviðið níu ára gömul og hefur leiklistarbakterían haldið henni í heljargreipum síðan. Þrátt fyrir að hafa aðeins átta ára lýst því yfir að hún ætlaði sér ekki að feta í fótspor foreldra sinna, tónlistarfólksins Ernu Þórarinsdóttur og Gunnlaugs Briem, og verða listamaður. Í slíku umhverfi, þar sem óöryggið og óvissan var alltumlykjandi ætlaði hún ekki að ala upp sín börn. Hún er ein þekktasta leikkona okkar Íslendinga á erlendri grund og unir sér vel í Los Angeles þar sem hún býr ásamt eiginmanni sínum, leikstjóranum Constantine Paraskevopoulos, og tveggja ára gamalli dóttur þeirra hjóna, Míu. Nýverið ventu hún kvæði sínu í kross, er hún sendi frá sér sína fyrstu bók.

Hollywood aldrei draumurinn

Anita hlær þegar hún er spurð hvort þetta sé vegur sem hún hafi alltaf ætlað sér að feta. „Nei. Ég ætlaði aldrei að verða leikkona, hvað þá Hollywood-leikkona. Amma mín, sem var ekki von að ota sér og sínum skodunum að neinum, hringdi heim einn daginn og sagði að ég yrði að fara

í prufu fyrir Ídu í uppsetningu á Emil í Kattholti. Auglýsinguna hafði hún séð í blaði og þetta yrði ég að gera. Þá var ég níu ára og hafði aldrei leikið áður utan þess að setja upp misleiðinlega leikþætti heima fyrir mömmu og pabba.“

Úr varð að Anita dróst inn á fjalir Þjóðleikhússins og ilengdist þar þangað til hún var sextán ára.

„Ég barðist samt mikið á móti því að verða leikkona. Ég vissi hvað þetta var ruglaður lífsstíll. Mamma og pabbi voru bæði listamenn. Það var ekkert auðvelt, óreglulegur tími á öllu, launin óregluleg líka og erfitt fyrir börn að vera í svona óvissu og öryggi. Mér fannst þetta auðvitað líka æði. Að fá að fara með í Hemma Gunn þegar þau voru að spila þar og vera með í stúdíóinu þar til klukkan fjögur um nótt var spennandi. En á sama tíma fann ég óöryggið. Þegar ég var átta ára lýsti ég því yfir að ég ætlaði sko ekki að ala mín börn upp í svona umhverfi,“ segir hún kímín.

„En þegar ég var sextán ára að leika í Óskastjórnnunni með Elvu Ósk og Gunnari Eyjólfss rann þetta upp fyrir mér. Ég varð að vera hreinskílin við mig um hvort ég ætlaði að gera þetta eða ekki. Og ég valdi þennan lífsstíl, en ekki af kæruleysi og ákvað strax að læra erlendis. Ekki til að verða stórstjarna í útlöndum, heldur til að læra tungumálið og sýna sjálfri mér að ég gæti þetta.“



AÐVERA Í SJÓNLÍNUNNI

SKIPTIR MIKLU MÁLI. EF

MAÐUR HVERFUR Í OF

LANGAN TÍMA, HEFUR

ÞAÐÁHRIF. ÉG ER BARA

ÞAÐ SEM ÉG LEGG Í ÞETTA.

ÉG VINN OG SKAPA, EN EF

ÉG STOPPA, ÞÁ STOPPAR

ALLT.

Uppleiðin hröð

Úr varð að Anita fluttist til London og settist á skólabeck í Royal Academy of Dramatic Art. „Mér fannst Reykjavík rosalega lítil borg. Ég fékk innilokunarkennd. Allir vissu alltaf hvað þú varst að gera og maður endalaust opinn fyrir kritik. Ég hljóma eflaust paranojuð en ég er mjög privat manneskja.“

Anita fann sig vel í London. Hún taldi næsta víst að þar myndi hún skjóta rótum. „Ég fór strax að vinna

eftir útskrift, þetta fór mjög vel í gang hjá mér. Ég hafði unnið virkilega mikið í að ná hreimnum og talaði breskuna alveg þannig að ég gat þóst vera innfædd. Svo gerist það fyrir slysi að ég er boðuð í prufu fyrir bandarískan sjónvarpsþátt og flýg yfir. Út frá henni spratt önnur prufa og þaðan önnur. Íbúðin mín í London endaði svo á að standa tóm í ár,“ segir hún og hlær innilega.

„Kaflaskiptin urðu svo þegar ég fékk hlutverkið í myndinni The Journey to the Center of the Earth. Það var stórt stökk og raunveruleikinn varð öðruvísi eftir þá mynd. Þetta var rosalega stórt batteri í kringum það dæmi. Maður verður ringlaður fyrst og mér fannst ég ein.

Ég hefði viljað hafa einhvern mentor með mér, sérstaklega þar sem engu af þessu fólki er annað um þína velferð. Maður áttar sig einmitt ekki á því strax, þar sem þetta fólk er mjög upptekið af að segja þér að því sé umhugað um þig. Nú veit ég hins vegar betur en það var mjög erfitt að átta sig ekki á því fyrst.

Svo fer maður í að finna jafnvægið á milli þess að treysta og vera á varðbergi. Það er ekki hægt að vantreysta öllum endalaust. Mig langar ekki að lifa svoleiðis lífi. Ég vinn með þennan jafnvægisþingpunkt á hverjum einasta degi.“

Falin bumba fram á lokaspjettinn

Baráttan um hlutverkin er ansi hörð í Hollywood og má lítið gefa eftir. Þegar Anita varð barnshafandi tók við dálítill feluleikur. „Hún er mitt fyrsta barn, svo mér tókst að fela óléttuna þar til ég var komin sex og hálfan eða sjö mánuði á leið. Ég fór á alla fundina en passaði mig á að vera í stórum peysum. Maður er ekkert að tilkynna þetta neinum fyrr en þetta er farið að sjást almennilega,“ útskýrir hún og bendir á að ástæðan sé nokkuð einföld.

„Vinkona mín er leikkona í New York og var komin fjóra mánuði á leið þegar hún landaði stóru verkefni í bíómynd. Um leið og þeir komust að því að hún væri barnshafandi var hún dregin út úr verkefninu. Samt hefði það aldrei skipt máli, því ekkert var farið að sjást á henni og hefði aldrei komið að sök.“

Á hvaða forsendum er henni þá sagt upp, spyr blaðamaður og svarar Anita spossk á svip: „Já, það er nú það. Þetta er sennilega löglegt en ekki siðferðislega rétt. Ég var meðvitund um þetta. Fólk er ofboðslega dómhart varðandi konur og aldur þeirra. Partur af mér hugsaði að aðrir myndu tala um að fyrst ég væri orðin mamma þá væri ég orðin gömul – á Hollywood-mælikvarða. En svo í enda dags þá er þetta allt spurning um að standa með sjálfri sér. Þetta fer á sinn veg.“

ellos

OUTLET

GERIÐ ÓTRÚLEG KAUP



VIÐ ERUM Í MJÓDDINNI



ellos.is | Outlet | Mjóddinni | Þarabakka 3

➔ Átta daga fæðingarorlof

Anita segir aðstæðurnar þannig óvenjulegar fyrir nýbakaðar mæður. Sjálf hafi hún snúið aftur til starfa aðeins átta dögum eftir fæðingu dótturinnar, sem fæddist í byrjun árs 2014. „Þá fór ég á fyrsta fundinn minn. Þau komu með mér og ég gaf henni í bílnum áður en ég stókk inn á fund. Stókk svo strax út að honum loknum og gaf aftur. Þetta var mikil samvinna fjölskyldunnar.“

Ég hefði alveg getað verið frá í fjóra mánuði en þá er ég bara ekki að vinna og þar með hægt á öllu, sem er erfitt þegar svo mikil orka og fjárfesting felst í samböndum sem maður hefur verið að þróa lengi við kvikmyndagerðarmenn og framleiðendur. Að vera í sjónlinunni skiptir miklu máli. Ef maður hverfur í of langan tíma, hefur það áhrif. Ég er bara það sem ég legg í þetta. Ég vinn og skapa, en ef ég stoppa, þá stoppar allt.“

Anita segist geta lagt samnefnara hlutverka Hollywood-leikkonunnar og nýbókuðu móðurinnar að jöfnu við maraþonhlaup. „Ansi oft hef ég sett hana í rúmið og heill dagur liðinn, stútfullur af verkefnum og mig langar bara að skrifa upp í rúm. Horfa kannski aðeins á sjónvarpið. En þarf þess í stað að gíra mig upp, skella mér í glansgallann, greiða hárið nánast hálfvælandi yfir að þurfa að fara í parti eða á einhvern viðburð. Svona er þetta líf, bransinn er alltaf í gangi,“ útskýrir hún og skýtur að:

„Á móti fær maður samt alls konar hlunnindi og tækifæri til að lenda í ýmsum aðstæðum. Ef ég mætti ráða, þá væri ég bara í vinnunni að skapa, á setti. Sleppa þessari hliðarvinnu sem partístandið er.“

Með reynslu kemur dýpt

Blessunarlega stóð Anita ekki frammi fyrir því sem hún óttaðist einna helst í kjölfar meðgöngunnar og svo margar kynsystur hennar hafa upplifað; að hlutverkum fækkaði í kjölfar mömmutílsins. „Ég er að fá breytt hlutverk, en ekkert sérstaklega vegna þess að ég er mamma. Sú hræðsla var ekki raunveruleg fyrir mig. Hlutverkin þróast og breytast eftir því sem maður eldist.“

Ég er auðvitað í allt öðrum hlutverkum núna en þegar ég var 21 árs. Það er alltaf verið að skoða mann og horfa, ekki beint dæma, en rannsaka. Passar þessi í þennan heim, hvað gefur hún þessu hlutverki, hvaða element hefur hún til að færa þessu hlutverki. Þess vegna er maður mikið að hugsa: Hvað er ég sem manneskja?“ útskýrir hún alvarleg.

„Það að verða móðir gefur mér ákveðna reynslu sem þýðir að ég hef úr öðru að byggja en áður. Þannig er ákveðin kaldhæðni innan bransans, að eftir því sem leikkonur eldast verða þær betri og dýpri, hafa meira að gefa og segja. En á sama tíma verða færri hlutverk í boði fyrir þær. Það er staðreynd. Og ekki er sami standard fyrir konur og karla í Hollywood. Sannleikurinn er sá að fólk heldur, eða því finnst, karlmenn meira sexý þegar

þeir eldast en konur. Ef við horfum bara á myndina Journey to The Center of The Earth þar sem ég var 24 ára gömul og lék á móti Brendan Fraiser, þá fertugum. Það þótti bara normalt samband. En ef þetta hefði verið á hinn veginn, hefði sagan verið perrasaga. Það er ruglað. Við erum of samdauna því sem við sjáum á skjánum.“

Það er pláss fyrir eldri konur

„Þetta fer í taugarnar á manni en ég veit svo sem ekki hversu mikið maður á að pirra sig á þessu. Það eina sem hægt er að gera er að leggja sitt af mörkum við að þróa aðstæður. Koma með sögur sem fjalla meira um konur, en rosalega mikið af handritunum er skrifað af körlum, eldri körlum. Það er vel hægt að styðja við kvikmyndagerðarkonur. Þegar þær eru komnar eða orðnar fleiri, verða fleiri sögur með dýpt í kvenmönnum og þar af leiðandi opnast pláss fyrir eldri konur í kvikmyndum.“

En ég sé reyndar nýja kynslóð sjónvarpsfemnis á Netflix, Amazon og þessum nýju stöðvum sem eru að koma í staðinn fyrir þessar hefðbundnu sjónvarpsstöðvar, að þar er að eiga sér stað breyting í efninu. Einhver jákvæð þróun sem birtist til dæmis í House of Cards og Narcos. Þar eru alvöru karakterar með mikilli áferð. Mér finnst nú þegar fólk farið að venjast því. Ef maður ber saman Melrose Place og það sem er að gerast núna, sér maður þetta. Þetta er spennandi þróun fyrir mig og margar í þessum bransa. Það gefur okkur von um að hlutverk kvenna fari að breikja og dýpka. Maður sér að þarna eru öðruvísi kvenrullur í boði, allt öðruvísi sögur á skjáum fólks en var fyrir tíu árum.“

Svefninn hreinn lúxus

Anita segir svefnleysið í raun það erfiðasta við móðurhlutverkið að hennar mati og fái hún því kærkomna hvíld um þessar mundir á meðan á dvöl hennar hér á landi stendur. „Eftir að hafa ekki náð fleiri en þremur klukkustundum í samhangandi svefn í tvö ár var eðlilega það fyrsta sem ég hugsaði þegar ég kom inn á hótélherbergið mitt hérna: Ókei, ég ætla að sofa í sjö klukkutíma, samfleytt,“ segir hún og enn rennur á hana bráðsmitandi bros.

Hún segist alsæl með að vera á landinu ein sins liðs. „Það er svo erfitt fyrir mig að að finna tíma til að gera eitthvað svona. Maður getur ekki verið lengur frá vinnu en í mesta lagi viku. Jólin eru einna helst sá tími sem bransinn sammælist um að taka fimm til sjö daga frí. En ef þú ert að fara í frí er það bara á þinn kostnað og getur haft sín áhrif.“

Anita gengst hæglega við getgátu blaðamanns um að hún sé alltaf í vinnunni. „Já, eiginlega. Maður þarf að passa sig og reyna að taka tíma bara fyrir sig. En það er svolítið erfitt, sérstaklega í Los Angeles. Öll borgin er undirlögð kvikmyndaiðnaðinum. Ég er ekki nógu dugleg við að gefa mér



Anita er alsæl með að geta boðið öðrum verðandi mæðrum launsina sem hana vantaði á sínum tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

þennan tíma. Bara það að vera hérna á Íslandi núna gerir það að verkum að ég finn hvernig súrefnið smýgur inn í frumurnar aftur.“

Anita segist þannig himinlifandi með að hafa náð að búa sér til afsökun fyrir Íslandsdvölinni og lætur næstum eins og hún sé ekki í vinnunni, sem hún er svo sannarlega. Á dögnum sendu þær Sólveig Eiríksdóttir frá sér bókina Mömmubitar, sem þær eru er að ýta úr vör um þessar mundir.

Fullt starf að borða

„Mig langaði að gera bók, sem er fersk, létt og skemmtileg. Mér fannst vanta svoléiðis. Það er nóg til af alls konar fræðingum á netinu þar sem alltaf er verið að hamra á því hvað allt sé hræðilegt og hvaða skelfilegu hlutir geti gerst. Allt er hættulegt. Mér fannst bara erfitt að borða og hugsa svona rosalega mikið um hvað ég átti að vera að borða yfir daginn til að ná öllum næringar-efnunum. Og þá ekki síst, hvað ég gæti borðað án þess að verða óglatt.“

Fyrir mér var þetta orðið fullt starf, ég eyddi öllum tímanum mínum í þetta. Ímyndunaraflíð datt bókstaflega úr mér, fór í frí,“ segir Anita sem sat ekki með hendur í skauti heldur sá gat í markaði og þéttri tímatöflu.

„En mér fannst þetta svo erfitt og ég þurfti mikið að hafa fyrir að finna út úr þessu. Ég er enginn harðstjóri með það sem ég set ofan í mig, mér finnst þetta bara allt snúast um fjölbreytni. Þannig er ég viss um að ég sé að fá nóg af mismunandi næringarrefnum. Og þegar upp var staðið hafði ég bara heimleikið að gefa. Lausnir sem eru þess virði að setja í bók og til þess fallnar að hjálpa öðrum verðandi mæðrum. Þessi hugmynd kom bara til mín, ég hafði ekkert hugsað mér að gefa út bók. Auk þess sem ég þekkti



EF EG MÆTTI RÁÐA, ÞÁ

VÆRI ÉG BARA Í VINNUNNI

AÐ SKAPA, Á SETTI.

SLEPPA ÞESSARI

HLIÐARVINNU SEM

PARTÍSTANDIÐ ER.

Sollu ekki neitt, en fannst samt engin önnur koma til greina. Ég hef alltaf verið einlægur aðdáandi hennar og eldað mikið eftir uppskriftunum hennar á netinu. Mundi að þabbi hafði einhvern tíma hitt hana svo ég fékk hann til að senda henni póst og svo fór þetta að rúlla, tölvupóstur á milli og svo stukkum við í símann,“ segir hún uppveðruð.

„Kreifingar“ eru stórmál

„Við vorum mikið í að finna lausnir fyrir konur með rosalega stórar bumbur þar sem barnið hefur ýtt maganum lengst út í horn svo hann verður pínulítill og þær geta eiginlega ekkert borðað. Samt sársvangar. Það var mikið vandamál fyrir mig. Solla kom þá með töfralausnina, sérlegar næringarmúffur,“ segir Anita og blaðamaður spyr hvort hún hafi þó ekki villst af leið líkt og margar kynsystur hennar í þeim hormónarússibana sem meðganga getur verið.

„Ég fékk tvær aðal „kreifingar“. Kreifingar eru stórmál, ég reyndi einmitt að fá að nota orðið Kreifingur sem kaflaheiti í bókinni minni og

kom því fyrir nefnd hjá Íslenskrí orðabók, en þar var þvertekið fyrir það. Mér finnst orðin þörf eða sárþrá engan veginn ná yfir ástandið,“ segir hún og skellihlær duglega áður en hún heldur áfram: „Ég var sumsé með kreifing í fikjur og svo ávexti. Við keyptum okkur hús þegar ég var ólétt og þar var fikjutré í garðinum sem getur hafa spilað inn í. Svo var ég dálítið að vakna á nóttunni og varð að fá kornflex með mjólk. Auk þess hafði ég aldrei verið hrifin af smjöri eða rjóma, en varð sólgín í það og er enn. Þessar kreifingar eru ekkert kjaftæði, þetta er líkaminn okkar að kalla á það sem vantar. Það verður að taka mark á þeim.“

Anita sver af sér að hafa alla tíð verið svona meðvituð um meinholtt mataræðið. „Nei, eiginlega ekki. Það var ekki fyrr en ég kláraði leiklistarskólann og fór að vinna langa daga á settum. Þá erum við yfirleitt í tólf klukkustunda tókum og vissara er að vera agaður varðandi það sem þú borðar. Ég tami mér því nokkuð snemma að borða oft og lítið, enda þarf ég að hafa sterkan haus og jafna orku og úthald þarna. Svo ég tali ekki um útlitið. Þetta helst allt í hendur. Ég er þannig meðvituð vegna þess að ég virkilega þarf þess. Meðan ég var ófrísk fann ég allan tímann fyrir mikilli þreytu og þá hjálpaði næringin mér gríðarlega og sjálfri líður mér hvergi betur en á setti svo það er býsna rökrétt að huga að þessu,“ svarar hún sannfærandi.

Spurð hvort hún hyggist leggja fyrir sig frekari bókaskrif segir hún, fullkomlega samkvæm sjálfri sér, að hún viti ekkert um það enda sé raudur þráður í hennar lífi „að um leið og eitt-hvað er ákveðið gerist einfaldlega eitt-hvað allt annað.“



Aðalfundur FVFI 2016

verður haldinn að Borgartúni 22
þriðjudaginn 19. apríl nk. kl. 19:00.

Fundarefni:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Lagabreytingar
3. Önnur mál

Veitingar að fundi loknum

Ársreikningur félagsins mun liggja frammi á skrifstofu FVFI alla virka daga milli kl. 10-15 vikuna fyrir fund.

Mætið vel og stundvíslega,

Stjórnin.

Kaffi dagar

Allar kaffivörur
á allt að **50%** afslætti.
Aðeins í nokkra daga!

LÝKUR UM HELGINA!

Kaffivélar, sjálfvirkar
kaffivélar, espressovélar,
kaffikvarnir, pressukönnur,
espressokönnur, kaffibox,
kaffikönnur, hitabrúsar,
flounarkönnur og
margt fleira.

LÝKUR UM HELGINA!



Saeco

BRAUN

AEG

PHILIPS

SEVERIN



DeLonghi

THERMOS

wilfa



Sjáðu allt úrvalið á
www.byggtogbuid.is

byggtogbúid

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS





Dilma Rousseff forseti ásamt forvera hennar í embættinu, Inacio Lula da Silva. Þau nutu ómældra vinsælda í Brasilíu þangað til rannsókn hófst á viðtæku spillingarneti í tengslum við ríkisrekna olíufyrirtækið Petrobras. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Mótmæli gegn Dilmu Rousseff og stjórn hennar hafa verið tíð í Brasilíu undanfarið. Stuðningsmenn hennar hafa reyndar efnt til fjölmennra útifunda líka. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Lofar öllu fögru hafni þingið málshöfðun

Rannsókn á ríkisrekna olíufyrirtækinu Petrobras hefur leitt í ljós viðtæka spillingu í viðskiptalífi og stjórnámum Brasilíu. Dilma Rousseff forseti á yfir höfði sér málshöfðun til embættismissis en ætlar að berjast af krafti.

Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is



Næðri deild þjóðþings Brasilíu greiðir á morgun atkvæði um það hvort höfða eigi mál á hendur Dilmu Rousseff forseta til embættismissis. Tillaga þess efnis var samþykkt í þingnefnd á mánudaginn.

Rousseff er sökuð um að hafa logið til um skuldastöðu ríkisins í aðdraganda síðustu kosninga. Hún er sögð hafa fegrað ríkisbókhaldið til að geta ótrauð haldið áfram að dæla fé úr ríkissjóði til vinsælla verkefna, sem hafi svo tryggt henni endurkjör.

Hún segist nú ætla að leggja alla áherslu á nauðsynlegar umbætur í stjórnámum og ríkisfjármálum, og lofar meira að segja að mynduð verði þjóðstjórn allra flokka til að takast á við það verkefni.

Vinsældir forsetans eru í lágmarki, en á hinn bóginn njóta andstæðingar hennar á þingi ekki mikils stuðnings heldur meðal almennings.

Petrobras-hneykslið

Óánægja almennings í garð stjórnmalamána almenns á rætur að rekja til rannsóknar á ríkisrekna olíufyrirtækinu Petrobras. Rannsóknin hefur leitt í ljós viðtæka spillingu sem nær bæði til flestra helstu verktakafyrirtækja landsins og teygir einnig ýmsa anga inn í heim stjórnmalanna.

Petrobras-braskið stóð yfir í áratug, frá 2004 til 2014, og snerist um að byggingafyrirtæki höfðu með sér leynilegt samráð um verktakasamninga við ríkisfyrirtækið Petrobras. Fyrirtækin græddu verulega á því að skipta þannig með sér kókunni, en peninginn notuðu þau meðal annars til að greiða yfirmönnum hjá Petrobras mútur. Tugir stjórnmalamanna fengu einnig vænar mútur fyrir að láta sem þeir sæju ekkert.

Rannsókn hófst á þessu öllu árið 2014 og hefur nú orðið til þess að tugir manna hafa verið ákærðir.

Auðkýfingar og áhrifamenn úr flestum stjórnmalaflokkum hafa verið dæmdir í fangelsi.

Í síðasta mánuði var til dæmis Marcelo Odebrecht, tæplega fimmtugur fyrrverandi forstjóri stærsta byggingafyrirtækis Suður-Ameríku, dæmdur í 19 ára fangelsi fyrir stórfelldar mútugreiðslur.

Nú síðast var Gim Argello, fyrrverandi öldungadeildarþingmaður, handtekinn fyrir að þiggja mútur í tengslum við Petrobras-braskið. Hann sjálfur var varaformaður þingnefndarinnar sem sá um rannsókn á Petrobras-hneykslinu en er sakadur um að hafa komið forstjórum að minnsta kosti tveggja fyrirtækja undan yfirheyrslum.

Hrikir í stoðum

Þetta er stærsta hneykslismálið í sögu Brasilíu, að minnsta kosti í seinni tíð, og nú hrikir í stoðum stjórnmalanna þar í landi.

Almenningur er reiður og reiðin beinist ekki síst að Rouseff og Verkamannaflokknum hennar, sem hefur verið við völd í þrettán ár samfleytt. Andstæðingar stjórnarinnar segja hana bæði gjörspillta og ekkert ráða við efnahagsvandann, sem nú hrjáir landsmenn.

Rousseff var sjálf formaður í stjórn Petrobras á árunum 2003 til 2010, en segist samt aldrei hafa vitað af því sem var í gangi. Rannsóknin hefur ekki leitt í ljós nein bein tengsl hennar við verktakasvindlið, en hún á engu að síður undir högg að sækja vegna tengsla félaga sinna við það.

Reyndi að koma Lula í skjól

Meðal annars hefur Luiz Ignacio Lula da Silva, forveri Rousseff í embættinu og lærimeistari hennar í Verkamannaflokknum, sætt alvarlegum ásökunum um aðild að þessu spillingarneti í kringum Petrobras-olíufyrirtækið.

Rousseff reyndi fyrir nokkrum vikum að bjarga Lula með því að gera hann að lykirláðherra í ríkisstjórn sinni. Embættið er kallað skrifstofustjóri ríkisstjórnarinnar, en er að nokkru sambærilegt við embætti forsætisráðherra.



Rauða bylgjan í Suður-Ameríku

Fyrir um það bil áratug tóku mið- og suður-amerískir kjósendur í hverju landinu á fætur öðru að halla sér að vinstri flokkum í auknum mæli. Áratuginu á undan hafði álfan að stórum hluta verið undirlögð af herforingjastjórnnum og einræðisherrum á hægri kantinum.

1999 Hugo Chavez fyrst kosinn forseti í Venesúela. Nicolas

Maduro tók við af honum 2013. 2003 Nestor Kirchner kosinn forseti Argentínu. Eiginkona hans Cristina Fernandez de Kirchner tók við árið 2007 og ríkti í tvö kjörtímabil til 2015. 2003 Luiz Inacio Lula da Silva kosinn forseti í Brasilíu og ríkti í tvö kjörtímabil. Dilma Rousseff tók við árið 2011. 2005 Tabare Vazquez kosinn forseti í Úrúgvæ. Hann lét af

embætti 2010 en sneri aftur 2015. Flokksbróðir hans, Jose Mujica, ríkti 2010 til 2015. 2006 Evo Morales kosinn í Bólívíu og ríkir þar enn. 2006 Michelle Bachelet kosin forseti í Síle. Hún tapaði kjöri 2010 en sneri aftur 2014. 2006 Allan Garcia kosinn í Perú. Ollanta Humala tók við keflinu árið 2011. 2006 Manuel Zelaya kosinn forseti í Hondúras og ríkti þar til 2009. 2007 Daniel Ortega endurkosinn forseti í Nikaragva og ríkir enn, en hann var forseti Sandinista-stjórnarinnar 1979-1990. 2007 Rafael Corrales kosinn forseti í Ekvador og ríkir þar enn. 2008 Fernando Lugo kosinn forseti í Paragvæ og ríkti til 2012. 2008 Alvaro Colom kosinn forseti í Gvatemala og ríkti þar til 2012. 2009 Mauricio Funes kosinn forseti í El Salvador en Salvador Sanchez Ceren tók við af honum 2014.

Kæra til embættismissis

- 1 NEDRI DEILD ÞINGSINS** Skipar í 65 manna nefnd sem fær tíu daga til að komast að niðurstöðu um hvort rétt sé að kæra til embættismissis.
- 2 AKÆRA** Næðri deildin greiðir atkvæði um niðurstöðu nefndarinnar. Í deildinni sitja 513 þingmenn og þurfa tveir þriðju að samþykkja kærana. Þar með er Rousseff sloppin ef 171 þingmaður greiðir atkvæði á móti eða situr hjá.
- 3 ÖLDUNGAEILDIN** Tapi Rousseff atkvæðagreiðslunni verður hún að vika. Michel Temer varaforseti tekur þá við til bráðabirgða. Öldungadeild greiðir síðan atkvæði um hvort hefja eigi réttarhöld.
- 4 MÁLAFERLIN** Öldungadeildin hefur 180 daga til að rétta í málinu. Forseti Hæstaréttar verður dómforseti deildarinnar á meðan. Í deildinni situr 81 þingmaður. Greiði tveir af hverjum þremur atkvæði með embættismissi þá verður Rousseff bannað að gegna kjörnu embætti í átta ár. Temer verður þá forseti út kjörtímabilid.

Source: Agência Brasil Pictures: Dorivan Marinho, Givaldo Barros via Newscom

© GRAPHIC NEWS

Hefði Lula fengið að sitja í þessu embætti væri erfiðara að höfða mál gegn honum.

Hrap úr vinsældahæðum

Lula var vinsæll verkalýðsleiðtogi sem var kosinn forseti Brasilíu árið 2002 og gegndi embættinu í tvö kjörtímabil við miklar vinsældir. Þegar hann hætti var hann sagður vinsælasti forseti veraldar. Efnahagslífið blómstraði og Rousseff nauðgöfs af því þegar hún tók við af honum í byrjun árs 2011.

Rétt eins og Rousseff neitar Lula allri aðild að spillingarnetinu og segist aldrei hafa þegið mútur.

Rousseff og stuðningsmenn hennar segja málshöfðunina á hendur henni runna undan rifjum andstæðinga þeirra og jafnast á við valdarán. Rousseff hefur meira að segja sakað Michel Temer varaforseta, sem verður forseti ef Rousseff verður vikið frá, um aðild að sam-særi gegn sér.

MINNI MATARLYST OG SYKURÞÖRF

Icecare kynnr Amínó® Létt er seðjandi blanda sem auðveldar þyngdarstjórnun þar sem glúkómannan stuðlar að þyngdartapi, sé það tekið inn sem hluti af orkusnauðu mataræði. Guðrúnu Lilju finnst það virka vel fyrir sig.

Amínó® Líðir, Amínó® Létt og Amínó® 100% eru nýjar vörur úr fiskprótíni sem var þróað og unnið hjá Iceprotein, íslensku sprotafyrirtæki á Sauðárkróki. Amínó® vörulínan samanstendur af fæðubótarefnum sem innihalda þorskrótín, ásamt öðrum lífvirkum efnum sem styðja við eða auka heilsuþætandi virkni þorskeptíða.

STUÐLAR AÐ ÞYNGDARTAPI

Auk fiskprótíns inniheldur Amínó® Létt glúkómannan sem eru náttúrulegar trefjar unnar úr hnýði rótar konjac-plöntunnar. Glúkómannan er þekkt fyrir einstaka hæfileika til að auka umfang sitt í meltingarveginum og auka þannig seddutilfinningu og seinka tæmingu magans. Það hefur verið staðfest í klínískum rannsóknum að glúkómannan stuðli að þyngdartapi [1] sé það tekið inn sem hluti af orkusnauðu mataræði. Einnig inniheldur Amínó® Létt króm-pikkólínat. Króm er nauðsynlegt fyrir orkubúskap líkamans vegna hlutverks þess í efnaskiptum glúkósa. Króm-pikkólínat stuðlar að eðlilegum efnaskiptum orkugefandi næringarfedna (e. macronutrient) og er talið minnka sykurloöngun.

BORÐAR REGLULEGAR OG HOLLAR

Guðrún Lilja Hermannsdóttir segist hafa átt erfitt með að létta sig, sama hvað hún reyndi. Henni finnst Amínó® Létt hafa hjálpað sér við að vera saddari og borða þar af leiðandi minna, þökk sé glúkómannan. „Ég er mjög ánægð með Amínó® Létt, finn mikinn mun á mér og langar til að nota það áfram. Ég hef alltaf verið með mikið uppþembðan maga en það hefur lagast mikið eftir að ég byrjaði á töflunum auk þess sem ég hef losnað



við nokkur kíló. Matarlystin hefur minnkað, sem og sykurloöngun, meltingin er betri, ég borða reglulegar og er ekki að fá mér eitthvert nasl á kvöldin nema þá grænmeti og ávexti. Ég mæli því heils hugar með Amínó® Létt,“ segir Guðrún Lilja.

100% HREIN NÁTTÚRUAFURÐ

Að sögn dr. Hólmfríðar Sveinsdóttur, stofnanda og framkvæmdastjóra PROTIS ehf. sem framleiðir Amínó® vörulínan, er fiskprótínið unnið úr hágæða hráefni sem fellur til við flakavinnslu á íslenskum þorski. „Fiskprótínið er hundrað prósent hrein náttúruafurð, hægt er að rekja hvar fiskurinn er veiddur og allt hráefnið er unnið á Íslandi.“

Hólmfríður segir markmiðið vera að hámarka nýtingu á einstakri náttúruauðlind og bæta lýðheilsu. „Fiskprótínið er unnið samkvæmt IceProtein® tækni sem byggir á vatnsrofstækni þar sem prótínin eru meðhöndluð með vatni og ensímum og í framhaldinu síuð þannig að prótínið sem kallast IceProtein® samanstendur einungis af smáum lífvirkum peptíðum,“ útskýrir Hólmfríður.

Framleiðsla PROTIS byggir á áralöngum rannsóknum á fiskprótíni sem vísindamenn rannsókna- og þróunarfyrirtækisins Iceproteins hafa stundað í samvinnu við Matís, Háskóla Íslands og fleiri rannsóknastofnanir. „Markmið PROTIS er að hagnýta þá miklu þekkingu og reynslu sem byggst hefur upp í kringum rannsóknir á fiskprótíni og reynslu við veiðar og vinnslu á fiski í þágu bættrar lýðheilsu og betri nýtingar á íslenskum fiskistofnum,“ segir Hólmfríður.



„Ég er mjög ánægð með Amínó® Létt, finn mikinn mun á mér og langar til að nota það áfram,“ segir Guðrún Lilja Hermannsdóttir. MYND/VILHELM



Hólmfríður Sveinsdóttir, stofnandi og framkvæmdastjóri PROTIS ehf. sem framleiðir Amínó® vörulínan. MYND/ANTON BRINK

SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is

IceCare
Þín heilsa

Prógastró – fyrir heilbrigða meltingu og þarmaflóru

Vissir þú að **Prógastró góðgerlarnir:**

- stuðla að **heilbrigðri magaflóru**
- geta stuðlað að **minnkuðu ummáli maga**
- virka við **hægðatregðu og niðurgangi**
- vinna gegn **candida- og sveppasýkingu**



„Prógastró hefur gert kraftaverk fyrir fjölskylduna mína. Mæli heilshugar með því. Sonur minn var lengi slæmur í maga en eftir að hann fór að taka Prógastró reglulega öðlaðist hann nýtt líf.“

Lóló Rósinkranz, einkaþjálfari í World Class

Söluastaðir: Flest apótek, heilsuþúðir og heilsuhillur verslana



„Við stóðum okkur vel á þessum tónleikum og þar með var frægðin kominn í einum hvelli og við tæplega undirbúnir fyrir ósköpin sem þessu fylgdi,“ segir Bjössi um stórtónleikana á Arnarhóli 1986. MYND/VILHELM

ALLT Á FLEYGIFERÐ

Greifarnir unnu Músíktilraunir fyrir 30 árum og hafa síðan skemmt landsmönnum. Fram undan er órafmögðuð tónleikaferð um landið.

Um þessar mundir eru 30 ár síðan ung hljómsveit frá Húsavík vann Músíktilraunir og hóf þar með langan og farsælan feril. Hljómsveitin heitir auðvitað Greifarnir og mánudirnir sem fylgdu í kjölfarið áttu eftir verða ótrúlega viðburðaríkir þegar sveitinni skaut ógnarhratt upp á stjörnuhiminn.

Sveinbjörn Grétarsson, eða Bjössi eins og hann er alltaf kallaður, er gítarleikari Greifanna og einn laga- og textahöfundur sveitarinnar. Hann segist varla trúa því að liðin séu 30 ár síðan þeir unnu Músíktilraunir enda líður honum eins og hann sé tæplega þrítugur sjálfur. „Það var náttúrulega rosaleg upplifun fyrir strákpjakkka frá Húsavík að vinna Músíktilraunir. Við tókum þátt árinu áður undir nafninu Special Treatment og lentum í 2. sæti. Við mættum því ári síðar undir nýju nafni, með íslenska texta og Felix Bergsson sem söngvara. Þannig unnum við keppnina sem var stórkostleg tilfinning.“

Allt fór á fleygiferð í lífi ungu manna og næstu mánuðir urðu viðburðaríkir. Í júní var sveitin valin sem ein fjöggurra íslenskra hljómsveita til að hita upp á Listapoppi, tveggja daga tónleikum í Laugardalshöll, og í ágúst spiluðu Greifarnir á stórtónleikum sem haldnir voru við Arnarhól í Reykjavík. Báðir tónleikarnir áttu stóran þátt í að gera Greifana að einni vin-

sælustu hljómsveit landsins næstu ára.

EFTIRMINNILEGIR TÓNLEIKAR

Bjössi rifjar upp þessa örlogaríku mánuði. „Að vinna Músíktilraunir 1986 var mikill happafengur fyrir okkur. Reykjavíkurborg átti 200 ára afmæli sama ár og voru af því tilefni skipulagðir stórtónleikarnir Listapopp. Þar komu fram Simply Red, Madness, Fine Young Cannibals, Loyd Cole and the Commotions og svo íslensku sveitirnar Grafík, Greifarnir, Rickshaw og Bjarni Tryggva.“

Gríðarlegur metnaður var lagður í útlit og fatnað sveitarinnar að sögn Bjössa og var Gerður í Flónni fengin til að sérsauma búninga eftir nýjustu tísku frá London. „Svo vorum við með margverðlaunaða hárgreiðsludömu sem sá um klippingu og förðun enda var þetta á „eighties“ tímabilinu.“

Risatónleikarnir á Arnarhóli voru í beinni útsendingu á RÚV en um 20.000 manns voru viðstaddir þá sem var einstakt á þeim tíma. Þeir fengu mikið áhorf og voru að sögn Bjössa ábyggilega teknir upp á VHS-vídeospólu á öðru hvoru heimili. „Við stóðum okkur vel á þessum tónleikum og þar með var frægðin kominn í einum hvelli og við tæplega undirbúnir fyrir ósköpin sem þessu fylgdu. Reyndar var frægðin komin á undan tónleikunum. Þegar við mættum á svæðið voru einhver bönd búnin að spila. Þá sögðu Gulli Helga og Þorgeir Ástvaldsson sem voru kynnar við okkur: „Gott að þið eruð komnir, það er allur skarinn búinn að vera að kalla á Greifana.“ Við héldum að þeir væru að grínast og fórum allir í hnút en svo heyrðum við á milli laga að þetta var rétt. Eftir tónleikana þurftum við aðstoð lögreglu til að komast í burtu af svæðinu.“

GÓÐAR MINNINGAR

Ýmsar útihátíðir og sveitaböll standa upp úr í minningunni. „Við voru t.d. eina bandið sem spilaði á stóra sviðinu á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum árið 1988 utan þess að Sléttuúlfarnir spiluðu í klukkustund.“ Eitt ball í Hreðavatns-skála var líka sérlega eftirminni-

legt. „Þá þurfti að loka þjóðvegi eitt sem liggur við húsið í rúma klukkustund vegna mannmörgðar. Við spiluðum í tjaldinu við hliðina á skálanum og stemmingin sem myndaðist þar var einstök.“

Á tímabili var í miklu uppáhaldi hjá bandinu að spila í Tjarnarborg á Ólafsfirði. „Ástæðan var aðallega hversu skemmtilegur staðarhaldarinn var á þeim tíma en þar réð Rögnvaldur Ingólfsson lögum og lofum. Ævinlega urðu deilur í lok dansleiks við Rögnvald en hann vildi alltaf að við fengjum meira borgað en samið hafði verið um. Það kom ekki til greina af okkar hálfu. Samningar náðust þó alltaf á endanum.“

SAKNAR SVEITABALLA

Margt hefur breyst í bransinum síðustu þrjú áratugi, sumt til betri vegar, annað ekki. „Ég er alinn upp á blómatímabili sveitaballa þar sem allir eldri en 16 ára skemmtu sér saman á sveitaböllum. Ég sakna þessa tíma, bæði sem gestur og líka sem hljómsveitar meðlimur uppi á sviði. Þetta er liðin tíð og sveitaballamenningin er nánast horfin.“

Aftur á móti er í dag hægt að halda veglegri tónleika en áður og fólk er duglegra að mæta og um leið tilbúið að borga hærra miðaverð. „Í dag upplifi ég gríðarlega grósku í tónlistarbransinum og næ ekki að fylgjast með nándar nærri öllu sem er í gangi. Ég kvíði engu þegar kemur að framtíð íslenskrar tónlistar.“

ANNIR FRAM UNÐAN

Undanfarnir ár hafa Greifarnir spilað opinberlega 10-20 sinnum á ári. Nú er hins vegar ætlunin að spila meira að sögn Bjössa og fara í órafmagnaða tónleikaferð um landið í tilefni 30 ára afmælisins. „Þar munum við leggja áherslu á mikla nánd við áhorfendur, taka lög sem heyrast ekki oft á böllum auk þess að rifja upp sögur af ferlinum. Þetta er enn á undirbúningsstigi og ekki komnar neinar fastar dagsetningar. Svo höfum við verið að hittast til að skoða og semja nýtt efni sem við höfum ekki gert lengi. Hvort eða hvenær við gefum þetta efni út kemur svo bara í ljós.“

514 Straight
frá kr. 12.990

Beinar niður
Sitja á mjöðmum
Létt teygja

Verð í Danmörk frá kr. 14.137*
Verð í Bretlandi frá kr. 12.367*

LIVE IN **Levi's**

Levi's Kringlunni - Levi's Smáralind - Levi's Glerártorgi

*skv. gjaldskrá levi.com og gengistöflu Íslandsbanka 15.04.16



Greifarnir tilbúnir fyrir Listapoppstónleikana 1986. Ein bakraddasöngkona Fine Young Cannibals átti ekki til orð yfir hvað fötin voru flott. MYND/ÚR EINKASAFNI



Vagibalance ratiopharm og Vagimoist ratiopharm eru tvær nýjar vörur sem fást nú í apótekum.

VANDAMÁL Í LEGGÖNGUM — NÝJAR LAUSNIR

LYFIS kynnir Tvær nýjar vörur eru komnar í sölu í apótekum sem vinna gegn algengum vandamálum hjá konum. Vörurnar eru Vagibalance ratiopharm leggangatöflur og Vagimoist ratiopharm leggangastílar. Eftirfarandi eru upplýsingar um vörurnar sem hefur verið tekið fagnandi.



Mjólkursýrugerlar

- Endurheimta gerlajafnvægi

Mjólkursýra

- Leiðréttir sýrustig og bætir gerlajafnrú

VAGIBALANCE KEMUR JAFNVÆGI Á GERLAFLÓRU Í LEGGÖNGUM

Vagibalance ratiopharm eru leggangatöflur sem innihalda mjólkursýrugerla og mjólkursýru sem endurheimta og viðhalda náttúrulegu sýrustigi og gerlajafnvægi í leggöngum.

„Mikilvægt er að viðhalda náttúrulegu sýrustigi í leggöngunum, sem eru örliði súrar aðstæður,“ segir Hákon Steinsson, lyfjafræðingur hjá LYFIS. Ef aðstæður í leggöngunum eru ekki eins súrar og þær eiga að vera getur vöxtur skaðlegra baktería náð sér á strik og leitt til bakteríusýkingar í leggöngum.

Gerlajafnvægi í leggöngum og þvagrás getur raskast af ýmsum

ástæðum. Algengar ástæður eru tíðablæðingar, meðganga, tíðahvörf, meðferð með sýklalyfjum og samfarir. Of mikið hreinlæti ásamt notkun tíðatappa og binda getur jafnvel valdið röskun á þessu jafnvægi. Algengustu einkenni röskunar á gerlajafnvægi í leggöngum eru sviði, kláði og aukin hvít útfærð.

Vagibalance ratiopharm er eina varan sem inniheldur mjólkursýrugerla á þessu formi. „Hér áður var önnur álíka vara til í apótekum og mikið hefur verið spurt um hana síðan hún hætti. Vagibalance ratiopharm hefur því verið tekið fagnandi,“ segir Hákon.

VAGIMOIST EYKUR RAKA OG HEFUR SMYRJANDI ÁHRIF Í LEGGÖNGUM



Hýalúronsýra

- Rakagefandi og smyrjandi áhrif

Mjólkursýra

- Leiðréttir sýrustig og bætir gerlajafnrú

Polycarbophil

- Leiðréttir sýrustig

Vagimoist ratiopharm eru leggangastílar sem innihalda hýalúronsýru og mjólkursýru. Stílnir eru rakagefandi og hafa smyrjandi áhrif í leggöngum auk þess að leiðrétta sýrustig. Vagimoist er staðbundin, hormónalaus meðferð við þurrki í leggöngum sem hentar m.a. vel þeim konum sem leita eftir leiðum til að minnka einkenni þurrks í leggöngum án hormóna.

„Estrógen í hormónalyfjum veldur því að veggir legganga þykkna og verða rakari en slík lyf geta einnig lítillaga aukið hættu á brjóstá- og legkrabbameini,“ segir Hákon Steinsson, lyfjafræðingur hjá LYFIS. Þurrkur í leggöngum getur verið af ýmsum ástæðum.

Algeng ástæða er breytingaskeið kvenna, en einnig getur þurrkurinn t.d. stafað af lyfjanotkun, legnámi, húðsjúkdómi, sveppasýkingu, þungun eða brjóstgjöf, þreytu og streitu eða mikilli notkun innleggja, binda og tíðatappa. Vagimoist ratiopharm hjálpar til við að viðhalda jafnvægi á náttúrulegu sýrustigi (pH-gildi) og endurheimt eðlilegrar gerlajafnrú í leggöngum. Tvö innihaldsefni stílnanna (hýalúronsýra og mjólkursýra) stuðla að rakajafnvægi í leggöngum, hafa smyrjandi áhrif og verka gegn einkennum sem koma fram vegna röskunar á sýrustigi. Vagimoist ratiopharm má nota til meðferðar og sem fyrirbyggjandi við þurrki í leggöngum, í tengslum við sýkingar og einnig ertingu, sviða og kláða.



SOREFIX VERKAR Á ÖLLUM STIGUM FRUNSU

LYFIS kynnir Sorefix varasalvi er ætlaður til að meðhöndla og koma í veg fyrir frunsu og má nota á öllum stigum frunsu. Sorefix hefur einnig fyrirbyggjandi verkun. Sorefix varasalvi fæst í apótekum, bæði í krukku og túpu.

„Sorefix varasalvinn hefur fengið einstaklega góðar viðtökur og er fólk mjög ánægt með hversu fljótt hann virkar“ segir Hákon Steinsson, lyfjafræðingur hjá LYFIS. „Sorefix varasalvinn þurrkar frunsuna upp fljótt og vel þrátt fyrir að frunsan sé komin vel á veg.“ Til að ná besta mögulega árangri skal bera varasalvann á 3-6 sinnum á dag. SoreFix varasalvann má einnig nota fyrir börn frá 4 ára aldri. SoreFix inniheldur efni sem hafa reynst virk við meðhöndlun á frunsu og við að koma í veg fyrir frunsu. Virkni SoreFix byggir á efnislegru UV-vörn og sink-samböndum sem varan inniheldur. SoreFix í túpu hefur auk þess viðbótarsólarvörn og er með háan sólarvarnarstuðul (SPF 30). Varasalvinn inniheldur ekki súlföt, frjálts polyethylen glycol, triethanolamin, diethanolamin, parabena eða önnur rotvarnarefni. Frekari upplýsingar má finna á www.sorefix.com en þar er að finna ítarlegar upplýsingar um Sorefix varasalvann og einnig um frunsur.



Sorefix varasalvinn verkar á öllum stigum frunsu.

SOREFLEX FYRIRBYGGIR EINNIG FRUNSUR

Lærðu að þekkja hvað það er sem framkallar frunsu hjá þér til að fyrirbyggja komu þeirra.

- Preyta
- Veiklað ónæmiskerfi
- Veikindi eins og kvef og hiti

- Kalt veðurfar
- Sterkt sólarljós
- Þurrar eða sprungnar varir
- Sár á vörum
- Álag
- Tíðablæðingar

Sorefix varasalvinn fæst bæði í krukku og túpu og hann er ætlaður fullorðnum og börnum frá 4 ára aldri.



Lægra verð í Lyfju

Frunsa?

lyfja.is



Nýttu tækifærið. 20% afsláttur. Við stefnum að vellíðan.



Sorefix frunsusmyrslí á 20% afslátt úr apríl.

FJAÐRAFOK TÓNLISTARKONU Á VERKSTÆÐI ORGELSMIÐSINS

Tónlistarkonan **Myrra Rós** hefur hreiðrað um sig á verkstæði Björgvins Tómassonar orgelsmiðs á Stokkseyri. Þangað er hún flutt ásamt eiginmanninum Júlíusi og smíðar fuglsvængi úr viðarþynnum sem falla til við orgelsmiðina. Hún kann vel við kyrrðina og náttúrufegurðina á Stokkseyri og hefur fundið sveitastelpuna í sér.

„Ég hélt alltaf að ég væri voða mikil borgarpía en það er æðislegt að vera í rólegheitunum hér á Stokkseyri,“ segir tónlistarkonan Myrra Rós en hún og eiginmaðurinn, Júlíus Björgvinsson, fluttu úr Mosfellsbænum til Stokkseyrar um áramótin. Ástæða flutninganna er sú að Júlíus er lærlingur í orgelsmiði hjá föður sínum, Björgvini Tómassyni, sem er eini orgelsmiðurinn á landinu.

Myrra hreiðraði svo óvænt sjálf um sig á verkstæðinu og smíðar þar fuglsvængi úr viðarþynnum sem falla til við orgelsmiðina.



Hrafnsvartir vængir eftir Myrru en hún vinnur hverja einustu fjöður og limir svo saman. MYND/MYRRA RÓS



FJAÐRAFOK VERÐUR TIL

„Ég var bara að hanga einn daginn á verkstæðinu hjá þeim og datt þá í hug að ég gæti kannski búið eitthvað til úr afgangunum. Úr urðu fuglsvængir en mig langaði að búa til vængi sem kæmu út úr veggnum. Ég þreifaði mig áfram með það hvernig viðurinn hagaði sér og hvað væri best að nota. Ég hef alltaf verið handlagin en Júlíus hjálpar mér með tækniatriðin,“ segir Myrra. Hún segir stemminguna á verkstæðinu afar notalega.

„Ég er mikið fyrir að dunda mér og sökkvi mér ofan í fínvinnuna. Ég er komin með mitt horn á vinnuborðinu og sit þar og bardúsa meðan þeir eru að gera við harmóníum. Það er mjög kósí stemming hjá okkur.“

TENGDAÞABBI ÁNÆGÐUR

En hvað finnst Björgvini um það að tengdadóttirin sé komin inn á verkstæðið?

„Við höfum bara gott af því, þessir gömlu kallar, að fá ungt fólk hingað inn,“ segir hann

hress. „Það er gaman að fá Myrru og Júlíus hingað til Stokkseyrar. Ég vonast til þess að við Júlíus verðum saman í þessu í nokkur ár og svo taki hann við rekstrinum,“ segir hann.

Björgvin er eini orgelsmiður landsins og hefur smíðað hátt í fjörutíu orgel sem dreifð eru um allt land. Þó segir hann hafa dregið verulega úr nýsmíði eftir hrún.

„Ætli síðasta nýsmíði hafi ekki verið pípuorgel í Vídalínskirkju sem vígt var 2013. Svo fer vonandi að ljúka orgelsmiði fyrir



Myrra Rós tónlistarkona er flutt til Stokkseyrar þar sem hún smíðar fuglsvængi á verkstæði tengdaföður síns. MYND/JAN INGARDEN

„Ég er mikið fyrir að dunda mér og sökkvi mér niður í fínvinnuna. Ég er komin með mitt horn á vinnuborðinu og sit þar og bardúsa meðan þeir eru að gera við harmóníum. Það er mjög kósí stemming hjá okkur. Við erum mjög ánægð hérna. Þetta var „meant to be“.

Guðríðarkirkju, en það verkefni hefur verið stopp frá því hrúnið varð. Elstu hljóðfærin okkar eru að detta á viðhaldsaldurinn. Það verða verkefni næstu árin, en við erum alls ekki af baki dottin,“ segir Björgvin.

STUTT Í BÆINN

Myrra segir smíðina nú eiga hug sinn allan en sinnir þó tilfallandi tónlistargiggum. Hún hefur búið til Facebook-síðu um fuglsvæng-

ina sem hún kallar Fjaðrafok og segir þau Júlíus farin að leita sér að varanlegu húsnæði á Stokkseyri.

„Okkur langar að kaupa hús og setjast alveg að hérna. Svo er stutt að keyra til Reykjavíkur ef man langar í bæinn. Vinum okkar í bænum finnst líka mjög gaman að heimsækja okkur út í sveit. Við erum mjög ánægð hérna. Þetta var „meant to be“.

heida@365.is



Júlíus er lærlingur hjá föður sínum Björgvini Tómassyni en Björgvin er eini orgelsmiðurinn á landinu.



Á Facebook má skoða smíði Myrru undir heitinu Fjaðrafok. MYND/MYRRA RÓS

Mikið úrval af vönduðum miðalda- og víkingabúningum og leikföngum.

Föndraðu fugla 1.995 kr.

Forvitnir ferðalangar, valkyrjur og víkingar Sumargjöfin fæst í Safnbúðinni

Sólúr 1.550 kr.

Smásjá 1.995 kr.

Togarahöfn í tinboxi 2.550 kr.

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
National Museum of Iceland

Suðurgata 41 · 101 Reykjavík · Sími 530 2203 · thjodminjasafn.is
Opíð alla daga vikunnar 10-17 (frá 1. maí)





MEÐ HANDBRAGÐI FAGMANNINS

Íslenska sveitin bregst aldrei. Þar er ferskleiki á hverjum hól og þar fær SS besta hráefni sem völ er á. Handbragð sterkra fagmanna SS gerir góða vöru enn betri og góð vara er lykillinn að góðum stundum. Veldu SS steikina með handbragði fagmannsins.

Íslenska sveitin og SS – fyrir þig.



ALLA DAGA KL. 19:00 



GULLSTÖÐIN

ALLRA BESTU VINIR ÞÍNIR ERU Á GULLSTÖÐINNI ALLA DAGA KL. 19.00

365.is | Sími 1817 **365**



Söngkonan Steinunn eyðir stórum hluta tíma síns á Þjóðarþóklöðunni þessa dagana þar sem hún mun skila BA-ritgerð eftir mánuð. MYND/VILHELM

LÆRIR, MÓTMÆLIR OG NÝTUR VEÐURSINS

Tónlistarkonan **Steinunn Jónsdóttir** elskar að dansa og skemmtir sér konunglega við að skemmta fólki sem er að skemmta sér.

Reykjavíkurdóttirin og Amabada-meðlimurinn Steinunn Jónsdóttir hefur í nógu að snúast þessa dagana. Hún á að skila BA-ritgerð eftir mánuð, hefur verið að semja og æfa nýtt efni með Amabada og taka upp plötu með Reykjavíkurdætrum. „Amabada var að gefa út nýtt lag sem að heitir Aiaiai og það er mjög skemmtilegt. Við erum búin að vera að semja og æfa nýtt efni og verðum örugglega að spila mikið á næstunni. Það er líka búið að vera nógu að gera hjá Reykjavíkurdætrum en við erum að klára að taka upp okkar fyrstu plötu og erum svo bókaðar á nokkrar mjög spennandi hátíðir á Íslandi og á meginlandinu í sumar. Annars fara dagarnir mínir bara í það að skrifa ritgerð og njóta veðurbliðunnar með fjölskyldunni minni og vinum,“ segir Steinunn.

Stendur eitthvað sérstakt til um þessa helgi? Já, ég er að spila á tveimur árshátíðum með Amabada og ég þarf að læra. Svo mæti ég örugglega á Austurvöll líka og mótmæli spillingunni sem er við lýði í þessu landi.

Hver er óskamorgunmaturinn um helgar? Gott ávaxtasalat með jarðarberjum, bláberjum, mangói, melónu, kíví, banana... og já bara fullt af ávöxtum!

Hver er yfirleitt helgarmorgunmaturinn? Örugglega hafra-grautur með hnetusmjöri. Ég fæ mér reyndar ekkert alltaf morgunmat.

Þegar þú ferð út að skemmta þér

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera? Það er mjög gaman að byrja kvöldið í góðra vina hópi og fara svo út að dansa. Ég elska að dansa. Annars vinn ég náttúrulega við það að skemmta fólki sem er úti að skemmta sér og skemmti mér yfirleitt konunglega við það.

Sefur þú út um helgar? Ég geri yfirleitt mjög heidarlega tilraun til þess en það tekst yfirleitt ekki. Eftir að ég varð mamma þá er eins og ég hafi tapað þeim eiginleika að geta sofnið út. En stundum, ef ég vanda mig mjög mikið, þá næ ég að sofa til hádegis.

Uppáhaldshelgarmaturinn? Bara eitthvað næs sem er gott á bragðið og gaman að borða og ekki búið til úr dýrum eða dýraafurðum.

Hvar er best að borða hann? Það er alltaf gaman að fara út að borða, til dæmis á Kaffi vínyl. Svo er líka gaman að borða úti. Annaðhvort á svölunum heima, í garðinum hans pabba eða í sveitinni hjá tengdó.

Vakir þú fram eftir? Já, ég geri það stundum. Ég reyni samt alltaf að fara að sofa fyrir miðnætti. Allavega á virkum dögum. Það tekst bara ekki alltaf. Yfirleitt vegna þess að ég eyði of miklum tíma í að leita að einhverju til að sofna yfir. Stundum horfi ég til dæmis á „trailera“ í svipað langan tíma og það myndi taka mig að horfa á heila mynd.

Hvert ferðu út að dansa? Ég elti yfirleitt bara skemmtilega plötu-snúða. ReykjavíkSoundssystem er

í uppáhaldi enda spila þeir reggi og það er best að dansa við reggi!

Hvernig er draumhelgin? Ég væri alveg til í að skreppa með góðu fólki á hitabeltisströnd, slappa af, borða góða ávexti, drekka kokteila og hlusta á tónlist í sól og tímaleysi.

Ef þú ert næturhrafn færðu þér eitthvað í gogginn á kvöldin? Ég er eiginlega ekki næturhrafn. Það er svo gott að sofa og eins og ég sagði hér áðan þá á ég mjög erfitt með að sofa út. Þannig að ég borða yfirleitt bara kvöldmat og svo næ ég yfirleitt ekki að borða neitt annað áður en ég sofna. Nema náttúrulega ef ég er að djamma. Þá fæ ég mér falafel á Mandý.

Ertu með nammidag? Hvaða nammi færðu þér? Nei, ég er ekki með nammidag. En ég fæ mér alveg stundum nammi. Bara vegan nammi samt. Engin dýr.

Hvar er best að eyða laugardags-eftirmiðdegi? Í sveitinni eða í sándtessi.

Hvað verður í sunnudagskaffinu? Rítskex og hummus. Og mangó. Ég elska mangó.

Með hverjum er best að hanga um helgar? Bara öllu góða fólkinu sem ég er svo heppin að hafa í lífi mínu. Fjölskyldunni minni, vinum og samstarfsfólki, það er eiginlega allt sama fólkið. Ég hélt upp á afmælið mitt um daginn og þangað mætti meginþorrinn af þessu liði og það var alveg fullkomið!



SIGGI HLÖ ER Í LOFTINU

LAUGARDAG MILLI KL. 16:00 - 18:30

BYLGJAN
989

NÝTT OG BETRA APP

Smelltu þér á Fréttablaðsappið og lestu blaðið í símanum eða spjaldtölvunni hvar og hvenær sem er.

FBL

Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum




FRÉTTABLAÐIÐ

Hvalasafnið á Húsavík

Framkvæmdastjóri



Hvalasafnið á Húsavík óskar eftir að ráða öflugan og áhugasaman einstakling í starf framkvæmdastjóra. Hvalasafnið á Húsavík er rótgróið safn sem byggir starfsemi sína á styrkum stoðum og tengslum við nærsamfélagið og fræðasamfélagið. Gestir síðasta árs voru um 26.000 og má búast við aukningu á næstu árum. Framundan eru uppfærslur á sýningum safnsins, auk þess sem gert er ráð fyrir stækkun sýningarrýmis. Fræðsluþáttur safnsins er veigamikill, en safnið vinnur náið með mennta- og fræðastofnunum á Íslandi sem og erlendis.

Umsóknarfrestur

1. maí

Helstu verkefni:

- Umsjón og ábyrgð dagslegs reksturs.
- Yfirumsjón og eftirfylgni rekstrar- og fjárhagsáætlana.
- Umsjón með sölu- og markaðsmálum.
- Stefnumótun.
- Starfsmannastjórnun.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/2699

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Haldgóð reynsla af rekstri, stjórnun og starfsmannahaldi.
- Góð þekking og áhugi á safnastarfsemi.
- Reynsla af markaðsmálum kostur.
- Framúrskarandi samskipta- og leiðtogaþæfileikar.
- Frumkvæði, drifkraftur og hæfni til að koma auga á tækifæri.
- Skipulagshæfni og hæfni til að fylgja verkefnum eftir.
- Góð tölvu- og tungumálakunnátta skilyrði.

Hvalasafnið á Húsavík var stofnað árið 1997 og er meðal fárra sérhæfðra safna á sviði hvala á heimsvísu. Safnið er einnig meðal fjölsóttustu safna/sýninga í byggðum landsins. Hvalasafnið byggir starfsemi sína m.a. á nánu samstarfi við sérfræðinga á sviði sjávarspendýra auk þess sem safnið vinnur náið með nærliggjandi menntastofnunum. Nýjasta fjöður í hatt safnsins er 22 m löng grind af steypireyði sem rak á land á Skaga árið 2010, en grindin er sett upp á þann hátt að hún sýni hvalreka í sinni náttúrulegu mynd.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent



Hópstjóri

Eignaumsýsla Íslandsbanka

Eignaumsýsla Íslandsbanka er hluti af rekstrardeild bankans og annast viðhald og umsjón með eignum hans. Hópstjórinn okkar ætlar að minnka við sig og því óskum við eftir tæknifræðingi til að taka við af honum og leiða eignaumsýsluna.

Umsóknarfrestur er til og með 24. apríl

Umsóknir óskast fylltar út á www.islandsbanki.is og sendar ásamt ítarlegri ferilskrá.

Helstu verkefni:

- Dagleg stjórnun og rekstur eignaumsýslu
- Verkstýring og samskipti við iðnaðarmenn og aðra verktaka
- Verkstýring og eftirlit með rekstrar- og viðhaldsverkefnum
- Greiningar og áætlanagerð

Hæfniskröfur:

- Byggingatæknifræðingur eða sambærileg menntun
- Reynsla af stjórnun
- Þekking og reynsla af viðhaldi fasteigna
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Metnaður og þjónustulund

Nánari upplýsingar:

Sólveig Hrönn Sigurðardóttir deildarstjóri rekstrardeildar sími 440 3879, solveig.sigurdardottir@islandsbanki.is

Sigrún Ólafsdóttir, ráðningarstjóri sími 440 4172, sigrun.olafs@islandsbanki.is



Við bjóðum góða þjónustu. Hjá Íslandsbanka starfa um 950 starfsmenn. Við sækjumst eftir starfsfólki sem er jákvætt, faglegt og framsýnt og leitar ávallt bestu lausna fyrir viðskiptavinum bankans. Framtíðarsýn Íslandsbanka er að vera númer eitt í þjónustu. **Hvað segir fólknið okkar?** Sjáðu hvað starfsfólk hefur að segja um vinnustaðinn: islandsbanki.is > Um Íslandsbanka > Vinnustaðurinn



Stapi lífeyrissjóður

Lögfræðingur

Stapi lífeyrissjóður óskar eftir að ráða lögfræðing til að sinna fjölbreyttum og krefjandi lögfræðistörfum hjá sjóðnum. Um nýtt starf er að ræða sem heyrir undir framkvæmdastjóra sjóðsins.

Umsóknarfrestur

1. maí

Starfssvið

- Umsagnir um lagaleg álitæfni.
- Lagalegar áreiðanleikakannanir.
- Skýrslugerðir og samskipti við eftirlitsaðila.
- Skjala- og samningagerð.
- Yfirumsjón með innheimtumálum sjóðsins.
- Verkefni tengd lífeyrisréttindum.
- Regluvarsla innan sjóðsins.
- Mikil innri og ytri samskipti.
- Önnur lögfræðistörf sem tengjast starfsemi sjóðsins.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/2705

Menntunar- og hæfniskröfur

- Meistarapróf eða embættispróf í lögfræði.
- Reynsla af sambærilegum störfum kostur.
- Reynsla af störfum á fjármálamarkaði kostur.
- Góð færni í íslensku og ensku.
- Nákvæm og öguð vinnubrögð.
- Jákvætt viðmót og hæfni í samskiptum.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.



Stapi lífeyrissjóður er almennur lífeyrissjóður með um 180 milljarða í eignum. Starfssvæði sjóðsins nær frá Hrítafirði í vestri að Skeiðarársandi í austri. Sjóðurinn nær þannig til allra byggðakjarna á Norður- og Austurlandi. Sjóðfélagar eru almennt launafólk á þessu svæði, sem kemur úr ýmsum atvinnugreinum, þ.m.t. sjávarútvegi, verslun, þjónustu, iðnaði. Starfsmenn Stapa eru 14 og skrifstofur sjóðsins eru á Akureyri og Neskaupsstað.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífnum og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

capacent

www.capacent.is

Kennarasamband Íslands

Þjónustufulltrúar

Kennarasamband Íslands óskar eftir að ráða fulltrúa í starf við sjóði sambandsins.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/2702

Umsóknarfrestur

1. maí

Starfssvið

Fulltrúinn mun vinna í samstarfi við aðra fulltrúa við orlofs-, sjúkra- og endurmenntunarsjóði KÍ. Í því felst m.a. upplýsingagjöf, skráning og afgreiðsla umsókna, undirbúningur funda og samstarf við stjórnir sjóðanna og önnur störf sem til falla á skrifstofu KÍ.

Hæfniskröfur

Við leitum að áhugasömum og úrræðagóðum einstaklingi sem er lipur í mannlegum samskiptum, þjónustulundaður, talnaglöggur, skipulagður í vinnubrögðum og hefur þekkingu á tölvuvinnslu. Undirstöðuþekking í bókhaldi er skilyrði. Umsækjendur skulu til jafnaðar hafa háskólamenntun, góða íslenskukunnáttu og almenna málakunnáttu. Þekking af sambærilegum störfum er æskileg.

Kennarasamband Íslands óskar eftir að ráða þjónustufulltrúa til að hafa umsjón með félagaskrá KÍ. Um er að ræða tímabundna ráðningu til eins árs og er gert ráð fyrir að viðkomandi hefji störf sem fyrst.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/2703

Umsóknarfrestur

1. maí

Starfssvið

- Umsjón með félagaskrá.
- Upplýsingaöflun og uppfærsla félagaskrár.
- Ýmis verkefni fyrir aðildar- og fagfélög KÍ sem tengjast félagaskránni.
- Samskipti við félagsmenn, trúnaðarmenn og launafulltrúa launagreiðenda.
- Starfar með kjörstjórn KÍ og kjörstjórnnum aðildarfélaganna.
- Ýmis tilfallandi verkefni.

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýttist í starfi.
- Mjög gott vald á íslensku.
- Góð tölvukunnáttu.
- Reynsla af skráningavinnu kostur.
- Þjónustulund og góðir samskiptahæfileikar.
- Frumkvæði og metnaður.
- Sjálfstæði í starfi og öguð vinnubrögð.



Kennarasamband Íslands tók til starfa í janúar 2000. Að Kennarasambandinu standa átta félög þ.e. Félag grunnskólakennara, Félag framhaldsskólakennara, Félag leikskólakennara, Félag tónlistarskólakennara, Skólastjórafélag Íslands, Félag stjórnenda í framhaldsskólum, Félag stjórnenda leikskóla og Félag kennara á eftirlaunum.

Í Kennarahúsinu eru skrifstofur Kennarasambandsins og félaga innan þess og einnig skrifstofur orlofssjóðs KÍ, sjúkrasjóðs KÍ auk endurmenntunarsjóða félaganna. Félagsmenn eru nú rúmlega 10.000. Sjá nánar á ki.is.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Viltu verða

Leikskólastjóri?

Reykjanesbær auglýsir störf leikskólastjóra við Heiðarsel og Tjarnarsel laus til umsóknar frá og með 1. ágúst 2016. Leitað er að drífandi og metnaðarfullum einstaklingum sem búa yfir leiðtogaþæfni og hafa víðtæka þekkingu á leikskólastarfi.

Umsóknarfrestur

1. maí

Starfssvið

- Fagleg forysta leikskólans.
- Rekstrarleg ábyrgð og stjórnun daglegrar starfsemi.
- Ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Ábyrgð á samstarfi aðila skólasamfélagsins.

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Launanevndar sveitarfélaga og KÍ.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/2704

Menntunar- og hæfniskröfur

- Umsækjandi skal hafa starfsheitið leikskólakennari og viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á leikskólastigi.
- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
- Þekking og færni í áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum og góð skipulagshæfni.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum og samstarfshæfileikar.
- Reynsla af stjórnun er kostur.



Heiðarsel er heilsuleikskóli sem starfar eftir heilsustefnunni. Í skólanum eru fjórar deildir með um það bil 100 börn á aldrinum tveggja til sex ára. Áhersla er lögð á hreyfingu, næringu og listsköpun í leik og starfi. Aðrir áhersluþættir leikskólans eru málörvun, læsi og stærðfræði.

Áhersluþættir **Tjarnarsels** eru vettvangsferðir, umhverfismennt, útinám, mál og læsi. Jafnframt er lögð áhersla á fjölbreyttan efnivið til listsköpunar og kubba af öllum stærðum og gerðum. Leikskólinn hefur fjórum sinnum tekið við Grænfánanum.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Spennandi störf



FISKISTOFA

Fiskistofa leitar eftir öflugum aðilum í krefjandi störf deildarstjóra og sérfræðings á starfstöð sína á Akureyri. Gott væri ef viðkomandi gætu hafð störf sem fyrst.

Deildarstjóri fjármála

Fiskistofa auglýsir eftir deildarstjóra fjármála. Um er að ræða krefjandi 100% starf í góðu starfsumhverfi.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/2709

Helstu verkefni

- Ber ábyrgð á daglegri fjármálaumsýslu og rekstri Fiskistofu.
- Ber ábyrgð á innheimtu á tekjum Fiskistofu.
- Umsjón með Eignaskrá.
- Kostnaðareftirlit.
- Ber ábyrgð á fjármunum Fiskistofu gagnvart mannauðs- og fjármálastjóra.
- Þátttaka við gerð fjárlagatillaga- og áætlana sem og stefnumótunar varðandi fjármál.
- Ýmis greiningavinna.
- Gæðamál varðandi fjármál.
- Staðgengill fjármálastjóra.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskipta-, rekstrar- eða hagfræði.
- Haldgóð reynsla af rekstri og reikningshaldi.
- Nákvæmni og tölugleggni.
- Þekking og reynsla í að hagnýta upplýsingatækni til árangurs.
- Þekking á opinberri stjórnsýslu kostur.
- Góð íslenskukunnátta.
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð.
- Góð samskiptahæfni og þörf fyrir að ná árangri.
- Lausnamiðun og sveigjanleiki.

Sérfræðingur

Fiskistofar auglýsir eftir stafsmanni í 70% starf á sviði fjármála- og mannauðsmála ásamt skrifstofuumsjón og móttöku gesta.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/2710

Helstu verkefni

- Undirbúningur reikninga til Fjársýslu ríkisins.
- Innheimta ríkissjóðstekna og sértekna Fiskistofu.
- Gerð ferðareikninga og uppgjör ferðakostnaðar.
- Hefur yfirumsjón og eftirfylgni með Vinnustund.
- Innra eftirlit og greining.
- Starfsmaður fiskræktarsjóða.
- Skrifstofuumsjón og móttaka gesta.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi.
- Haldgóð reynsla af skrifstofu/bókhaldsstörfum.
- Nákvæmni og tölugleggni.
- Þekking og reynsla í að hagnýta upplýsingatækni til árangurs.
- Góð íslenskukunnátta.
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð.
- Góð samskiptahæfni og þörf fyrir að ná árangri.
- Lausnamiðun og sveigjanleiki.

Fiskistofa er þjónustu- og eftirlitsstofnun sem annast stjórnsýsluverkefni á sviði sjávarútvegsmála, lax- og silungsveiði, hvalveiða o.fl. ásamt því að safna og miðla upplýsingum um framangreinda málaflokka.

Nánari upplýsingar um Fiskistofu má finna á www.fiskistofa.is. Gildi Fiskistofu eru traust, framsækni og virðing.

Athygli er vakin á því að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, með vísan til 3. tl. 2. mgr. 2. gr. regla nr. 464/1996 um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum, sem settar eru samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Umsóknarfrestur

2. maí

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

www.n1.is facebook.com/enneinn



Matreiðslumaður – sumarafleysing

Við leitum að metnaðarfullum matreiðslumanni eða matartækni til sumarafleysinga í Staðarskála. Um er að ræða vaktavinnu, unnið er í viku og frí í viku.

Helstu verkefni:

- Matreiðsla
- Umsjón með eldhúsi
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur:

- Reynsla af sambærilegum störfum eða menntun sem nýtist í starfi
- Snyrtimennska
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Dugnaður og jákvætt viðhorf

Nánari upplýsingar veitir Einar R. Ísfiörð stöðvarstjóri í síma 440 1335 eða í netfangi einar@n1.is.

Áhugasamir sendi inn umsókn á www.n1.is

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um störf hjá fyrirtækinu.



Hluti af komandi sumri



Tækjamaður

Óskum eftir að ráða vanan tækjamann. Viðkomandi þarf að hafa réttindi og reynslu á grófur og vörubíl með krana.

Upplýsingar veitir Gunnar í s. 892-0360



SNILLINGAR ÓSKAST

Íslenska kaffistofan er staðsett á höfðatorgi, og í byrjun maí opnar nýr staður í hafnarborg, í hafnarfirði. OKkur vantar snillinga á allar vígstöðvar.

Höfðatorg; Umsjónamaður.

Óskum eftir umsjónamanni kaffihússins á Höfðatorgi. Viðkomandi ber ábyrgð á öllum daglegum rekstri. Reynsla úr starfi á kaffihúsi/veitingastað er skilyrði og reynsla af stjórnunarstarfi er æskileg.

Hafnarborg; Kaffibarþjónar, fullt starf og helgarstörf.

Störfin felast í framreiðslu á kaffidrykkjum og veitingum. Reynsla úr starfi á kaffihúsi/veitingastað er æskileg.

Skrifstofa; bókarí í hlutastarf.

Starfið felst í almennu bókhaldi ásamt tilfallandi verkefnum fyrir rekstur Íslensku kaffistofunnar. Vinnutími er áætlaður 2-4klst á viku. Unnið er á DK bókhaldsforrit.



EFLA leitar að vélaverkfræðingi

Vélaverkfræðingur á Iðnaðarsviði

Hjá EFLU vinnur eitt öflugasta teymi landsins í ráðgjafarþjónustu við iðnað og iðnfyrirtæki. Teymið hefur komið að vélhönnun og ráðgjöf hjá flestum iðnfyrirtækjum hérlendis ásamt því að hafa mikla reynslu af ráðgjöf til erlendra fyrirtækja.

EFLA óskar eftir að ráða vélaverkfræðing sem hefur reynslu af ráðgjöf við áliðnaðinn, sjávarútveginn eða önnur stærri iðnfyrirtæki. Einnig kemur reynsla af ráðgjöf við orku- og veitufyrirtækin sterklega til greina. Viðkomandi mun starfa á fagsviði véla á iðnaðarsviði en einnig starfa þverfaglega innan EFLU og vinna náið með sérfræðingum á orkusviði.

Hæfniskröfur:

- M.Sc eða B.Sc gráða í véla- eða iðnaðarverkfræði
- Amk. 5 ára starfsreynsla í þjónustu við iðnað
- Kunnátta á AutoCad og Inventor nauðsynleg
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Góðir skipulags- og samskiptahæfileikar
- Kunnátta í ensku og norðurlandamálum kostur


Umsókn með upplýsingum um menntun og starfsreynslu skal berast gegnum heimasíðu EFLU, www.efla.is/umsokn-um-starf, fyrir 1. maí næstkomandi. Öllum umsóknum verður svarað og farið verður með þær sem trúnaðarmál.

Umsóknarfrestur
1. maí 2016

Nánari upplýsingar
412 6000 eða job@efla.is

EFLA hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um.

EFLA er alhliða verkfræði- og ráðgjafarfirmir sem starfar á öllum helstu sviðum verkfræði og tækni. EFLA býður upp á afbrigðis starfsumhverfi, áhugaverðan starfsvettvang í alþjóðlegu umhverfi og sterka liðsheild yfir 300 samhentra starfsmanna.



Framleiðslustjóri

Norðursalt leitar að framleiðslustjóra til að stýra framleiðslu félagsins á Reykhólum.

Norðursalt öflugt íslenskt nýsköpunarfyrirtæki og framleiðir íslenskt flögusalt með sjálfbærri aðferð, sem felur í sér nýtingu á jarðvarma.

Framleiðslustjóri er einn af lyklisstjórnendum fyrirtækisins og ber ábyrgð á framleiðslunni.

Um er að ræða krefjandi straf sem gefur öflugum aðila tækifæri til að þróast með ört vaxandi nýsköpunarfyrirtæki á landsbyggðinni.

Starfssvið

- Daglegur rekstur á saltframleiðslunni á Reykhólum
- Verkstjórn og samskipti við stjórnendur.
- Viðhald á tækjum og búnaði framleiðslunnar.
- Önnur tilfallandi verkefni sem upp koma í tengslum við framleiðsluna.

Hæfniskröfur

- Mentun og/eða reynsla í vélstjórnun og/eða vélfræði.
- Geta unnið sjálfstætt og vera með skipulagaða hugsun.
- Hafa góða aðlögunarhæfni og góður í samskiptum.
- Bílpróf er nauðsynlegt, önnur vinnuvélaréttindi er kostur.

Umsókn ásamt ferilsskrá sendist í tölvupósti á Søren Rosenkilde framkvæmdastjóra soren@nordurco.com

Umsóknarfrestur er til og með 25. apríl 2016



Viltu vera hótelstjóri á nýju nútímalegu lággjaldahótel?

Nýtt 110 herbergja hótél í eigu Títans fjárfestingarfélags mun opna á Suðurnesjum í sumar. Um er að ræða nútímalegt lággjaldahótél sem mun vinna náið með bæði samstarfsaðilum í ferðaþjónustunni og nærumhverfinu á Suðurnesjum. Hótelstjóri ber m.a. ábyrgð á allri uppbyggingu hótelsins, rekstri þess, ráðningum á starfsfólki og sölu- og markaðsstarfi.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem allra fyrst.

Við leitum að kraftmiklum og sjálfstæðum einstaklingi með rekstrarreynslu til að stýra uppbyggingu hótelsins, búa til réttu stemninguna og tryggja hagstæða og góða upplifun gesta.

Hæfniskröfur:

- Menntun í hótelstjórnun er mikill kostur
- Reynsla af hótelstjórnun
- Gott tengslanet
- Sköpunargáfa og leiðtogaþæfni
- Frumkvæði og drifkraftur
- Góð ensku- og íslenskufærni í ræðu og riti
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum



Upplýsingar veitir:

Sverrir Briem
sverrir@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 25. apríl nk.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700



Íslenskir Fjallaleiðsögumenn var stofnað árið 1994 af fjórum ungum fjallagölpum. Frá upphafi hefur fyrirtækið farið ótroðnar slóðir í fjallaferðum og verið leiðandi í umhverfis- og öryggismálum í ferðaþjónustu. Íslenskir Fjallaleiðsögumenn er í Vakanum og hefur hlotið fjölmargar viðurkenningar og verðlaun. Fyrirtækið býður upp á fjölbreyttar ferðir og allir ættu því að geta fundið eitthvað við sitt hæfi hjá einu rótgrónasta ferðaþjónustufyrirtæki landsins. Íslenskir Fjallaleiðsögumenn – Örugglega á Fjöllum.

Fjármálastjóri

Leitað er að öflugum fjármálastjóra til að starfa í hröðu og lifandi umhverfi hjá ört vaxandi fyrirtæki.

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Áætlanagerð vegna reksturs, fjárfestinga og sjóðstreymis
- Umsjón með gerð ársreiknings og samskipti við endurskoðanda
- Kostnaðareftirlit, kostnaðargreining og gerð kostnaðaráætlana
- Stuðningur við tekjudeildir í verðlagningu
- Yfirumsjón með launaútreikningum og samningagerð
- Yfirumsjón með bókhaldi, innheimtu og greiðslu reikninga

Menntun og hæfniskröfur

- Háskólapróf í viðskiptafræðum
- Viðtæk þekking og reynsla á sviði fjármála, bókhalds og reksturs
- Skipulagning útsjónarsemi og fagmennska í starfi
- Hæfni og reynsla í samningagerð
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð enskukunnátta



Upplýsingar veitir:

Sverrir Briem
sverrir@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 25. apríl nk.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700



Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

www.hagvangur.is

Rennismiður/ir Óskast

Vegna aukinna umsvifa auglýsum við eftir rennismiðum til starfa hjá verkstæði okkar í Hafnarfirði.

Um er að ræða starf á verkstæði sem búið er rennibekkjum, fræsivélum og borverk, bæði tölvu- (CNC) og handstýrðum (manual).

Æskilegir eiginleikar sem við leitum að er m.a.:

- góð reynsla á rennibekki og/eða fræsivélar
- forritunarreynsla í CAD/CAM
- Vandvirkni í starfi og stundvísi
- Sjálfstæði í vinnubrögðum

Nánari upplýsingar og móttaka umsókna er hjá Sigurði Guðmundssyni, verkstjóra renniverkstæðis: silli@vhe.is

Vélaverkstæði Hjalta Einarssonar – VHE býður upp á ítarlegar lausnir í hönnun, framleiðslu og þjónustu fyrir viðskiptavinum sína. VHE hefur sérhæft sig í lausnum fyrir stóriðjur, með sérstakri áherslu á álíðnaðinn auk þess að vera með öflugum byggingadeild bæði í eigin verkum og á útboðsmarkaði.

Ytarlegri upplýsingar um starfsemi VHE má finna á www.vhe.is


Melabraut 27 • 220 Hafnarfjörður • Sími 575 9700 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is

VHE

HUGVIT Í VERKI

Vélaverkstæði
Hjalta Einarssonar ehf.

SAMSKIP



> Samskip leita að öflugum verkefnastjóra í Markaðs- og samskiptadeild

Helstu verkefni verkefnastjóra í Markaðs- og samskiptadeild eru:

Verkefnastjórn CRM vinnu fyrirtækisins. Samskipti við auglýsingastofu og almannatengslafyrirtæki, fjölbreytt samskipti innahúss og utan, heima og erlendis. Þátttaka í undirbúningi sýninga og kynninga á fyrirtækinu. Umsjón með fréttatilkynningum og tilkynningum fyrirtækisins til viðskiptavina. Textagerð fyrir vefi félagsins. Undirbúningur og eftirfylgni markaðsrannsókna

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.a.m. markaðsfræði eða sambærileg menntun
- Þekking og reynsla af vefmálum æskileg
- Góð þekking á Word, Excel og PowerPoint
- Hæfni og reynsla í uppsetningu og framsetningu skriflegs og myndræns efnis
- Framúrskarandi íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti
- Vandvirkni og sjálfstæð og öguð vinnubrögðum

Eiginleikar

- Glæðlyndi, jákvæðni, kraftur og frumkvæði
- Afburða samskiptahæfileikar
- Að vinna vel í hóp

Umsóknarfrestur er til og með 24. apríl nk.

Eingöngu er tekið á móti umsóknum í gegnum vefsíðu Samskipa, www.samskip.is.

Umsækjendur eru beðnir um að skila inn ítarlegri ferilskrá ásamt greinagóðu kynningarbréfi sem tilgreinir á skilmerkilegan hátt hvernig umsækjandi uppfyllir kröfur um menntun, reynslu, hæfni og eiginleika.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Anna Guðný Aradóttir, forstöðumaður Markaðs- og samskiptadeilda í gegnum netfangið anna.gudny.aradottir@samskip.com

Samskip eru flutningafyrirtæki með starfsstöðvar víða um heim. Starfsfólk Samskipa býður viðskiptavinum faglega ráðgjöf og heildarlausnir á sviði flutninga- og flutningatengdrar þjónustu. Við höfum á að skipta fjölbreyttum hóp starfsfólks sem vinnur ávallt með frumkvæði, samheldni og þekkingu að leiðarljósi. Öryggis- og heilbrigðismál starfsfólks eru í fyrirrúmi og bjóðum við upp á fyrirmyndar vinnuástandi.

Sumarstörf í Reykjadal Matráður

Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra óskar að ráða matråd til starfa í sumarþúðunum í Reykjadal.

Matráður vinnur á vöktum (2-2-3) frá kl. 9.00-17. Matráður hefur yfirumsjón með eldhúsi, í því felst m.a. eldamenska (eldað fyrir 50-60 manns), gerð matseðla, frágangur og innkaup.

Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra rekur sumarþúðir í Reykjadal. Árlega koma þangað um 300 börn og ungmenni. Sumarþúðirnar hafa það að leiðarljósi að gefa þeim börnum og ungmennum sem þurfa sérstaka þjónustu vegna fötlunar tækifæri til að komast í sumarþúðir líkt og ófatlaðir jafnaldrar þeirra. Starfsemin hefst í lok maí og lýkur um miðjan ágúst en starfsmenn eru um 50 talsins og vinna á tvískiptum vöktum.

Umsóknareyðublöð má finna á vef Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra www.slf.is. Umsækjendur geta einnig sent ferilskrá á reykjadalur@slf.is. Nánari upplýsingar í síma 535-0900. Umsóknarfrestur er til 1. maí 2016.



Sölumaður

Vogabær ehf óskar eftir að ráða sölumann til sumarafleysinga sumarið 2016

Leitað er eftir starfsmanni í söludeild fyrirtækisins.

Helstu verkefni:

- Heimsóknir í verslanir á Höfuðborgarsvæðinu og á suðurlandi
- Sala á vörum í verslanir, ganga frá þeim og framstillta

Menntun og hæfniskröfur:

- Bílpróf
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð.
- Góð framkoma
- Íslenskukunnátta

Umsóknarfrestur er til og með 18. apríl 2016

Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá til Davíðs Ingimundarsonar sölustjóra á netfangið david@mjolka.is

Vogabær ehf, Eyrartröð 2a, 220 Hafnarfjörður
www.vogabaer.is - sími: 414-6500



Bílstjóri / lagerstarfsmaður

Vogabær ehf óskar eftir að ráða bílstjóra/lagermann til sumarafleysinga sumarið 2016

Leitað er eftir starfsmanni til starfa á lager fyrirtækisins að Eyrartröð 2a í Hafnarfirði auk þess að leysa af í útkeyrslu.

Helstu verkefni:

- Tiltekt pantana
- Dreifing á vörum til verslana og veitingastaða á Höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum
- Önnur tengd lagerstörf

Menntun og hæfniskröfur:

- Meirapróf eða bílpróf tekið fyrir 1.júní 1993
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Reynsla af lagerstörfum og útkeyrslu
- Góð framkoma
- Íslenskukunnátta

Umsóknarfrestur er til og með 18. apríl 2016

Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá til Davíðs Ingimundarsonar sölustjóra á netfangið david@mjolka.is

Vogabær ehf, Eyrartröð 2a, 220 Hafnarfjörður
www.vogabaer.is - sími: 414-6500

Alúðlegur dugnaðarforkur

óskast til starfa á Litlu Kaffistofunni sem fyrst.

Áhugasamir vinsamlegast
hafið samband í síma 699-5566.

Sölumaður

Okkur vantar öflugan sölumann til starfa
í einu sérverslun landsins með grill og grillvörur

Grillbúðin
www.grillbudin.is

Smiðjuvegi 2, Kóp - S. 554 0400

Umsóknir og
fyrirspurnir sendast á
starf@grillbudin.is

Starfsfólk frá Lettlandi

Atvinnumiðlun býður upp á hæfa
starfsfólk frá Lettlandi: smiðir, mótasmiðir,
járnbindingamenn, verkamenn,
gröfumenn, kranamenn, ræstingafólk ofl.
S. 7744127

NORBYGG EHF

Sími 7744127 | www.norbygg.com | email: norbygg@norbygg.com



Hjúkrunarfræðingur

Við leitum að öflugum hjúkrunarfræðingi
á húðmeðferðarstofuna Húðfegrin ehf.

Hæfniskröfur

- Að lágmarki 5 ára starfsreynsla sem hjúkrunarfræðingur
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð samskiptahæfni og þjónustulund
- Frumkvæði, dugnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð íslenskukunnátta nauðsynleg
- Jákvæðni og sveigjanleiki

Stofan býður upp á heildrænar húðmeðferðir án skurðaðgerða.
Fyrirtækið leggur mikinn metnað í að bjóða viðskiptavinum
sínnum það allra nýjasta og öflugasta á sviði húðmeðferða sem
og að veita góða og persónulega þjónustu.

Um er að ræða 70-100% stöðu og kostur
ef viðkomandi getur hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til og með 23. apríl.

Umsókn og ferilskrá sendist á hudfegrin@hudfegrin.is



Píanókennari / meðleikari

Tónlistarskóli Árnésinga óskar eftir að ráða til starfa píanókennara
og meðleikara í 70 - 75% starf á Selfossi og í Hveragerði frá og með
1. ágúst 2016.

Menntun og eiginleikar:

- Tónlistarkennari III (samkv. kjarasam. FT/FÍH)
- með píanókennarapróf og mikla færni í píanómeðleik.
- Eigi gott með mannleg samskipti.
- Samvisskusamur, skapandi og skipulagður.

Kennt er samkvæmt Aðalnámskrá tónlistarskóla.

Upplýsingar fást hjá skólastjóra í síma 861-3884.

Umsóknarfrestur er til 6. maí 2016.

Senda má fyrirspurnir og umsóknir í tölvupósti til robert@tonar.is.

Tónlistarskóli Árnésinga er einn af stærstu tónlistarskólum landsins með starfsemi á
12 kennslustöðum í sýslunni. Fjöldi nemenda er um 600 og starfa 30 kennarar við skólann.



Hefur þú brennandi áhuga á fyrirtækjaráðgjöf?

Fyrirtækjaráðgjöf – sérfræðingur

Við leitum að öflugum starfsmanni í áhugaverð og krefjandi verkefni í fyrirtækjaráðgjöf Arion banka.

Helstu verkefni

- Greining á rekstri og efnahag fyrirtækja
- Ráðgjöf varðandi kaup, sölu og sameiningar fyrirtækja
- Fjármögnun fyrirtækja
- Sókn á nýja viðskiptavinum
- Nýskráningar verðbréfa á markaði
- Ýmis önnur verkefni fyrirtækjaráðgjafar

Hæfni og eiginleikar

- Háskólapróf í viðskiptafræði, hagfræði eða verkfræði
- Framhaldsnám er kostur
- Reynsla af störfum hjá fjármálafyrirtæki eða við sambærileg verkefni er æskileg
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð enskukunnátta
- Góð tölvukunnátta

Nánari upplýsingar um starfið veitir **Þórbergur Guðjónsson**, forstöðumaður
fyrirtækjaráðgjafar, sími 444 6823, netfang thorbergur.gudjonsson@arionbanki.is og
Íris Guðrún Ragnarsdóttir mannauðsstjóri, sími 444 6064, netfang
iris.ragnarsdottir@arionbanki.is.

Umsóknarfrestur er til og með 26. apríl.

Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum verður svarað þegar ráðning hefur farið fram.

Sótt er um starfið á vef bankans www.arionbanki.is.

Arion banki er líflægur og spennandi vinnustaður. Við vinnum með viðskiptavinum okkar að því að búa í
haginn fyrir framtíðina. Við ræktum jákvæðan starfsanda og leggjum áherslu á að starfsfólk okkar
þroskist og þróist í starfi með markvissri fræðslu og þjálfun. Straumlínustjórnun er hluti af daglegri
menningu með stöðugum umbótum og samvinnu allra starfsmanna. Jafn réttur kvenna og karla til starfa
er okkur hjartans mál og við hlutum nýverið Jafnlaunavottun VR. **Saman látum við góða hluti gerast.**



Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.
Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum
lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is

Ráðgjafi tæknilausna



Við erum að leita að kraftmiklum einstaklingi til að sinna tæknilegri ráðgjöf á fyrirtækjamarkaði. Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga á tækni og reynslu af sambærilegum störfum. Ráðgjafi tæknilausna sér m.a. um öflun nýrra viðskiptatækifæra og ráðgjöf, þarfagreiningu og hönnun á sviði fjarskipta- og upplýsingatæknilausna.

Allar nánari upplýsingar um starf og hæfniskröfur er að finna á radningar.vodafone.is
Umsóknarfrestur er til og með 24.apríl 2016

Vodafone
Við tengjum þig



Fjársýsla ríkisins óskar eftir matráði

Fjársýsla ríkisins er ríkisstofnun sem sér um reikningshald og fjárreiður ríkisins.

Hlutverk Fjársýslu ríkisins er að samræma reikningskil ríkisaðila og tryggja tímanlegar og áreiðanlegar upplýsingar um fjármál ríkisins og stuðla að öruggri og skilvirkri greiðslu- miðlun fyrir ríkissjóð.

Fjársýsla ríkisins leggur áherslu á liðsheim, starfsánægju, gagnkvæma virðingu og gott starfsumhverfi með öflugum hópi starfsmanna. Góður starfsandi, fjölskylduvænt vinnuumhverfi og að starfsfólk hafi tækifæri til að þróast í starfi er í fyrirrúmi hjá Fjársýslunni.

Nánari upplýsingar um stofnunina er að finna á vefsíðu hennar www.fjs.is

Fjársýsla ríkisins óskar eftir að ráða matráð til að annast og bera ábyrgð á mötuneyti. Um framtíðarstarf er að ræða í fjölbreyttu og krefjandi umhverfi. Í Fjársýslunni starfa 77 starfsmenn. Æskilegt er að umsækjandi hafi menntun og reynslu sem matráður. Um 75% starfshlutfall er að ræða. Ætlast er til að matráður taki sér orlof allan júlí mánuð á hverju ári.

Starfssvið

- Sér um eldamennsku og innkaup á aðföngum ásamt tækjum og búnaði í eldhúsi
- Sér um að halda eldhúsi, búi og matsal hreinu og snyrtilegu
- Sér um uppvask, þrif og frágang eftir máltíðir dagsins
- Aðstoðar við kaffiveitingar á fundum og öðrum uppákomum

Hæfniskröfur

- Góð samskiptahæfni og þjónustulund
- Nýjungagirni
- Skipulagshæfileikar
- Stundvísi
- Jákvæðni
- Almenn tölvuþekking er kostur

Sótt er um starfið rafrænt á www.starfatorg.is.
Umsóknarfrestur er til og með 25.apríl.

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar veitir Pétur Ó. Einarsson, starfsmannastjóri í síma 545-7500.

Þjónustustjóri óskast

115 Security auglýsir eftir þjónustustjóra

Hæfniskröfur:

- 25 ára lágmarksaldur
- Góð þjónustulund
- Góðir samskiptahæfileikar
- Geta unnið undir álagi
- Reynsla af stjórnun/mannaforráðum er mikill kostur
- Hreint sakavottorð

Umsókn með mynd og ferilskrá sendist á 115@115.is. Nánari upplýsingar um starfið veitir Friðrik í síma 5 115 115.

Umsóknarfrestur er til 26. apríl.

115 Security

Austurbakka 2, 101 Reykjavík

115 Security er ungt og framsækið fyrirtæki sem þjónustar fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga. Starfsmenn félagsins eru um 100 og búa yfir áralangri reynslu í mannaðri gæslu, uppsetningu og sölu á myndavéla- og öryggiskerfum ásamt brunakerfum, brunaúttektum og aðgangsstýringum.

115.is



Við óskum eftir í fullt starf:

Faglærðum bifvélavirkja / vélvirkja eða ófaglærðum manni vönum viðgerðum vörubíla og vinnuvéla. Viðkomandi þarf að hafa rafsúðukunnáttu og geta unnið sjálfstætt, vera reglusamur og eiga gott með mannleg samskipti. Meirapróf er kostur.

Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Frekari upplýsingar veitir Guðmundur í síma 899-6810. Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á mummi@vvehf.is

Umsóknarfrestur er til 30. apríl.



Hafnarfjarðarhöfn

HAFNARVÖRÐUR

Hafnarfjarðarhöfn auglýsir eftir hafnarverði til sumarfleysinga.

Ráðningartímabil er maí til september. Hugsanleg framhaldsráðning.

Umsækendur skulu hafa vélstjórnarréttindi að lágmarki 750 Kw. Skipstjórnarréttindi eru kostur.

Upplýsingar gefur Magnús Þórisson Sími 414 2300
Tölvupóstur: hafnsaga@hafnarfjordur.is

Hafnarfjarðarhöfn, Óseyrarbraut 4, 220 Hafnarfirði.
Sími 414 2300,
netfang hofnin@hafnarfjordur.is | www.hafnarfjardarhofn.is



GER
INNFLUTNINGUR

GER innflutningur, rekstraraðili Húsgagnahallarinnar, Betra Bak og Dorma óskar eftir bílstjórum og lagerstarfsmönnum:

Bílstjóra- og lagerstörf 100% VINNA

Hægt er að hefja störf strax.

Umsóknir ásamt upplýsingum um umsækjanda sendist á netfangið

vinna@ger.is

Starfsferilskrá og meðmæli eru æskileg fylgigögn. Hreint sakavottorð er skilyrði.

Öllum umsóknum svarað.




HÚSGAGNA
HÖLLIN



DORMA
Lättu draumlin raktast

SPENNANDI SUMARSTÖRF FYRIR NÁMSMENN



Velferðarráðuneytið og Vinnumálastofnun auglýsa 260 störf

Störfin eru opin öllum námsmönnum sem eru í háskólanámi eða útskrifuðust á árinu.

Störfin eru hluti af tímabundnu átaksverkefni á vegum ráðuneyta, undirstofnana þeirra og sveitarfélaga.



Opnað verður fyrir umsóknir á vef Vinnumálastofnunar www.vmst.is mánudaginn **18. apríl**. Umsóknarfrestur er til **02. maí**.

Nánari upplýsingar um störfin, hæfniskröfur, tengiliði og fleira er að finna á vef Vinnumálastofnunar, www.vmst.is

Dæmi um störf:

| | | |
|---|---|--|
| Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar Verkefni á sviði mannauðsmála | Fljótsdalahérað Ráðgjafi í dagþjónustu eldri borgara | Náttúrufræðistofnun Íslands Aðstoðarmaður við að hnitsetja greni refa |
| Nýsköpunarmiðstöð Hönnun og framleiðsla á lítilli göngubrú | Landspítali Aðstoðarmaður við lyfjaumsýslu á hjartadeild | Geislavarnir ríkisins Vinna við forritun á viðmóti til notkunar á spjaldtölvum við eftirlit |
| Velferðarsvið Kópavogs Þjónustustjóri félagslegrar heimaþjónustu | Seyðisfjarðarkaupstaður Greining og kortlagning á ferðamannastöðum | Fjórðungssamband Vestfirðinga Gagnasöfnun um skapandi greinar |
| Heilbrigðisstofnun Austurlands Almenn rannsóknarstörf á rannsóknarstofu HSA á Egilsstöðum | Náttúruvannsóknarstöðin við Mývatn Smjásjárgeining mýflugna úr Mývatni | Háskóli Íslands Aðstoðarmaður við rannsóknir – Öflun upplýsinga um aldursfordóma hér á landi |
| Umhverfisstofnun Úrvinnsla loftgæðagagna | Háskólinn á Hólum Aðstoðarmaður á kynbótastöð | Embætti landlæknis Flokkunarkerfi í heilbrigðisþjónustu |
| | Háskóli Íslands Viðtalsrannsókn á samskiptum Íslendinga og Grænlandinga | |



VINNUMÁLA
STOFNUN



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Fyrirmyndarþjónusta

Virðing

Áreiðanleiki



FRAMKVÆMDASTJÓRAR Á LANDSPÍTALA

LANDSPÍTALI AUGLÝSIR LAUSAR TVÆR STÖÐUR FRAMKVÆMDASTJÓRA

Leitað er að stjórnendum sem hafa brennandi áhuga á að vinna með forstjóra að því að byggja upp sterka liðsheild og að framfylgja stefnu, markmiðasetningu og framtíðarsýn Landspítala. Miklar breytingar eru framundan á spítalanum og mikilvægt að framkvæmdastjórar séu kraftmiklir og farsælir leiðtogar, reyndir breytingastjórnendur og þekki til straumlínustjórnunar ("lean").

Framkvæmdastjórar heyra beint undir forstjóra og sitja í framkvæmdastjórn spítalans. Framkvæmdastjórnin er teymi sem vinnur saman að stefnumótun og ber sameiginlega ábyrgð á spítalanum í heild.

FRAMKVÆMDASTJÓRI LÆKNINGA

Undir framkvæmdastjóra lækninga, ásamt framkvæmdastjóra hjúkrunar, heyra gæða- og sýkingavarnadeild, vísindadeild og menntadeild.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Vinna að öryggismenningu, gæðum í þjónustu og stöðugum umbótum
- Vinna að uppbyggingu kennslu- og vísindastarfs á spítalanum
- Vinna að eflingu mannauðs lækna og annarra heilbrigðisstétta
- Innleiða nýjungar og breytingar og stuðla að framþróun starfseminnar
- Ber ábyrgð á sjúkraskrá spítalans og úrvinnslu kvartanamála

Hæfnikröfur

- Brennandi áhugi á framþróun spítalans
- Leiðtogahæfileikar
- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Farsæl stjórnunarreynsla í heilbrigðisþjónustu
- Frumkvæði, áræðni og jákvætt viðmót
- Reynsla af þróunar- og rannsóknvinnu
- Hæfni og vilji til að líta á starfsemi spítalans sem eina heild
- Læknir með íslenskt sérfræðileyfi
- Veruleg akademísk reynsla

FRAMKVÆMDASTJÓRI FJÁRMÁLA

Undir framkvæmdastjóra fjármála heyra reikningshald, fjárstýring, launavinnsla, innkaup, hagdeild og vöruhús gagna.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Vinna að langtímaáætlunum, fjárhagsáætlunum, kostnaðargreiningum, uppgjöri og eftirfylgni
- Vinna að umbótum og breytingum til að auka hagkvæmni í rekstri og gegnsæja nýtingu fjármuna
- Vinna að samhæfingu fjármálastjórnunar við stefnu og starfsáætlun spítalans
- Samstarf og tengsl við ráðuneyti, Sjúkratryggingar Íslands, heilbrigðisstofnanir ofl.

Hæfnikröfur

- Brennandi áhugi á framþróun spítalans
- Leiðtogahæfileikar
- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Frumkvæði, áræðni og jákvætt viðmót
- Hæfni og vilji til að líta á starfsemi spítalans sem eina heild
- Farsæl og yfirgripsmikil stjórnunarreynsla í sambærilegu starfi
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun æskileg

Mat á umsóknum verður í höndum valnefndar þar sem forstjóri Landspítala tekur virkan þátt, en forstjóri tekur ákvörðun um ráðningar í störf. Ráðið er í störf til 5 ára og er starfshlutfall 100%.

Nánari upplýsingar á vef Landspítala; www.landspitali.is/mannauður og Starfatorgi; www.starfatorg.is. Umsóknarfrestur er til og með 2. maí 2016

Landspítali er þjóðarsjúkrahús með víðtækt þjónustu-, menntunar- og vísindahlutverk. Framtíðarsýn spítalans er að vera háskólasjúkrahús í fremstu röð þar sem sjúklingurinn er ávallt í öndvegi. Megináherslur í stefnu og starfsáætlun 2016 eru öryggismenning, þjónusta, uppbygging mannauðs og stöðugar umbætur. Gildi Landspítala eru: Umhyggja, fagmennska, öryggi og framþróun.

Landspítali er lífandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

www.hagvangur.is



LANDSPÍTALI ... ALLRA HAGUR!

Bráðþjónusta utan sjúkrahúsa

YFIRLÆKNIR

Hefurðu sérfræðiviðurkenningu í bráðalækningum eða í gjörgæslu- og svæfingalækningum? Laust er til umsóknar starf yfirlæknis bráðaþjónustu utan sjúkrahúsa við flæðisvið Landspítala. Ráðningin er til 5 ára, starfshlutfall er 100% en skipting þess verður eftir samkomulagi og í samræmi við helstu verkefni og ábyrgð.

Yfirlæknir bráðþjónustu utan sjúkrahúsa fer með læknisfræðilega forsjá sjúkraflutninga á landinu öllu skv. reglugerð nr. 262/2011 um framkvæmd og skipulag sjúkraflutninga. Yfirlæknir starfar náð með viðbragðsaðilum.

Svæfingadeild

HJÚKRUNARDEILDARSTJÓRI

Ertu svæfingahjúkrunarfræðingur? Við leitum eftir hjúkrunardeildarstjóra til næstu 5 ára á svæfingadeildina við Hringbraut. Hjúkrunardeildarstjórinn er yfirmaður hjúkrunar á deildinni, stjórnar daglegum rekstri og er leiðandi um hjúkrunarfræðileg málefni.

Deildin þjónar 10 skurðstofum, þjónustu við innskrift sjúklinga fyrir aðgerðir auk umfangsmikillar starfsemi utan deildar.

Líknardeild

DEILDARLÆKNIR

Við sækjumst eftir deildarlækni með góða færni í mannlegum samskiptum á Líknardeild í Kópavogi. Deildin heyrir undir lyflækningasvið Landspítala og samanstendur af 16 rúma legu-, dag- og göngudeild, sérhæfðri heimþjónustu og unnið er í náinni samvinnu við líknarráðgjafateymi spítalans.

Skapað verður tækifæri fyrir deildarlækni til þess að sinna afmörkuðu rannsóknarverkefni tengt deildinni.

Laugarásinn meðferðargeðdeild

RÁÐGJAFI/STUÐNINGSFULLTRÚI

Spennandi og þroskandi störf fyrir áhugasama. Á deildinni, sem er mjög sérhæfð, fer fram fjölbreytt meðferðarstarf fyrir einstaklinga á aldrinum 18-25 ára sem eru nýlega greindir með geðrofssjúkdóm.

Góður starfsandi er ríkjandi og virk og stöðug framþróun. Unnið er á breytilegum dag-, kvöld- og næturvöktum og að jafnaði þriðju eða fjórðu hverja helgi.

Dag- og göngudeild blóð og krabbameinlækninga

HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

Hefurðu faglegan metnað og áhuga á krabbameinshjúkrun? Viltu vera virkur þátttakandi í þróun og uppbyggingu verkefna á dag- og göngudeild blóð- og krabbameinlækninga við Hringbraut? Um er að ræða 80-100% dagvinnustarf hjúkrunarfræðings.

Í boði er góð starfsaðlögun með reyndum hjúkrunarfræðingi og sérhæfð námskeið.

Skurðstofur kvenna

SJÚKRALIÐI

Hentar dagvinna þér? Við sækjumst eftir framsæknum sjúkraliða á skurðstofur kvenna við Hringbraut. Starfið felur m.a. í sér umsjón og eftirlit með tækjum, tölvuvinnu og almenna aðstoð við deildarstjóra.

Fjölbreytt og krefjandi starf á lifandi vinnustað.

Fasteignadeild

PÍPULAGNINGAMAÐUR

Fjölbreytt og krefjandi verkefni sem markast af þeirri þjónustu sem Landspítali veitir en Landspítali er með um 140 þúsund m² húsnæði á fjölmörgum stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Húsnæðið er mjög breytilegt, allt frá skrifstofuhúsnæði yfir í sérhæfð rými sem og mörg tæknikerfi, allt frá alm. húskerfum yfir í sérhæfð kerfi fyrir sjúkrastofnanir.

Fasteignadeild sér um viðhald alls húsnæðisins auk þess að vinna að margs konar breytingum.

Heilbrigðis- og upplýsingatækni

VERKEFNASTJÓRI Á SVIÐI UPPLÝSINGATÆKNI

Nýtt og fjölbreytt starf verkefnastjóra á sviði heilbrigðis- og upplýsingatækni. Leitað er að öflugum verkefnastjóra með mjög gott tölvulæsi til að gegna lykilhlutverki við skipulagningu hjálfunar og undirbúning að innleiðingu rafrænna kerfa.

Heilbrigðis- og upplýsingatæknideild sinnir rekstri tölvubúnaðar á Landspítala, viðhaldi lækningatækja ásamt rekstri og þróun tölvukerfa sem eru í notkun á spítalanum.

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á HEIMASÍÐU LANDSPÍTALA; WWW.LANDSPITALI.IS/MANNAUDUR OG STARFATORGI; WWW.STARFATORG.IS

Landspítali er lifandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.

Borgarholtsskóli

Laus störf við Borgarholtsskóla haustið 2016

Eftirtalin störf eru laus til umsóknar hjá Borgarholtsskóla skólaárið 2016-2017:

- Tvær stöður í málmíðngreinum, önnur tímabundin
- Tímabundin staða í bílasmíði

Gerð er krafa um að kennari í málmíðngreinum hafi lokið prófi í iðn- eða tæknifræði eða vélfræði (vélstjórn) og hafi starfsleyfi sem framhaldsskólakennari.

Gerð er krafa um að kennari í bílasmíði hafi lokið prófi í iðngrein sinni og hafi starfsleyfi sem framhaldsskólakennari.

Ráðning og kjör:

Laun eru í samræmi við kjarasamning KÍ og stofnansamning Borgarholtsskóla. Ekki þarf að sækja um á sérstöku umsóknareyðublaði en í umsókn þarf að greina frá menntun, fyrri störfum og öðru því sem umsækjandi telur að máli skipti.

Jafnt konur og karlar eru hvött til að sækja um störf. Sakavottorð fylgi umsókn.

Á heimasíðu skólans, www.bhs.is, eru upplýsingar um skólann og starfsemi hans.

Upplýsingar um störf í málmíðngreinum veitir Aðalsteinn Ómarsson, kennslustjóri, s. 856 1714 og í bíliðngreinum Kristján M. Gunnarsson, kennslustjóri, s. 894 4351.

Umsóknir ásamt fylgigögnum sendist í tölvupósti til Inga Boga Bogasonar, skólameistara, ingibogi@bhs.is, fyrir 1. maí 2015.

Skólameistari

Gott nám í góðum félagsskap

við Mosaveg, 112 Reykjavík, sími 535 1700, fax 535 1701



LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS
HÁSKÓLABÓKASAFN

Sérfræðingur á varðveislusviði

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er þjóðbókasafn og bókasafn Háskóla Íslands. Safnið er í forystu um öflun, varðveislu og miðlun upplýsinga og eflir þannig menningu, rannsóknir og nýsköpun.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn auglýsir laust starf sérfræðings á varðveislusviði. Sérfræðingurinn starfar að verkefnum innan handritasafns en ber einnig ábyrgð á starfsemi Miðstöðvar munnlegrar sögu og uppbyggingu safnkosts er varðar munnlegar heimildir. Markmið starfsins eru m.a. að safna, varðveita, skrá og veita aðgang að einkaskjalasöfnum, munnlegum heimildum og handritum. Sérfræðingur veitir gestum sérfræðiráðgjöf, vinnur með sviðsstjóra að verkefnum Miðstöðvarinnar, skráir gögn skv. stöðlum og starfar skv. forvörslureglum safnsins að varðveislu gagna.

Helstu verkefni

- Sérfræðiráðgjöf og upplýsingaþjónusta
- Afgreiðsla á gögnum á lestrarsal, lán og umsýsla tækja til notenda
- Öflun, móttaka og skráning einkaskjalasafna og annarra gagna
- Umsjón með vef Miðstöðvar munnlegrar sögu og samfélagsmiðlum
- Kynningarstarf og fræðsla um söfnun og notkun munnlegra heimilda
- Þátttaka í öðrum verkefnum og samstarfi á varðveislusviði

Menntunar- og hæfnikröfur

- Háskólapróf í sagnfræði, íslensku, þjóðfræði, eða skyldum greinum, meistaragráða sem nýttist í starfi er kostur
- Þekking á meðferð, skráningu, flokkun og úrvinnslu einkaskjalasafna og munnlegra heimilda er kostur
- Góð skipulagshæfni, sjálfstæði og lipurð í samskiptum
- Mjög góð tölvukunnátta og tækniþekking
- Mjög góð íslenskukunnátta og hæfni í miðlun upplýsinga

Um er að ræða fullt starf. Umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Umsóknarrestur er til og með 1. maí 2016. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Við ráðningar er tekið mið af jafnréttisáætlun safnsins.

Sótt er um starfið rafrænt á vef Landsbókasafns, www.landsbokasafn.is, undir Bókasafnið > Laus störf.

Nánari upplýsingar veitir Örn Hrafnkelsson, sviðsstjóri varðveislusviðs og stafrænnar endurgerðar (orn@landsbokasafn.is).

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn | Þjóðarbókhliðunni | s. 525-5600 | www.landsbokasafn.is
Þekkingarveita í allra þágu

Við mönnum stöðuna

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífnum og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

www.capacent.is

Tækjamaður

Óskum eftir að ráða vanan tækjamann. Viðkomandi þarf að hafa réttindi og reynslu á gröfur og vörubíl með krana.

Upplýsingar veitir Gunnar í s. 892-0360



FJÖLBREYTT STÖRF fyrir rétta einstaklinga

Áslandsskóli

- Umsjónarkennari á yngsta stigi
- Umsjónarkennari á miðstigi
- Stærðfræðikennari á unglíngastigi

Erluás

- Sumarstörf á heimili fatlaðs fólks

Fjölskylduþjónusta

- Umsjón á tilsjónarheimili fyrir ungmenni

Hraunvallaskóli

- Deildarstjóri
- Tónmenntakennari (afleysing)
- Sérkennari
- Þroskaþjálfari
- Leikskólakennari
- Umsjónarkennari á yngsta stigi
- Umsjónarkennari á miðstigi

Leikskólinn Arnarberg

- Deildarstjóri

Leikskólinn Álfaberg

- Leikskólakennari

Leikskólinn Álfasteinn

- Deildarstjóri

Leikskólinn Bjarkalundur

- Aðstoðarleikskólastjóri

Leikskólinn Hlíðarberg

- Leikskólakennari

Leikskólinn Hvammur

- Deildarstjóri
- Leikskólakennari

Lækjarskóli

- Deildarstjóri sérkennslu
- Sérkennari
- Skólalíði
- Smíðakennari
- Stuðningsfulltrúi

Setbergsskóli

- Þroskaþjálfari í sérdeild

Svöluhraun

- Sumarstörf á heimili fatlaðs fólks

Öldutúnsskóli

- Sérkennari
- Stærðfræðikennari á unglíngastigi
- Umsjónarkennari á yngsta stigi
- Umsjónarkennari á miðstigi

Í samræmi við jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar og rafrænt umsóknarform á hafnarfjordur.is

ÞJÓNUSTUFULLTRÚÍ Í BÍLLEIGU Í REYKJAVÍK

Thrifty Car Rental, bílaleiga Brimborgar, leitar að röskum og jákvæðum starfsmanni í framtíðarstarf þjónustufulltrúa á starfsstöðvar í Reykjavík. Skemmtilegt og krefjandi starf í líflegu umhverfi.

Stutt lýsing á starfi:

- Afhending bíla til erlendra sem innlendra viðskiptavina og móttaka við leiguskil
- Upplýsingagjöf og sala þjónustu
- Skráning bókana
- Skutl viðskiptavina til og frá starfsstöð

Hæfniskröfur:

- Stúdentspróf og/eða reynsla af sambærilegu starfi
- Hæfni í tölvunotkun
- Gilt bílpróf og vera jafnvíg(ur) á beinskiptan og sjálfskiptan bíl
- Framúrskarandi þjónustulund
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta

Unnið er á vöktum 07:00-17:00 (2,2,3).

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar um starfið má finna á www.brimborg.is (laus störf).

Umsóknarfrestur er til 27. apríl 2016



Öruggur staður til að vera á



Verkfróður sérfræðingur...

Matís vill ráða metnaðarfullan og kraftmikinn sérfræðing til starfa hjá fyrirtækinu í Reykjavík

Starfssvið

Margþætt starf sem felst m.a. í að vinna að framgangi verkefna og rekstri smærri verkefna og verkþátta.

Helstu verkefni

- Greining og úrbætur innan virðisæðju matvæla, sér í lagi sjávarafurða
- Rannsóknir á sviði rekjanleika, upplýsingatækni og flutningsferla
- Háþögn sjálfbærrar auðlindanýtingar innan lífhagkerfis
- Greiningar á sviði samfélags-hagfræði (e. Socio-economics)
- Hönnun og þróun á vinnsluferlum matvæla
- Verkefni sem snúa að meðhöndlun og vinnslu matvæla
- Vinna með öðrum sérfræðingum Matís að skilgreiningu og rekstri rannsóknaverkefna

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun í verkfræði, tæknifræði eða skyldum greinum, framhaldsmenntun er kostur
- Frumkvæði, sjálfstæði og vandvirkni í vinnubrögðum
- Gott vald á íslensku og ensku, í mæltu máli og rituðu
- Reynsla sem nýtist í starfi
- Lipurð í mannlegum samskiptum og metnaður til að ná árangri í starfi
- Reynsla af verkefnastjórnun er kostur
- Þekking á sjávarútvegi er kostur

Umsóknarfrestur er til 28. apríl 2016

Matís er þekkingar- og vísindasamfélag sem byggir á sterkum rannsóknainniðum og samstarfi með það að markmiði að hámarka áhrif fjárfestingar í rannsóknum og nýsköpun

Um fullt starf er að ræða og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Í samræmi við jafnréttisstefnu Matís hvetjum við konur jafnt sem karla til að sækja um.

Umsækjendur eru beðnir um að senda inn umsókn á heimasíðu Matís www.matis.is/atvinna.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar veita Jónas R. Viðarsson, fagstjóri virðisæðju og sjálfbærni, í síma 422 5107 eða jonas@matís.is og Hróar Hugosson, mannauðsfulltrúi, í síma 422 5027 eða hroar.hugosson@matís.is.

Matís ohf.

Vínlandsleið 12
113 Reykjavík

s. 422 5000
www.matis.is

Quality Affairs Specialist

Quality Affairs tilheyrir International 3rd Party Quality sem er alþjóðlegt gæðasvið innan Actavis. Deildin sér um frígjöf á lyfjum sem framleidd eru af þriðja aðila fyrir Actavis. Einnig er deildin ábyrg fyrir gæðatengdum verkefnum er varða vörur losaðar af þriðja aðila fyrir Actavis. Quality Affairs Specialist ber ábyrgð á gæðatengdum verkefnum sem varða vörur framleiddar af þriðja aðila. Starfið felur í sér yfirferð á gögnum frá framleiðendum og krefst mikilla samskipta við þá.

Helstu verkefni:

- Yfirferð og samþykkt á lotuskrám og skýrslum
- Yfirferð og samþykkt á forskriftum
- Skýrslugerð, svo sem samantekt á gæðum lyfja (Product Quality Reviews)
- Meðhöndlun breytingarbeiðna og frávika

Við leitum að einstaklingi

- með grunnmenntun á háskólastigi á sviði raunvísinda
- með reynslu af GMP vinnu
- með góða ensku- og tölvukunnáttu
- sem er nákvæmur og agaður í vinnubrögðum
- sem er fljótur að tileinka sér nýja þekkingu
- með góða samskiptahæfni og skipulagshæfileika

Umsóknir óskast fylltar út á www.actavis.is, undir Störf í boði. Umsóknarfrestur er til og með 24. apríl nk.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ragnheiður Dögg Ísaksdóttir, risaksdottir@actavis.com.

Actavis
www.actavis.is



Bókari

Hefur þú gaman af því að láta tölur stemma og ganga upp? Þá gæti starf bókara hjá Vodafone verið gullíð tækifæri fyrir þig. Við leitum að liðsmanni sem hefur góða reynslu af bókhaldsstörfum, þekkir Navision vel og vill vera hluti af frábærri liðsheild. Verkefni eru mjög fjölbreytt og snúa að öllu sem tengist bóhaldi, t.d. VSK uppgjörum, bókunum og afstemmingum. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem allra fyrst.

Allar nánari upplýsingar um starf og hæfniskröfur er að finna á radningar.vodafone.is
Umsóknarfrestur er til og með 24. apríl 2016

Vodafone
Við tengjum þig

Seltjarnarnesbær Grunnskóli Seltjarnarness

Grunnskóli Seltjarnarness óskar eftir starfsfólki í eftirtalin störf frá hausti 2016:

- Aðstoðarskólastjóri
- Deildarstjóri sérkennslu
- Náms- og starfsráðgjafi
- Íþróttakennarar
- Raungreinakennarar
- Starfsfólk vantar í Skólaskjól / frístund, lengda viðveru fyrir nemendur í 1.-4.bekk, og stuðningsfulltrúa vantar í hlutastörf við skólann

Nánari upplýsingar um öll störfín og skil umsókna má finna á Ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar www.seltjarnarnes.is – Störf í boði

Umsóknarfrestur er til 30. apríl næstkomandi.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um störf. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélaga.



seltjarnarnes.is

SELTJARNARNESBÆR



Rafmiðlun

VIÐGERÐAMAÐUR ÓSKAST

Rafmiðlun óskar eftir viðgerðamanni til starfa við viðhald og uppsetningu á iðnaðartækjum í eldhús og þvottahús ásamt tilfallandi viðgerðum á heimilistækjum. Óskum eftir jákvæðum og þjónustuliprum einstaklingi sem er tilbúinn að takast á við skemmtileg og krefjandi verkefni. Kunnátta á kælikerfi og stýribúnað er kostur.

Umsóknir og ferilskrá sendist á: kolbeinn@rafmidlun.is
Einnig er hægt að fylla út starfsumsókn á heimasíðu Rafmiðlunar: www.rafmidlun.is
Ögurtvarf 8, 203 Kópavogur - Sími 540 3500 - Netfang rafmidlun@rafmidlun.is

Rafmiðlun er stærsta rafverktakafyrirtæki landsins stofnað 1996. Hjá fyrirtækinu starfa um 120 manns. Fyrirtækið biður upp á lífligan vinnustað með fjölbreyttum verkefnum og óflugu starfsmannafélagi.

Rafmiðlun þjónustar fyrirtæki og stofnanir og má þar nefna: 365, Bónus, Elkem, Hagkaup, Ikea, Isavia, Málningu, Milu, MS, Norðurál, Orkuveitu Reykjavíkur, Orka nátturunnar, Radison SAS, Reiti, Rio Tinto Alcan, Rúmfatalagerinn, Símann, Strætó, Útílif og fleiri.



Komdu í kaffi

Við leitum að sölumanni á fyrirtækjasvið sem hefur brennandi áhuga á kaffi, kaffimenuingu og sölu. Starfið felur í sér þjónustu við hótél, veitingastaði, kaffihús og fyrirtæki ásamt miðlun þekkingar til starfsmanna viðskiptavina.

Um er að ræða frábært tækifæri til að hafa áhrif á áframhaldandi uppbyggingu á kaffimenuingu á Íslandi.

Hlutverk og ábyrgð

- Tilboðsgerð og öflun nýrra viðskiptavina
- Viðhalda núverandi viðskipta-samböndum
- Þjálfun og fræðsla
- Samningagerð og eftirfylgni
- Uppsetning á kaffivélum

Hæfniskröfur


- Reynsla af sölumennsku æskileg
- Þekking á kaffimarkaði
- Matreiðslumaður, kaffibarþjónn eða önnur sambærileg menntun og reynsla er kostur
- Framúrskarandi þjónustulund, áreiðanleiki, skipulag og jákvæðni
- Uppsetning á kaffivélum

Umsóknarfrestur er til og með 24. apríl 2016.

Vinsamlegast sendið ferilskrá ásamt kynningarbréfi á danol@danol.is.

danól

Danól er ný heildverslun sem byggð er á gömlum grunni. Danól flytur inn og selur kaffi frá Merrild og Lavazza ásamt vörum frá Nestlé. Rík áhersla verður lögð á að bjóða fyrsta flokks vörur og þjónustu til viðskiptavina og neytenda. Skrifstofur Danól verða til húsa að Tunguhálsi 19.



Nortek

ÖRYGGISTÆKNI

Nortek ehf var stofnað á Akureyri árið 1996 og árið 1998 var opnuð önnur skrifstofa í Reykjavík. Árið 2009 var síðan Nortek stofnað í Noregi. Nortek hefur allt frá byrjun verið leiðandi fyrirtæki á sviði öryggis og tæknimála. Á Íslandi starfa 30 vel menntaðir og sérþjálfaðir starfsmenn sem kappkosta að veita góða og skjóta þjónustu. Nortek hefur lagt sig fram um að selja einungis hágæða vörur frá viðurkenndum aðilum.

NORTEK LEGGUR ÁHERSLU Á:

- Góða framkomu, stundvísi og frumkvæði í starfi
- Hreint sakavottorð
- Getu til að vinna sjálfstætt og skipulega undir álagi
- Gott vald á íslensku

Á starfsstöð okkar í Reykjavík er laus til umsóknar staða tæknimanns.

TÆKNIMENN:

Við leitum að rafiðnfræðingi, rafvirkja eða rafeindavirkja. Starfið fellst í forritun, uppsetningu og þjónustu á öryggis- og tæknilausnum sem Nortek þjónustar.

Tekið verður við umsóknum á netfangið nortek@nortek.is.

Nánari upplýsingar veitir Björgvin í síma 455 2000 á skrifstofutíma.

Umsóknarfrestur er til og með 2. maí 2016.

sími: **455 2000**

Nortek ehf · Eirhöfði 13 & 18 · 110 Reykjavík
Hjalteyrargata 6 · 600 Akureyri · nortek.is · nortek@nortek.is

EIGNAVANGUR

TRAUST FASTEIGNASALA

FASTEIGNASALAR ÓSKAST TIL STARFA

Eignavangur fasteignasala óskar eftir að ráða löggilta fasteignasala og/eða vana sölumenn til starfa.

Góð árangurstengd laun í boði, snyrtileg vinnuástaða og sveigjanlegur vinnutími.

Áhugasamir eru vinsamlega beðnir um að senda umsóknir eða fyrirspurnir á snorri@eignavangur.is.

Eignavangur ehf | Síðumúli 27 | 108 Reykjavík | S: 414 4040 | www.eignavangur.is

Fjörugt starf í miðbæ Reykjavíkur!

Café Babalú á Skólavörðustíg leitar að starfsfólki til þjónustustarfa í hlutastarfi.

Viðkomandi þarf að vera skipulagður, stundvís og eiga gott með að vinna undir álagi.

Þjónustulund, bros og enskukunnátta er kostur.

Sumarstarf í boði fyrir þá sem geta unnið fram í september og á álagstímum eins og Menningarnótt og Hinsegin dögum.

Umsóknir sendist á cafebabalu@hotmail.com



VERKEFNASTJÓRI MEÐ ÁHUGA Á FLUGVÉLUM

Icelandair leitar að verkefnastjóra hjá tækniþjónustu félagsins (ITS) með starfsstöð í Hafnarfirði. Í starfinu felst utanumhald á innleiðingu flugvéla og nýs búnaðar, auk annarrar almennrar verkefnastjórnunar í tengslum við þjónustu við viðskiptavini.

STARFSSVIÐ:

- Stýring verkefna sem snúa að móttöku, viðhaldi og afhendingu á flugvélum
- Umsjón með tækniþjónustu við viðskiptavini
- Stýring á innleiðingu nýs tækni- og hugbúnaðar
- Stýring á eða þátttaka í umbótaverkefnum
- Önnur tilfallandi verkefni

HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólamenntun á sviði tækni eða viðskipta
- Menntun eða reynsla af verkefnastjórnun
- Reynsla af starfi sem snýr að tækniþjónustu flugvéla er kostur
- Góð enskukunnátta og samskiptafærni
- Reynsla af samningagerð er kostur

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veita:

Bjarki Jónas Magnússon | bjarkijm@its.is
Steinunn Una Sigurðardóttir | unasig@icelandair.is

+ Umsóknir, ásamt ferilskrá, óskast fylltar út á vef félagsins www.icelandair.is/umsokn eigi síðar en 26. apríl 2016.



Verkstæði Toyota Kaupúni

Vegna aukinna umsvifa leitum við að metnaðarfullum starfsmönnum á eitt stærsta og fullkomnasta bifreiðaverkstæði landsins.

Bifvélavirki

Starfssvið

- Almennar bílaviðgerðir

Hæfniskröfur

- Próf í bifvélavirkjun
- Starfsreynsla æskileg
- Góð þekking á bílum
- Vandvirkni og stundvísi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Rík þjónustulund og frumkvæði í starfi

Vinnutími er mán-fim 08:00-17:00 og fös 08:00-15:30.

Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá fyrir 25. apríl á netfangið atvinna@toyota.is, merkt: viðkomandi starfi. Nánari upplýsingar veitir Fanný Bjarnadóttir á netfangið fanny@toyota.is

Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Sími: 570 5070
www.toyotakaupuni.is

Ásetning aukahluta og smærri viðgerðir

Starfssvið

- Ásetning aukahluta
- Smærri tilfallandi viðgerðir

Hæfniskröfur

- Góð þekking á bílum
- Vandvirkni og stundvísi
- Sjálfstæði í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Vinnutími er mán-fim 08:00-17:00 og fös 08:00-15:30.

STARF Í FJÁRMÁLAEILD TÆKNIPJÓNUSTU



ÍSLENSKA SJÁLIS ITS 79432 04/16

Icelandair leitar að liðsmanni í fjármáladeild hjá tækniþjónustu félagsins. Starfsstöð er á Keflavíkurlflugvelli og/eða í Hafnarfirði. Starfið felur í sér yfirferð á skráningum, greiningu á kostnaðarfærslum og ýmis verkefni sem tengjast reikningagerð og fjárhagsuppgjörum.

STARFSSVIÐ:

- Fylgjast með réttri skráningu innkaupa og kostnaðar
- Samantekt á kostnaði verkefna og reikningagerð
- Aðstoð við mánaðarleg rekstraruppgjör
- Aðstoð við bókun á fjárhagsfærslum
- Þátttaka í umbótaverkefnum

HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólapróf á sviði viðskipta eða sambærileg reynsla eða kunnátta
- Áhugi á og færni í meðhöndlun tölulegra upplýsinga
- Mjög góð þekking á Microsoft Excel og/eða öðrum greiningarhugbúnaði
- Sjálfstæð vinnubrögð og vandvirkni
- Heiðarleiki og góð samskiptafærni

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veita:

Viktor J. Vigfússon | viktorv@its.is

Steinunn Una Sigurðardóttir | unasig@icelandair.is

+ Umsóknir, ásamt ferilskrá, óskast fylltar út á vef félagsins www.icelandair.is/umsokn eigi síðar en 26. apríl 2016.

ICELANDAIR



HSN Heilbrigðisstofnun
Norðurlands

Heilbrigðisstofnun Norðurlands (HSN) auglýsir eftir lækni í afleysingar í eitt ár á heilsugæslustöðinni á Dalvík.

